







UMF
SELFOSS
1936

# Ársskýrsla

## Ungmennafélags Selfoss
## starfsárið 2012

prentmet Suðurlands HRAÐÞJÓNUSTA

Íslandsbanki

Sveitarfélagið ÁRBORG

# Ársskýrsla

## Ungmennafélags Selfoss starfsárið 2012

Skýrsla stjórnar ........................................................ 4

*Skýrslur deilda:*
Fimleikadeild .......................................................... 7
Frjálsíþróttadeild .................................................... 12
Handknattleiksdeild ............................................... 17
Júdódeild ............................................................... 21
Knattspyrnudeild .................................................... 24
Mótokrossdeild ...................................................... 30
Sunddeild ............................................................... 32
Taekwondodeild ..................................................... 34
Íþróttavallarnefnd .................................................. 35
Jólasveina- og þrettándanefnd ............................... 36
Íþrótta- og útivistarklúbburinn ............................... 36

*Reikningar félags og deilda 2012:*
Framkvæmdastjórn ................................................. 39
Samstæðureikningur Umf. Selfoss .......................... 42
Rekstur íþróttavallarsvæðis .................................... 45
Fimleikadeild .......................................................... 47
Fimleikaakademía ................................................... 48
Frjálsíþróttadeild .................................................... 49
Handknattleiksdeild ................................................ 50
Unglingaráð handknattleiksdeildar ......................... 51
Handboltaakademía ............................................... 52
Júdódeild ............................................................... 53
Knattspyrnudeild .................................................... 54
Unglingaráð knattspyrnudeildar ............................. 56
Mótokrossdeild ...................................................... 57
Sunddeild ............................................................... 58
Taekwondodeild ..................................................... 59
Kraftlyftinganefnd .................................................. 60
Minjaverndarsjóður knattspyrnudeildar ................. 61

Lög Ungmennafélags Selfoss .................................. 62
Viðurkenningar á aðalfundi 18. apríl 2013 .............. 64
Björns Blöndal bikarinn .......................................... 64
UMFÍ bikarinn - deild ársins ................................... 64
Hafsteins bikarinn ................................................... 64
Heiðursfélagar, gull- og silfurmerkjahafar ............. 65
Formenn Umf. Selfoss frá upphafi ......................... 65
Íþróttamenn Umf. Selfoss frá upphafi .................... 65
Fundargerð aðalfundar Umf. Selfoss 2012 ............ 66



## *Skýrsla stjórnar 2012-2013*

### Deildir félagsins

Allar deildir félagsins og félagið sjálft náðu þeim áfanga á árinu að hljóta viðurkenningu sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Sveitarfélagið Árborg greiðir kr. 500 þúsund til deilda og félags þegar þessum áfanga er náð og nýtast þeir fjármunir deildum vel.

Á starfsárinu 2012-2013 störfuðu átta deildir innan Ungmennafélags Selfoss; fimleikadeild, frjálsíþróttadeild, handknattleiksdeild, júdódeild, knattspyrnudeild, mótokrossdeild, sunddeild og taekwondodeild. Unglingaráð er starfandi inn tveggja deilda þ.e. handknattleiksdeildar og knattspyrnudeildar, báðar reknar fjárhagslega sjálfstæðar. Nefndir innan félagsins eru íþróttavallanefnd og jólasveina- og þrettándanefnd, auk kraftlyftinganefndar sem var ekki virk nefnd á starfsárinu. Í samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurlands reka handknattleiksdeild og fimleikadeild akademíur við skólann sem sjálfstæðar rekstrareiningar. Félagið á einnig í góðu samstarfi við Knattspyrnuakademíu Íslands á Suðurlandi.

### Störf deilda og sjálfboðaliða

Öflugasta starfsemin í félaginu á sér stað úti í deildunum sjálfum. Þar skipta góðar stjórnir deilda og foreldraráð höfuðmáli í öllu utanumhaldi og kraftmiklar og duglegar stjórnir ná oft ótrúlegum árangri í að hrinda í framkvæmd ýmsu viðburðum og í að virkja með sér til þáttöku sjálfboðaliðana sem bera upp hitann og þungann í starfi félagsins. Ungmennafélag Selfoss hefur verið lánsamt að þessu leiti og er þessi mannauður helstu verðmæti þess. Öllum stjórnum, nefndum og ráðum eru færðar þakkir fyrir störf sín á starfsárinu sem og þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem starfa innan okkar raða og eru boðin og búin til hjálpar hvenær sem er.

## Aðbúnaður

**Selfossvöllur**

Uppbyggingin sem hefur átt sér stað á Selfossvelli er til fyrirmyndar og er ekkert annað en bylting í starfi þeirra deilda sem nýta aðstöðuna sem þar er, þ.e. knattspyrnudeild, frjálsíþróttadeild og íþrótta- og tómstundaskólinn. Eins og undarfarin ár hefur félagið gert samning við knattspyrnudeild um að sjá um daglegan rekstur svæðisins. Sveinbjörn Másson vallarstjóri er okkar maður á vellinum, alltaf til staðar og alltaf boðinn og búinn til að halda hlutum gangandi og til að leysa úr málum sem upp koma. Íþróttavallarnefnd er starfandi frá vori fram á haust og er vettvangur til þess að fara yfir málefni sem varða völlinn. Nýji frjálsíþróttavöllurinn er einn af bestu völlum landsins og grasvöllur knattspyrnudeildar er það líka. Aðstaða fyrir áhorfendur í stúku við fótboltavöll og í brekkum víða um svæðið eru mikil bót, skapa skemmtilega stemningu og steyptir stígar, beð og trjágróður gera svæðið allt snyrtilegt. Við erum stolt af því að hafa svona glæsilegan völl til umráða og hlökkum til að fá til afnota þá áfanga sem verða unnir áfram í þessu ári.

**Önnur aðstaða**

Aðstaða annarra deilda er að stærstum hluta góð þótt alltaf sé hægt að gera betur. Júdódeild hefur góða aðstöðu í Sandvíkurskóla og Taekwondodeild sömuleiðis í Sunnulækjarskóla, þótt það sé ekki framtíðaraðstaða. Fimleikadeild er með góða aðstöðu í Sunnulækjarskóla sem er þó þeim annmörkum háð að salurinn er ekki nógu langur fyrir sumar atrennur sem þau þurfa í sinni þjálfun og eru hugmyndir uppi á borðum hvernig megi leysa það. Töluverð vinna er fyrir deildina að flytja áhöld og dýnur á milli svæða fyrir sýningar og keppnir. Sunddeild býr við þröngan kost í Sundhöll Selfoss, fær 2-3 brautir til æfinga fyrir sitt fólk á æfingartíma og hefur að öðru leiti enga aðstöðu hvorki í




búningsklefum né annars staðar fyrir þjálfara eða iðkendur. Nú þegar framkvæmdir við sundlaugina eru í sjónmáli hjá Sveitafélaginu Árborg er tækifæri til að koma óskum deildarinnar á framfæri og styður félagið á bak við deildina í þeim efnum. Handknattleiksdeild hefur íþróttahúsið í Vallaskóla til umráða og er húsnæðið fullnýtt og þörf á viðbótaraðstöðu. Skipt var um gólfefni í salnum fyrir unglingalandsmót og er mikil bót af því, eitthvað sem deildin var búin að berjast fyrir lengi. Mótokrossdeild hefur lyft grettistaki á sínu svæði sem er við Hrísmýri á Selfossi. Brautin var lengd á árinu, stökkpallar gerðir, vökvunarkerfi sett upp og er brautin orðin ein flottast og tæknilegast braut landsins. Lega nýs Þjóðvegar 1 liggur beint yfir svæði mótokrossdeildar og mun deildin því þurfa að flytja aðstöðu sína í náinni framtíð.

## Stefnumótun Umf. Selfoss

Fyrirtækið AssA, þekking og þjálfun sá um stefnumótun fyrir félagið á starfsárinu. Ingbjörg Valgeirsdóttir, framkvæmdastjóri, skipulagði þá liði sem hún taldi helst þurfa að vinna úr fyrir félagið. Farið var í stefnumótun um fjóra þætti; hlutverk skrifstofu UMFS, samstarf deild félagsins , gildi fyrir félagið allt og samstarf þjálfara deilda. Skýrslur eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins og er þær til þess fallnar að nýta í mótun á því starfi sem framundan er. Margar góðar hugmyndir komu frá þáttakendum og verða sumar hugmyndir að veruleika á styttri tíma á meðan aðrar þarfnast lengri undirbúnings.

## Mótahald

**Unglingalandsmót 2012**

Stærsti viðburður ársins var án efa Unglingalandsmót sem var haldið um Verslunarmannahelgi á síðasta ári, með tæplega tvö þúsund þáttakendum og fímmtán þúsund gestum. Öll umgjörð og skipulag var til fyrirmyndar og gekk mótið eins og í sögu. Að vera með var það sem skipti máli hjá krökkunum og samvera fjölskyldunnar. Mikil veðurblíða var alla daga og skapaði það líflegt og skemmtilegt andrúmsloft. Gestir höfðu verið hvattir til að taka með sér hjól og gerðu það margir, þannig að skemmtileg hjólamenning myndaðist í bænum. Veitingasala á mótinu var alfarið í höndum Ungmennafélag Selfoss og var skipulag þess í góðum höndum Helga H. Haraldssonar sem fær þakkir fyrir vel unnin störf. Fjöldi vinnustunda í veitingasölu voru 855,5 klst. Og hefur verið greitt til deilda eftir vinnuframlagi . Fjöldi sjálfboðaliða kom að mótinu sjálfu í gegnum HSK og að veitingasölunni og fá þeir þakkir fyrir sín störf.

**Aðrir viðburðir**

Allar deildir halda viðburði bæði stóra og smáa svo sem íþróttakeppnir, minningarmót, fjáraflanir, sýningar og fleira. Sum mót eru árlegir viðburðir sem hafa vaxið og dafnað með árunum og eru farnir að vera hluti af stærri heild eins og Olísmót knattspyrnudeildar sem er haldið sömu helgi og Sumar á Selfossi. Tveir viðburðir sem fléttast orðið saman og styðja hvorn annan. Brúarhlaup frjálsíþróttadeildar er sótt af hlaupafólki og hjólreiðafólki alls staðar af landinu. Fjáröflun deildarinnar með 17. júní kaffinu í F.Su. er fastur liður í hátíðarhöldum heimamanna. Jólasýning fimleikadeildar, sem allir iðkendur deildarinnar fá að koma fram í, er sett upp á ævintýralegan hátt með búningum og glæsilegri umgjörð og er búin að sprengja af sér sýningarhúsnæðið. Ragnarsmót handknattleiksdeildar hefur verið haldið í rúm 20 ár í minningu Ragnars Hjálmtýssonar, líkt og Þórðarmót Sunddeildar í minningu Þórðar Gunnarssonar. Júdódeild og Taekwondodeild hýstu báðar jólamót HSK í desember og mótokrossmenn héldu fjórðu mótaröð Íslandsmótsins í mótokrossi hjá sér um mitt sumar svo eitthvað sé talið.

# Skýrsla stjórnar



**Landsmót 2013**
Framundan er 27. Landsmót UMFÍ á Selfossi dagana 4.-7. júlí. Undirbúningur er í fullum gangi og er undirbúningsnefnd skipuð sömu aðilum og á Unglingalandsmóti. Búist er við um 1.500 keppendum á mótinu auk gesta. Mótið er haldið af HSK, veitingasala verður í höndum Ungmennafélags Selfoss og liggur þar gott tækifæri til fjáröflunar hjá deildum með þáttöku bæði í veitingasölunni og á mótinu sjálfu.

## Árangursríkt íþróttastarf
Mikill metnaður er innan deilda félagsins sem skilar sér í frábærum árangri íþróttafólks á flestum sviðum. Þar ber trúlega hæst Evrópumeistaratitill í hópfimleikum, þáttaka bæði handbolta-, fótbolta- og frjálsíþróttaiðkenda í landsliðsverkefnum og keppnum bæði hér heima og erlendis, margir Íslandsmeistaratitlar víða í höfn og bæði júdódeild og taekwondodeild eru með iðkendur á sínum vegum sem hafa verið valin efnilegustu íþróttamenn landsins í sínum greinum. Við erum stolt af íþróttafólkinu okkar.

## Viðurkenningar
Íþróttafólk úr röðum Ungmennafélags Selfoss hlaut viðurkenningar á uppskeruhátíð ÍTÁ, þar sem Jón Daði Böðvarsson, knattspyrnumaður og Fjóla Signý Hannesdóttir, frjálsíþróttakona voru valin íþróttakarl og kona Sveitafélagsins Árborgar 2012 og Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir, fimleika- og handknattleikskona var valin íþróttamaður HSK 2012.

## Íþróttamenn Umf. Selfoss 2012
Íþróttakarl Umf. Selfoss 2012 er knattspyrnumaðurinn Jón Daði Böðvarsson. Íþróttakona Umf. Selfoss 2012 er fimleikakonan Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir.

## Íþrótta- og útivistarklúbburinn
Er rekinn á hverju sumri í samstarfi við Sveitafélagið Árborg. Á síðast sumri veitti Már Ingólfum Másson og Leifur Viðarsson klúbbnum forstöðu og var boðið upp á fjögur námskeið yfir sumarið. Með þeim unnu fjöldi unglinga sem stóðu sig virkilega vel í starfi. Markmiðið er fjölbreytileiki og skemmtileg hreyfing með mikilli útiveru og íþróttum fyrir börn á aldrinum 5-10 ára.

## Annað
Ungmennafélagið vígði nýja heimasíðu á síðasta ári eftir að hafa tekið upp samstarf við fyrirtækið Endor um þjónustu á henni. Nýtt skráningarkerfi Nóra, var tekið í notkun en hefur ekki reynst eins vel og vonir stóðu til og þarfnast nánari skoðunar. Aðstaða félagsins í Tíbrá er fyrir löngu búin að sprengja af sér þá starfsemi sem þar fer fram og er hugmyndarvinna að fara í gang varðandi framhaldið og hvað hægt er að gera.

*F.h. framkvæmdarstjórnar Umf. Selfoss*
*Kristín Bára Gunnarsdóttir formaður*



*Skýrsla stjórnar starfsárið 2012*

Aðalfundur ársins 2012 var haldinn í tvennu lagi þar sem ekki tókst að finna nýjan formann fyrir fyrri fundinn sem haldinn var 22. mars 2012. Því var boðað til framhaldsaðalfundar 16.apríl. Á þeim fundi var stjórn fullskipuð. Kristjana Hallgrímsdóttir var kjörin formaður en aðrir í stjórn eru Ingunn Guðjónsdóttir, Óskar Andreasen, Sigríður Erlingsdóttir , Sigurveig Sigurðardóttir, Sævar Gunnarsson og Þóra Þórarinsdóttir. Fráfarandi formaður, Birgir Ásgeir Kristjánsson og Silja Sigríður Þorsteinsdóttir, gjaldkeri, gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Á fyrsta stjórnarfundi skipti stjórnin með sér verkum og var Sævar Gunnarsson skipaður varaformaður, Sigríður Erlingsdóttir, gjaldkeri og Ingunn Guðjónsdóttir ritari.

Í lok desember 2012 baðst Kristjana Hallgrímsdóttir undan formennsku af persónulegum ástæðum og var ákveðið að Þóra Þórarinsdóttir myndi taka við formennsku en Kristjana áfram sinna ákveðnum verkefnum sem formaður er vanur að sinna s.s. ýmsum fundum.

## Helstu verkefni stjórnar

Stjórnin fundaði að jafnaði tvisvar í mánuði í Tíbrá, félagsheimili Ungmennafélags Selfoss. Yfirþjálfari deildarinnar, Olga Bjarnadóttir, sat stjórnarfundi þegar fjallað var um málefni sem tengjast hennar störfum.

Meginþungi starfa stjórnarinnar hefur beinst að fjárhag deildarinnar og innra skipulagi. Fjármál deildarinnar höfðu verið erfið um einhvern tíma og lagði ný stjórn allt kapp á að snúa því dæmi við.

Einnig var mikil vinna lögð í skipulagsmál fyrir deildina, samningar endurskoðaðir sem og skipurit og áhersla lögð á að einfalda yfirsýn yfir alla þætti starfseminnar.

Fulltrúar stjórnar sóttu fundi Fimleikasambands Íslands, ársþing HSK og aðalfund Umf Selfoss. Kristjana Hallgrímsdóttir sótti fundi aðalstjórnar Umf. Selfoss og var fulltrúi deildarinnar á fundum sem tengjast skipulagsmálum Umf Selfoss.

## Fjármál deildarinnar

Ákveðið var að hækka æfingagjöld um 5% strax haustið 2012 en þau höfðu ekkert hækkað í nokkur ár þar á undan. Þá var ákveðið að hækka ekki laun til þjálfara á meðan staða deildarinnar væri þetta erfið. Reynt var að koma til móts við þjálfara með því að hækka laun þeirra skv. kjarasamningum 1. febrúar 2013 og nú á vormánuðum verður ný launatafla tekin í notkun. Stjórn þakkar þjálfurum þann skilning sem þeir hafa sýnt deildinni á þessu tímabili.

Fimleikadeildin ákvað strax á liðnu hausti að taka skráningakerfi Nora í notkun og þrátt fyrir ýmsa byrjunarörðugleika við að byrja að nota það, hefur það sýnt sig koma að góðum notum og mun án efa gagnast vel til framtíðar. Olga Bjarnadóttir á miklar þakkir skildar fyrir mikinn dugnað við að setja sig inn í kerfið og koma öllum skráningum í rétt horf, en það var ekki svo lítil vinna.

Með auknum umsvifum hefur þjálfurum fjölgað og launaútreikningar þar með orðið tímafrekari. Var því ákveðið að kaupa stimpilklukku til að auðvelda yfirsýn og flýta fyrir útreikningum og um leið greiðslum til þjálfara. Klukkan var sett upp um áramót og hefur reynst vel.

Mikil vinna var lögð í að yfirfara innheimtur deildarinnar og gengið var hart eftir að þeir sem væru í vanskilum gerðu full skil. Þá var gerð gangskör í að greiða allar útistandandi skuldir og koma reikningum í gott horf. Einnig var lagst yfir alla útgjaldaliði deildarinnar og kappkostað að sýna aðhald á öllum sviðum. Loks má nefna að stjórn deildarinnar, foreldrar og velunnarar lögðu á sig þó nokkra vinnu þar sem þeir létu afraksturinn renna beint til deildarinnar. Ekki er á neinn hallað þó að sérstaklega sé getið framlag Þóris Haraldssonar en hann lét laun þau sem hann fékk fyrir vinnu á Unglingalandsmóti renna til Fimleikadeildarinnar og kann deildin honum bestu þakkir fyrir. Einnig viljum við þakka Ragnheiði Thorlacius fyrir öll hennar störf í þágu deildarinnar, hún hefur brugðist einstaklega vel við öllum málaleitunum deildarinnar og fyrirspurnum sem hvorki hafa verið fáar eða smáar.

Þá hefur stjórn unnið að breytingum á fjáröflunarreikningum á kennitölur einstakra iðkenda með það í huga



að auðveldara yfirsýn þegar að iðkendur færast á milli hópa. Þetta var mikið verk og tímafrekt en breytir miklu til að hafa heildaryfirlit yfir stöðu fjármála.

Ákveðið var að breyta nokkuð áherslum í fjáröflunum deildarinnar. Deildin hefur til nokkurra ára séð um álfasölu SÁÁ og sölu á friðarkertum Hjálparstofnunar kirkjunnar fyrir jól. Þessi fjáröflun krefst mikils skipulags og mikillar vinnu en afraksturinn hefur verið dræmur. Því var ákveðið að hætta þessari sölu.

Lögð hefur verið áhersla á að bjóða iðkendur deildarinnar fram til vörutalninga hjá fyrirtækjum og hefur sú fjáröflun gengið einkar vel og hefur fyrirtækjum sem óska eftir starfskröftum Fimleikadeildarinnar fjölgað. Iðkendur safna þá yfirleitt inn á eigin kennitölu en margir aðstandendur og velunnarar deildarinnar láta sín laun renna beint til deildarinnar.

Erfitt hefur reynst að afla styrkja fyrir deildina en það glaðnaði vissulega þegar deildin átti 12 landsliðsmenn á liðnu ári og kom heim með þrjá Evrópumeistara í haust. Íslandsbanki kom þá að eigin frumkvæði með 500.000 kr. til deildarinnar og Set styrkti deildina um 300.000. Færum við þeim bestu þakkir fyrir höfðingleg framlög. Þá er rétt að geta þess að fyrirtæki í sveitarfélaginu tóku vel á móti Evrópumeistaramótsförum deildarinnar þegar þeir í haust gáfu út auglýsingablað til fjáröflunar fyrir ferð sinni.

Einstaka hópar deildarinnar hafa verið duglegir við að afla sér fjár með t.d. grænmetissölu, rabbabaratínslu, kökubasörum, pappírssölu og fleiru og er það vel. Fé sem þeir afla nýtist í ferðasjóð þeirra hvort sem er til keppni eða í æfingaferðir.

Loks skal telja lakkríssölu sem Guðrún Tryggvadóttir hefur haft umsjón með. Iðkendur hafa hverjir um sig selt lakkrís í nafni deildarinnar og hefur það gengið vel. Afrakstur sölunnar er alfarið notaður til að kaupa áhöld og bæta tækjabúnað deildarinnar. Kann stjórnin Guðrúnu þakkir fyrir hennar framlag.

Fimleikadeildin gaf árið 2011 út blað í tengslum við jólasýningu deildarinnar og gaf það ágætar tekjur. Þar sem stuttur tími leið frá söfnun Evrópumótsfaranna haustið 2012 til jóla var ákveðið að fresta útgáfu blaðs til vors, en nú í maí verður Vormót Fimleikasambands Íslands haldið á Selfossi og verður blað deildarinnar gefið út í tengslum við mótið. Nú er verið að vinna efni og safna auglýsingum fyrir blaðið og hefur stjórn trú á að það verði veglegt enda einstakt tækifæri fyrir fyrirtæki og þjónustuaðila að ná til fjölda gesta sem koma á mótið.

## Húsnæðismál

Fimleikadeildin hefur aðsetur í Baulu, íþróttahúsi Sunnulækjarskóla. Öllum er ljóst að aðstaðan sem fimleikadeildin fékk þar hefur gjörbreytt aðbúnaði deildarinnar og átt stóran þátt í þeim árangri sem deildin er að ná. Iðkendum deildarinnar hefur fjölgað og þegar er farið að þrengja mjög að deildinni. Undanfarin þrjú ár hefur deildin því ekki getað tekið við öllum þeim sem áhuga hafa á að stunda fimleika. Rými sem innréttað var á efri hæð hússins hefur ekki nýst fimleikum eins og vonir stóðu til, þar sem taekwandodeild Umf Selfoss sem bjó við alvarlegan húsnæðisskort, fékk þar inni.

Í vetur fór að bera á alvarlegum leka á nokkrum stöðum á þaki Baulu og var stjórn dugleg að ýta við að það yrði lagað enda ljóst að bæði tæki og innréttingar lágu undir skemmdum vegna vatnsflaumsins. Nú á vormánuðum lauk viðgerðum á þakinu og hefur ekki borið á leka eftir þær.

Salurinn í Baulu er í minnsta lagi til að hýsa fimleika og hefur deildin meðal annars búið við það að iðkendur geta ekki hlaupið fulla atrenu að trampolíni. Í haust vaknaði sú hugmynd hvort skera mætti gat í vegg fram á gang og lengja þannig atrenu iðkenda. Stjórn hefur ýtt mjög á að þetta verði framkvæmt enda alls ekki hægt að bjóða Evrópumeisturum og meistaraflokki upp á að æfa við þessar aðstæður. Skemmst er frá að segja að framkvæmdin er komin á dagskrá og verður ráðist í gerð gatsins nú í vor.

Stjórn hefur í ljósi þessa ákveðið að ganga til viðræðna við sveitarfélagið Árborg um að hugað verði að byggingu íþróttahúss þar sem þarfir fimleika verði sett í öndvegi. Í Baulu er ekki rými fyrir áhorfendur og því eru mót deildarinnar haldin í öðrum íþróttahúsum sveitarfélagsins, þá þarf fyrir hvert mót að standa í miklum flutningi á dýnum og öðrum viðkvæmum búnaði sem þá verður fyrir tilheyrandi hnjaski. Allir gera sér ljóst að hús er ekki reist með skömmum fyrirvara og því þarf að fara að undirbúa



jarðveginn. Sveitarfélagið hefur staðið sig afbragðsvel í að sinna aðstöðumálum afreksíþrótta og ljóst að fimleikadeildin er næst á dagskrá hvað uppbyggingu varðar.

## Iðkendur og æfingar

Iðkendum fimleika hefur fjölgað mjög undanfarin ár og í dag æfa rétt um 500 iðkendur hjá deildinni. Meginfjöldinn leggur stund á hópfimleika en einnig rekur deildin íþróttaskóla fyrir börn á leikskólaaldri, sinnir fullorðinsfimleikum og býður upp á æfingar í parkour sem njóta vaxandi vinsælda.

Fimleikadeildin er einkar stolt af meistaraflokki sínum, enda eru þar íþróttamenn sem leggja mikið á sig til að sinna íþróttinni og eru deildinni til sóma í hvívetna. Nokkrir iðkendur meistaraflokks eru við nám í Reykjavík en halda tryggð við sitt félag og hika ekki við að keyra á milli til að stunda æfingar. Stjórn ákvað í haust að koma til móts við þessa iðkendur og ákvað að iðkendur í meistaraflokki greiði ekki æfingagjöld.

Misjafnt er hversu marga tíma hver iðkandi æfir, allt frá einni klukkustund á viku upp í tíu klukkustundir. Síðast liðið haust var tekin upp sú nýbreytni að iðkendur gátu við skráningu valið hvort þeir vildu æfa til keppni eða sér til ánægju. Skemmst er frá að segja að innan við 10 völdu seinni kostinn, en stjórn hefur orðið vör við að foreldrar vilji eiga þennan valkost svo gera má ráð fyrir að þessi hluti starfseminnar geti aukist.

Hjá deildinni störfuðu í vetur 18 þjálfarar og 14 aðstoðarþjálfarar.

## Foreldraráð

Foreldraráð eru starfrækt í flestum hópum innan deildarinnar. Hlutverk þeirra er að standa vörð um hagsmuni iðkenda, efla samskipti milli foreldra innbyrðis og milli foreldra og þjálfara, stuðla að vellíðan iðkenda, stuðla að betri árangri iðkenda, styðja við fjáraflanir og hafa áhrif á starfsemina og aðbúnað iðkenda.

Þjálfarar halda fundi með foreldraráðum sinna hópa að hausti þar sem farið er yfir starf vetrarins og hafa þeir verið vel sóttir. Einnig eru foreldraráðin mjög virk í að skipuleggja ferðir iðkenda á mót og í æfingabúðir.

Starf foreldraráða er deildinni ómetanlegt og mikilvægt að góð tengsl séu milli foreldra, þjálfara og stjórnar.

## Þátttaka í mótum

Þátttaka á mótum var með hefðbundnu sniði en deildin tekur þátt í öllum hópfimleikamótum sem FSÍ býður upp á. Iðkendur frá níu ára aldri keppa á mótum FSÍ en yngri iðkendur og styttra komnir keppa á héraðsmótum og minni millifélagamótum.

Minningarmótið um Magnús Arnar Garðarsson var einnig haldið að venju að vori en það er um leið uppskeruhátíð deildarinnar.

Alls tóku hópar frá deildinni þátt á 13 mótum fyrir utan þátttöku á Unglingalandsmóti en fjölmargir krakkar smöluðu saman í lið og kepptu þar og tókst það í alla staði vel. Fimleikadeild Selfoss er eitt af þeim félögum innan FSÍ sem skilar inn flestum þátttakendum á mót sambandsins og sýnir það hversu öflug deildin er.

## Evrópumeistaramót

Það sýnir betur en flest annað að 14 ungmenni frá Fimleikadeild Selfoss voru valin til að æfa með landsliði Íslands í fimleikum sumarið 2012. Tólf þeirra voru svo valin í landsliðin sem kepptu á Evrópumeistaramótinu sem haldið var í Danmörku. Það er ótrúlega góður árangur að eiga 12 liðsmenn af 56, ríflega 21% liðsins kom frá Selfossi! Auk þess voru tveir þjálfarar Fimleikadeildar Selfoss ráðnir landsliðsþjálfarar og er það mjög verðmætt fyrir deildina.

Skemmst er frá því að segja að árangur var hreint stórkostlegur en unglingalið kvenna með þremur Selfyssingum innanborðs sigraði mótið og hömpuðu þar með Evrópumeistaratitli í hópfimleikum 2012. Í flokki blandaðra liða fullorðinna sem og í blönduðum liðum unglinga höfnuðu lið Íslands í 4. sæti en það er mjög flottur árangur. Fimleikadeild Selfoss átti bæði stúlkur og drengi í þeim liðum, alls 9 keppendur.

## Fimleikaakademía

Fimleikaakademía hefur verið starfrækt við Fjölbrautaskóla Suðurlands frá árinu 2008. Í vetur hafa 18 nemendur stundað nám við akademíuna, þar af tveir drengir. Akademían gengur vel en nemendur leggja kapp á einstaklingsmiðaða þjálfun og fá sérhæfða styrktarþjálfun undir leiðsögn sjúkraþjálfara.

Iðkendum hefur fjölgað jafnt og þétt í fimleikaakademíunni og er von að sú þróun haldi áfram. Fimleikaakademían hefur jafnframt skilað nemendum betri árangri í bóklegu námi þar sem fylgst er náið með ástundun nemenda og þeim fylgt eftir.

## Áhaldakaup

Engin áhaldakaup voru á yfirstandandi ári, enda yfirlýst stefna að halda að sér höndum. Eðlileg endurnýjun smærri tækja átti sér stað og voru til að mynda keypt ný hljómflutningstæki þar sem þau gömlu voru ónýt, einnig var keyptur skjávarpi sem nýtist til að sýna iðkendum upptökur af æfingum þeirra og gagnast mjög við þjálfun. Ljóst er að á komandi árum þarf að ráðast í endurnýjun á ýmsum tækjabúnaði og rétt að huga að því við gerð áætlana.

Þá má geta þess að Landform ehf færði deildinni skipsbjöllu í vetur, en bjallan er þekkt í fimleikahúsum. Iðkendur sem ná að lenda nýju stökki fá að klífa að bjöllunni og klingja henni til að fagna árangri. Óhætt er að segja að klingið í bjöllunni gefi skemmtilegan hljóm á æfingar auk þess sem iðkendur fá tækifæri til að samgleðjast náðum árangri félaga sinna.

# Fimleikadeild



## Jólasýning

Galdrakarlinn í Oz var þema jólasýningar ársins 2012. Húsfyllir var á öllum þremur sýningum og lýstu gestir mikilli ánægju með sýinguna enda um fjölbreytta sýningu að ræða þar sem allir iðkendur deildarinnar taka þátt. Litríkir búningar, skemmtileg sviðsmynd og fjörug tónlist settu svo punktinn yfir i-ið.

Uppsetning sýningarinnar er alfarið í höndum þjálfara deildarinnar og eiga þeir mikið hrós skilið fyrir þá miklu vinnu sem þeir leggja í að skrifa handrit, skipuleggja atriði, semja dansa, finna tónlist, hanna leikmynd og leggja hönd á plóg við að sauma búninga.

Guðfinna Gunnarsdóttir var sögumaður sýningarinnar nú í fimmta sinn og fórst henni það einkar vel úr hendi.

Foreldraráð stóð fyrir kaffisölu fyrir og eftir sýningar og nýttu margir sér það að setjast niður með góðar veitingar.

Jólasýning Fimleikadeildarinnar er löngu orðinn einn fjölsóttasti atburðurinn í sveitarfélaginu Árborg og fjölmargir leggja leið sína til okkar gagngert til að sjá sýninguna.

Margir hafa talið að sýningin sé mikil tekjulind fyrir félagið en engin ástæða er að dylja að svo er ekki. Sýningin er mjög viðamikil og henni fylgja mikil útgjöld þó að margir styrki sýninguna með aðföngum eða vinnuframlagi. Deildinni hefur þó alltaf tekist að halda afkomunni réttu megin við „núllið“. Þessi sýning er samt einn mikilvægasti viðburður deildarinnar. Allir iðkendur fá tækifæri til að taka þátt í uppfærslu stórrar sýningar og kynnast öllu því sem til þess þarf. Eftirvænting iðkenda er mikil og verður uppeldislegt gildi sýningarinnar seint metið til fjár. Það er því einörð stefna stjórnar að á meðan sýningin stendur undir sér verður hún fastur liður í starfsemi deildarinnar.

## Fimleikamenn ársins

Fjöldi afbragðs íþróttamanna æfir hjá Fimleikadeild Selfoss. Undanfarin ár hefur fimleikamaður ársins verið valinn og útnefndur á jólasýningu deildarinnar. Í vetur var ákveðið að breyta útnefningunni þar sem fjöldi drengja í deildinni eykst með hverju ári og var því ákveðið að tilnefna bæði karl og konu og gert er ráð fyrir að svo verði framvegis. Deildinni var gefinn nýr farandbikar sem framvegis fer til fimleikakarls ársins.

Fimleikamenn ársins eru þau Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir og Ægir Atlason og eru þau bæði einstaklega vel að titlum sínum komin. Hrafnhildur Hanna var svo valin íþróttamaður HSK og er hún vel að titlinum komin, enda bæði Evrópumeistari í hópfimleikum og landsliðskona í handbolta.

## Framkvæmdastjóri

Eins og fram hefur komið hafa umsvif deildarinnar sífellt verið að aukast og mörgum verkefnum þarf að sinna. Það er ljóst að ekki er unnt að reka deild með 500 iðkendum einungis með sjálfboðavinnu. Eftir mikla yfirlegu í vetur og skilgreiningu á þeim verkefnum sem unnin eru og þarf að vinna ákvað stjórn að rétt væri að fara að dæmi annarra fimleikafélaga og ráða framkvæmdastjóra til deildarinnar í 50% stöðugildi.

Það er mikið happ fyrir deildina að Olga Bjarnadóttir, sem jafnframt er yfirþjálfari deildarinnar, hefur samþykkt að taka starfið að sér og tekur til starfa nú á vormánuðum. Olga hefur einstaka yfirsýn yfir starfsemi deildarinnar, hvort sem litið er til faglega þáttar æfinga eða rekstrarhliðar. Hún er menntaður íþróttafræðingur, kennari og viðskiptafræðingur og vandséð að hæfari starfskraftur finnist. Stjórn Fimleikadeildarinnar er einstaklega ánægð með ákvörðun Olgu og hlakkar til samstarfs við hana.

Framkvæmdastjóri er kominn með skrifstofuaðstöðu að Eyravegi 25, s. 482-1505, fimleikarselfoss@simnet.is og mun hún auglýsa fastan viðverutíma á heimasíðu umfs.is

Með þessu fyrirkomulagi munu boðleiðir verða einfaldari, yfirsýn betri, álagi létta á þjálfurum og allt starf skilvirkara. Við bjóðum Olgu velkomna til starfa.

## Starf framundan

Mikið starf er framundan hjá Fimleikadeildinni. Helgina 10.-12. maí verður Vormót FSÍ haldið á Selfossi og er gert ráð fyrir um 600 þátttakendum á mótinu auk þjálfara og aðstandenda. Á mótinu gefst fólki kostur á að sjá marga bestu fimleikamenn landsins og ætti enginn að láta það fram hjá sér fara.

Landsmót Ungmennafélags Íslands verður haldið á Selfossi í júlí og þar ætlar Fimleikadeildin að hafa sterka fulltrúa.

Á næsta ári, 2014, verða svo bæði Norðurlandamót og Evrópumeistaramót í fimleikum haldin á Íslandi. Það er einstakt tækifæri fyrir okkar fólk að sjá allt það besta sem er í boði í íþróttinni og eru margir þegar farnir að hlakka mikið til.

Gera má ráð fyrir að þessum mótum fylgi mikil vinna og

mun stjórn ekki hika við að leita til foreldra og annarra velunnara deildarinnar til aðstoðar við þau störf sem til falla.

## Þakkir

Eins og af skýrslu þessari má sjá hefur mikið starf verið unnið í vetur og það verið árangursríkt. Stjórnin er samhent og vinnur vel saman og er bjartsýn á að það klárist að ljúka þeim verkum sem útaf standa eftir veturinn á næsta vetri. Það er því ánægjulegt að greina frá því að allir stjórnarmenn gefa kost á sér í næstu stjórn.

Árangur næst ekki nema með góðri samvinnu og vill stjórn sérstaklega þakka þjálfurum deildarinnar fyrir mjög gott starf í vetur. Árangur deildarinnar er fyrst og fremst þeim að þakka. Einnig þakkar stjórn foreldrum og velunnurum deildarinnar fyrir þeirra framlag til deildarinnar, það er ómetanlegt að njóta stuðnings þeirra.

## *Úrslit móta ársins 2012*

**Rig 21.janúar 2012**
***Úrvalsdeild***
*1. flokkur*
Selfoss 3. sæti 42.57 stig
***1. deild***
*3. flokkur*
Selfoss 1. sæti 22.633 stig

**Þorramót í hópfimleikum 4. febrúar**
10 ára og yngri allir hópar fengu viðurkenningu fyrir sitt besta áhald. Selfoss F1, Selfoss HB1 og Selfoss HB1 tóku þátt á mótinu.
*11 ára og eldri*
Selfoss HL7 4.sæti 8.25 stig (k. ekki á gólfi)

**Íslandsmót unglinga 11.-12. febrúar**
*1. flokkur kvk*
Selfoss 3. sæti 43.65 stig
*1. flokkur mix*
Selfoss 2. sæti 36.05 stig
*3. flokkur kvk*
Selfoss 2. sæti 21.45 stig
*4. flokkur kvk*
Selfoss HL4 2. sæti 22.60 stig
Selfoss HL2 4. sæti 20.65 stig
*4. flokkur kk*
Selfoss 3. sæti 12.90 stig
*5. flokkur kvk*
Selfoss HL5 2. sæti 21.45 stig
Selfoss HL6 4. sæti 21.05 stig
Selfoss HL8 8. sæti 18.75 stig
Selfoss HL7 11. sæti 15.65 stig

**Bikarmót í hópfimleikum 3. mars**
*Mfl. kvenna*
Selfoss 2. sæti 45.60 stig
*1. flokkur kvk*
Selfoss 2. sæti 44.40 stig
*1. flokkur mix*




Selfoss 2. sæti 35.65 stig

**HSK mót 24. mars**
*5. flokkur Byrjendur*
Selfoss HB1 1. sæti 17.7 stig
Selfoss F1 5. sæti 13.5 stig
Selfoss HB2 8. sæti 11.85 stig
Selfoss strákar 1. sæti 7 stig
*5. flokkur kvk*
Selfoss HL5 1. sæti 22.4 stig
Selfoss HL6 2. sæti 21.25 stig
Selfoss HL8 3. sæti 19.85 stig
Selfoss HL7 Blár 5. sæti 16.35 stig
Selfoss HL7 Gulur 7. sæti 14.5 stig
*4. flokkur kvk*
Selfoss HL4 1. sæti 22.65 stig
Selfoss HL2 2. sæti 21.15
*4. flokkur kk*
Selfoss hlkk 1. sæti 16.1 stig
*3. flokkur kvk*
Selfoss HL1 1. sæti 22.75 stig
*1. flokkur kvk*
Selfoss HM2 1. sæti 42.65 stig
*1. flokkur mix*
Selfoss HM4 mix 1. sæti 39.75 stig

**Undanfari Íslandsmóts 30. mars**
*Kvennaflokkur*
Selfoss 4. sæti 43.53 stig
*Blönduð lið*
Selfoss mix 2. sæti 38.15 stig

**Íslandsmót í hópfimleikum úrslit fjölþraut 13. apríl**
*Kvennaflokkur*
Selfoss mfl. 3. sæti 46.50 stig
*Blönduð lið*
Selfoss 3. sæti 37.65 stig

**Úrslit á Íslandsmóti einstök áhöld 14. apríl**
*Blönduð lið*
Gólf
Selfoss 2. sæti 12.95 stig
Dýna
Selfoss 2. sæti 13.10 stig
Trampólín
Selfoss 2. sæti 12.55 stig
*Kvennaflokkur*
Dýna
Selfoss 3. sæti 14.25 stig
Trampólín 3. sæti 15.10 stig
**Minningarmót 5. maí**
Allir hópar fengu viðurkenningu fyrir sitt besta áhald

**Vormót í hópfimleikum 12.-13. maí**
*3. flokkur kvk*
Selfoss 2. sæti 20.27 stig
*4. flokkur kvk*
Selfoss B 1. sæti 21.83 stig
Selfoss A 2. sæti 21.67 stig
*4. flokkur kk*
Selfoss 3. sæti 16.13 stig
*5. flokkur kvk*
Selfoss A 2. sæti 22.27 stig
Selfoss B 4. sæti 20.97 stig
Selfoss C 6. sæti 20.13 stig

**Bikarmót 17. nóvember**
Selfoss 3. sæti 39.33 stig
*1. flokkur karla*
Selfoss 1. sæti 35.70 stig
*2. flokkur*
Selfoss 2. sæti 39.57 stig
*Mfl.*
Selfoss 3. sæti 50.97 stig

**Haustmót 23.-24. nóvember**
*Opinn flokkur kvk*
Selfoss 3 2. sæti 34.133 stig
*2. flokkur kvk*
Selfoss 2 2. sæti 33.933 stig
*3. flokkur kvk*
Selfoss A 1. sæti 37.600 stig
Selfoss B 5. sæti 28.133 stig
*3. flokkur kk*
Selfoss kk1. sæti 20.700 stig
*4. flokkur kvk*
Selfoss B 2. sæti 32.567 stig
Selfoss C 3. sæti 31.033 stig
Selfoss A 4. sæti 30.033 stig



## *Formannspistill*

Árið 2012, í starfi Frjálsíþróttadeildar UMF.Selfoss, var mjög stórt og viðburðarríkt. Iðkendum hélt áfram að fjölga mikið og voru í árslok orðnir tæplega þrjúhundruð og hafa aldrei verið fleiri. Fer ekki milli mála að stórbætt aðstaða utanhúss, með tilkomu nýja frjálsíþróttavallarins, hefur m.a stuðlað að þessari aukningu. Einnig hefur deildin á að skipa frábærum þjálfurum sem flestir hafa starfað fyrir deildina til margra ára. Einn af hápunktum ársins var Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi um verslunarmannahelgina. Þar tók íþróttafólkið okkar þátt og vann til margra verðlauna. Á meðan það tók þátt í keppninni tóku foreldrar og aðrir velunnarar deildarinnar þátt í framkvæmd mótsins ásamt fjölmörgum öðrum sjálfboðaliðum og unnu þar ómetanlegt starf sem síðan var greitt út úr hagnaði mótsins í formi dágóðrar upphæðar til starfsemi deildarinnar. Fjölmargir aðrir sigrar voru unnir á öðrum mótum á árinu og var árangur okkar íþróttafólks mældur í formi margra Selfossmeta, HSK meta og Íslandsmeta, ásamt fjölmörgum persónulegum bætingum.

Þótt búið sé að taka Selfossvöll í notkun er ýmislegt sem enn á eftir að framkvæma á vellinum. M.a að koma upp áhaldageymslu, planta trjám og malbika stíga. Því verður að halda á lofti og reyna að sjá til þess að fjármagn verði sett í þessar framkvæmdir árlega þar til þeim er lokið. En þrátt fyrir það ber að þakka það sem komið er og hefur gert Selfossvöll að einum besta frjálsíþróttavelli á landinu.

Eitt af stærstu verkefnum sumarsins 2013 verður Landsmót UMFÍ á Selfossi, fyrstu helgina í júlí. Þar verður okkar frábæra íþróttafólk í eldlínunni í liði HSK sem ætlar sér stóra hluti og stefnir á að vinna frjálsíþróttakeppnina á mótinu. En eins og á Unglingalandsmótinu þurfum við öflugt lið sjálfboðaliða til að framkvæma mótið og vonandi verða foreldrar og aðrir velunnarar deildarinnar tilbúnir í það verkefni þegar til þeirra verður leitað.

Framtíðin frjálsra íþrótta á Selfossi er björt, stór þáttur í því er bætt aðstaða til iðkunnar, reynslumiklir þjálfarar, góð fjárhagsstaða deildarinnar og reynslumikið stjórnarfólk. Þetta fólk er allt tilbúið að leggja á sig mikla vinnu til að skapa börnum og unglingum umhverfi til að geta æft íþrótt sína og náð góðum árangri.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim fjölmörgu sem komu að starfi deildarinnar á sl. ári, með einum eða öðrum hætti, stjórnarmönnum, þjálfurum, iðkendum og ekki síst foreldrum og forráðamönnum, ásamt fjölda annarra sjálfboðaliða. Saman hafa allir þessir aðilar skapað skemmtilegt og uppbyggjandi umhverfi fyrir unga fólkið okkar. Sérstaklega við ég þakka Lindu Björg Perludóttur fyrir samstarfið í stjórn deildarinnar en hún hverfur nú úr stjórn hennar.

*Helgi Sigurður Haraldsson formaður.*

## Sumarið 2012 – meistaraflokkur

Sumarið 2012 var mjög gott íþróttalega hjá Frjálsíþróttadeild UMF Selfoss. Nýji frjálsíþróttavöllurinn er búinn að gjörbylta aðstöðumálum deildarinnar og nutu iðkendur þess að æfa á frábærum velli og í frábæru veðri í allt sumar. Árangur sumarsins var glæsilegur og óteljandi Héraðs- og Selfossmet litu dagsins ljós hjá iðkendum deildarinnar. Iðkendur meistaraflokks unnu marga Íslandsmeistaratitla auk Bikarmeistaratitla, Unglingalandsmótstitla og Héraðmeistaratitla.

Héraðsmótið var haldið var á Selfossvelli 18.-19.júní. Selfyssingar komu mjög sterkir til leiks og sigruðu stigakeppni liðanna með miklum yfirburðum. Selfossliðið krækti sér í 15 gullverðlaunum, 12 silfurverðlaunum og 16 bronsverðlaunum. Fjóla Signý Hannesdóttir stóð sig best allra þegar hún vann til sex gullverðlauna. Níu iðkendur deildarinnar státuðu af Héraðsmeistaratitli í einni grein. Fjóla Signý vann bæði besta afrek kvenna á mótinu og hún varð einnig stigahæst allra kvenna á mótinu, skilaði 36 stigum til síns félags.

Sjö meðlimir í meistarahópi Umf. Selfoss kepptu á Gautaborgarleikunum í Svíþjóð og stóðu sig mjög vel. Sigþór Helgason krækti sér í bronsverðlaun í spjótkasti og í




þrístökki og hástökki lenti hann í 4.sæti. Andrea Vigdís Victorsdóttir varð í 7.sæti í spjótkasti og Thelma Björk Einarsdóttir kastaði sjöunda lengst allra í kúluvarpinu. Dagur Fannar Magnússon náði 6. sæti í sleggjukasti og 8.sæti í kúluvarpi.

Meistaramót Íslands fór fram á Laugardalsvelli í Reykjavík 14.-15. júlí. Frjálsíþróttadeildin sendi nokkra öfluga keppendur til leiks. Fjóla Signý var í feiknarstuði á mótinu og uppskar gullverðlaun í 100m grind, 400m grind og hástökki. Ágústa Tryggvadóttir krækti sér í bronsverðlaun í kúluvarpi. HSK/Selfoss endaði í 3.sæti í stigakeppninni.

Unglingameistaramót Íslands var haldið að Höfn í Hornafirði 11.-12. ágúst. HSK/Selfoss sendi sameiginlegt lið til keppni sem stóð sig frábærlega á skemmtilegu móti. Sigþór Helgason náði þeim frábæra árangri að verða fjórfaldur Íslandsmeistari og Dagur Fannar Magnússon varð tvöfaldur Íslandsmeistari. Alls náðu Selfyssingarnir í liðinu 9 Íslandsmeistaratitlum, auk 4 silfurverðlauna og 8 bronsverðlauna. Lið HSK/Selfoss endaði í 4.sæti í stigakeppni liðanna.

Unglingamót HSK var haldið á Selfossvelli þann 26.júní og náðu iðkendur deildarinnar mjög góðum árangri þar og komu heim hlaðin verðlaunum auk þess sem þeir unnu stigakeppni liðanna með miklum yfirburðum. Andrea Vigdís Victorsdóttir varð fimmfaldur HSK meistari, Jóhann Guðmundsson varð þrefaldur HSK meistari og þau Sigþór Helgason, Guðrún Heiða Bjarnadóttir, Guðmundur Kristinn Jónsson og Anna Pálsdóttir urðu tvöfaldir meistarar. Alls unnu iðkendur deildarinnar til 21 gullverðlauna, 15 silfur verðlauna og 5 bronsverðlauna.

Unglingalandsmótið var haldið á Selfossi um verslunarmannahelgina. Mótið heppnaðist frábærlega vel og léku veðurguðirnir við mótsgesti alla dagana og árangurinn á mótinu var einstaklega góður og mörg landsmótsmet féllu. Keppendur HSK stóðu sig frábærlega og náði Sigþór Helgason þeim einstaka árangri að verða sexfaldur Unglingalandsmótsmeistari.

Bikarkeppni FRÍ fór fram 24.-25. ágúst á Akureyrarvelli. Í liði HSK voru nokkrir öflugir keppendur frá frjálsíþróttadeild Selfoss sem stóðu sig mjög vel og höluðu inn dýrmætum stigum. Fjóla Signý keppti að venju í mörgum greinum og stóð sig frábærlega og vann til tveggja gullverðlauna. Lið HSK varð í 4.sæti í stigakeppninni.

Þjálfarar sumarsins voru þau Sigríður Anna Guðjónsdóttir og Ólafur Guðmundsson.

## Sumarstarfið hjá 11-14 ára

Æfingar sumarsins hófust strax í byrjun júní og voru fram yfir miðjan ágúst. Rétt rúmlega 30 krakkar voru að æfa, æfingarnar voru 4x í viku og þjálfari var Þuríður Ingvarsdóttir. Eftir á að hyggja finnst okkur eins og að það hafi alltaf verið gott veður á æfingum og sennilega hefur tilhlökkun vegna unglingalandsmóts hjálpað til en spennan stigmagnaðist allt sumarið.

Ekki er hægt að segja annað en að sumarið hafi verið viðburðarríkt hjá þessum flokki og mjög mörg verkefni sem við tökum þátt í. Algjört metaregn var hjá hópnum eins og í fyrra og hvorki fleiri né færri en 37 HSK met og 43 landsmet féllu í sumar hjá Selfoss krökkunum og 21 HSK met og 5 landsmet að auki hjá krökkum úr öðrum félögum sem æfðu hjá okkur í sumar.

Í júní byrjuðum við á að fara á Vormót Fjölnis í Laugardalnum og Aldursflokkamót HSK var svo Þorlákshöfn þann 16. Goggi galvaski í Mosfellsbænum var 22.-24. og síðustu helgina í júní var svo komið að einu stærsta mótinu okkar, Meistaramóti Íslands, það var haldið á Laugardalsvellinum í Reykjavík. HSK-SELFOSS varð í þriðja

# Frjálsíþróttadeild






sæti í heildarstigakeppninni, 14 og 13 ára strákarnir okkar urðu íslandsmeistarar, 13 og 11 ára stelpurnar og 12 ára strákarnir urðu í öðru sæti.

Júlímánuður var frekar spennandi hjá okkur þetta árið en við stormuðum með 17 keppendur frá deildinni á Gautaborgarleikana í júlíbyrjun. Þetta var frábær ferð hjá okkur og Teitur Örn komst þar á pall í spjótkasti og margir komust í úrslit í mörgum greinum. Að loknu móti var farið í Tívolí og fleira og er okkur strax farið að hlakka til að fara út árið 2014 aftur. Mjög margir úr hópnum tóku þátt í Frjálsíþróttaskóla UMFÍ sem var hér á Selfossi í eina viku um miðjan júlí og þar var endað á að keppa á nýja vellinum okkar. Við tókum svo einnig þátt í Gaflaranum í Hafnarfirði þann 28., skemmtilegt mót með öðrum greinum en oftast er keppt í.

Fyrstu helgina í ágúst var svo komið að aðalmálinu UNGLINGALANDSMÓT á Selfossi. Mótið var einstaklega vel heppnað í alla staði og er það ekki síður aðstandendum iðkenda að þakka en allir lögðu hönd á plóginn til að mótið yrði eins glæsilegt og raun bar vitni. Keppendur Selfoss uppskáru vel og enduðu með 25 verðlaun og þar af voru 9 landsmótstitlar. 19.ágúst var svo Bikarkeppni 15 ára og yngri og nokkrir úr hópnum voru valdir í lið HSK-SELFOSS og stóðu sig eins og hetjur. Strákarnir okkar urðu í 2.sæti aðeins 1 stigi á eftir Breiðablik en stelpuliðið var ungt og efnilegt og eiga þeir mörg ár eftir en nokkur afföll voru hjá þeim. Lokamót yngri flokkanna í deildinni var þann 22. þar sem allir iðkendur 14 ára og yngri kepptu á vellinum okkar, foreldrar hjálpuðu til við framkvæmd og svo voru grillaðar pylsur ofan í liðið á eftir. Frábær dagur.

Í september voru svo nokkrir viðburðir, Brúarhlaupið okkar þar sem iðkendur ýmist hlupu eða störfuðu. Fjölþrautarmót var haldið í Kópavogi, nokkrir krakkar tóku þátt þar og stóðu sig vel. Í byrjun mánaðarins héldum við tvö Æfingamót fyrir hópinn og þar fengu krakkarnir tækifæri til að bæta sig í ýmsum greinum og nýttu þau sér það vel og féllu mörg HSK met á þessum mótum.

Fyrir utan þessi mót sóttu einstaka iðkendur keppni á eigin vegum og má þar nefna; Vormót HSK, HSK mót fullorðinna, Miðsumarmót HSK, Unglingamót HSK, Bikarkeppni FRÍ og Kastþraut Óla G.

Ef allt er talið þá eru þetta 19 viðburðir og ljóst að engum þarf að leiðast sem er að æfa frjálsar. Lagt er upp með að allir taki þátt í Aldursflokkamóti HSK, Meistaramóti Íslands og allir eru hvattir til að fara á Unglingalandsmót. Önnur mót eru meira val hvers og eins þó auðvitað sé skemmtilegast að allir taki þátt og reyni alltaf að bæta sinn árangur.

Hefð er fyrir því að veita verðlaun þeim sem sýnir góða ástundun yfir sumartímann. Í sumar mætti Arndís María Finnsdóttir mjög vel á æfingar og er gríðarlega samviskusöm og dugleg á æfingum. Arndís hefur brennandi áhuga á grindahlaupum og með sama áframhaldi á Arndís María án efa eftir að sína miklar framfarir á komandi árum. Auk þessara 37 HSK meta og 3 landsmeta hjá Selfosskrökkunum voru nokkrir krakkar úr Þór og Baldri að æfa hjá okkur í sumar og settu þau samtals 21 HSK met og 5 íslandsmet á þeim tíma sem þau æfðu hjá okkur.

## Frjálsar 8-10 ára

Sumaræfingar hófust í byrjun júní og lék veðrið heldur betur við okkur. Krakkarnir fengu aðeins einu sinni léttvæga rigningu á æfingu allt sumarið og sólin skein glatt. Krakkarnir voru dugleg að mæta og áhugasöm að prófa fjölbreyttar greinar. Æfingar voru þrisvar sinnum í viku og nú var prófað að hafa tvær morgunæfingar, eða frá 11-12 og kom það vel út. Með tilkomu vallarins og nýrra tækja var hægt að leyfa börnunum að prófa allar greinar frjálsíþrótta við þeirra hæfi. Brotið var upp á hefðbundið æfingamynstur með því að fá foreldra til að taka þátt á einni æfingu og svo var einnig farið í íþróttaratleik í kringum íþróttasvæðið.

Þrjú mót voru í boði um sumarið. Héraðsleikar fóru fram í Þorlákshöfn í júní, þjálfarar skipulögðu svo Júlímót 10 ára og yngri á Selfossvellinum þar sem krakkarnir spreyttu sig í boltakasti, langstökki og þrístökki. Sumarstarfinu hjá yngstu flokkunum lauk svo með sumarslúttmóti á vellinum, miðvikudaginn 23. ágúst þar sem grillaðar voru pylsur að móti lokni í keppendur og aðstandendur, og voru

viðurkenningaskjöl fyrir þátttöku. Að auki gátu 10 ára krakkarnir keppt á Gaflaranum í Hafnafirði í júlí og mættu þar þrjár sprækar stúlkur til leiks, þær Helena, Hildur Helga og Unnur María og stóðu sig mjög vel. Mjög margir krakkar voru að mæta virkilega vel á æfingar en það er einn drengur sem hafði vinninginn að þessu sinni og það er hann Einar Ingi sem mætti á allar æfingar nema tvær allt sumarið (32 æfingar).

*Takk fyrir sumarið – Ágústa*

## Sumarið 2012 hjá yngsta hópnum

Sumarið 2012 var einstaklega gott hjá yngsta hópnum. Fjöldin allur af duglegum krökkum á aldrinum 5 til 7 ára prófuðu að æfa frjálsíþróttir í sumar. Alls voru 23 iðkendur skráðir en árið 2011 voru það 17. Iðkendafjöldinn hefur farið hækkandi síðustu ár og greinilegt að áhugi á frjálsíþróttum fer vaxandi á Selfossi. Að hafa flottan íþróttavöll og halda unglingalandsmót spilar stóran þátt í því. Einnig að geta boðið upp fjölbreyttar æfingar með nýjum áhöldum sem keypt voru fyrir yngstu kynslóðina, krakkarnir geta því prófað allar greinar sem boði eru í frjálsíþróttum.

Æfingarnar fóru fram á nýja frjálsíþróttavellinum og voru þær tvisvar í viku, klukkutíma í senn. Haldnar voru öðruvísi æfingar í samstarfi við hópinn hennar Ágústu, sem eru krakkar á aldrinum 8 til 10 ára, þessar æfingar vöktu mikla lukku bæði á meðal barnanna og foreldra. Haldin var ratleiksæfing þar sem krakkarnir fengu kort sem þau áttu að fara eftir til að finna næstu vísbendingu. Einnig var haldin foreldra æfing þar sem foreldrum var boðið að koma með börnunum sínum á æfingu og spreyta sig í frjálsíþróttum. Dýrleif Nanna Guðmundsdóttir var með bestu mætinguna í hópnum, sumarið 2012. Dýrleif mætti á allar 21 æfingarnar sem haldnar voru en Einar Örn Magnússon var einnig mjög duglegur að mæta, hann mætti á allar æfingarnar nema eina.

Helstu móti hjá krökkunum í sumar voru annarsvegar HSK-mótið og hinsvegar Sumarslútt-mótið. HSK-mótið var haldið í Þorlákshöfn og fengu allir iðkendur verlaunapening fyrir þátttöku. Sumrinu var síðan slúttað með Sumarslúttmótinu sem haldið var á Selfossvelli, að lokinni keppni fengu allir krakkarnir viðurkenningarskjöl með árangri mótsins, einnig fengu keppendur og aðstandendur grillaðar pylsur og hleðslu próteindrykk.

*Fjóla Signý Hannesdóttir*

## Afreksmaður frjálsíþróttadeildar Umf. Selfoss 2012

Á árinu 2012 náði Fjóla Signý Hannesdóttir frábærum árangri á frjálsíþróttavellinum. Hún stundaði æfingar af miklu kappi allt árið hjá heimsklassaþjálfara í Svíþjóð. Uppskeran hjá henni var svo sannarlega frábær og sópaði hún að sér verðlaunum á öllum mótum ársins auk þess sem hún bætti sig í öllum greinum og setti nokkur HSK met.

Fjóla Signý keppti á Folksam Challenge mótinu í Svíþjóð og gerði hún sér lítið fyrir og sigraði 400m grindahlaup og vann meðal annars Fridu Persson sem er númer 56 á topplistanum í Evrópu í sumar í 400m grindahlaupi. Fjóla Signý var auk þess í bronssveit Íslands í 4x400m boðhlaupi sem hljóp á sínum besta tíma í mörg ár. Hún varð í öðru sæti á Sænska meistaramótinu í fjölþrautum þar sem hún náði 5041 stigum og stórbætti sig og var rétt við fyrsta sætið.




Hún sigraði í 60m grindahlaupi á Team Sportia Spelen auk þess sem hún sigraði bæði í 100m og 400m grindahlaupum á móti á Spáni í vor.

Fjóla Signý varð annað árið í röð þrefaldur Íslandsmeistari í kvennaflokki í sumar auk þess sem hún varð tvöfaldur Íslandsmeistari innanhúss. Árangur hennar í 400m grindahlaupi á Meistaramóti Íslands gaf næstflest afreksstig, eingöngu árangur Ásdísar Hjálmsdóttur Ólympíufara gaf fleiri afreksstig. Fjóla Signý var mjög mikilvægur burðarás HSK liðsins í Bikarkeppni FRÍ 1.deild þar sem hún varð tvöfaldur Bikarmeistari og stigahæsti kvenkeppandi mótsins. Hún krækti sér einnig í einn Bikarmeistaratitil innanhúss.

Fjóla Signý setti 10 HSK met á árinu í fullorðinsflokki og er hún handhafi HSK meta utanhúss í 200m hlaupi, 100m grindahlaupi og 400m grindahlaupi. Innanhúss á Fjóla Signý HSK metin í 60m grind og 200m ,400m og 600m hlaupum. Hæst bar þegar hún tvíbætti 30 ára gamalt HSK met í 200m hlaupi utanhúss. Hún bætti sinn besta árangur í 12 greinum utanhúss og 8 greinum innnanhúss. Fjóla Signý hefur sýnt ótrúlegar framfarir og árangur hennar og bætingar langt fram úr öllum áætlunum. Á afrekslista sumarsins hjá Frjálsíþróttasambandi Íslands er hún með besta árangur ársins í 400m og 100m grindahlaupum og næstbesta árangur ársins í 800m hlaupi og hástökki.

Fjóla Signý hefur verið valin í A-landsliðshóp Íslands fyrir árið 2013 og er meginmarkmið hennar að komast á Ólympíuleikana í Brazilíu 2016 en til þess þarf hún að bæta sinn besta árangur í 400m grindahlaupi um aðeins 3 sekúndur. Fjóla Signý hefur alla tíð verið góð fyrirmynd yngri kynslóðarinnar í frjálsíþróttum og verið mjög góður félagi félaga sinna og leggur sig fram af alefli í öll þau verkefni sem henni eru fengin

## Framfarabikar 2012, meistarahópur

Á árinu 2012 náði Sigþór Helgason glæsilegum árangri á frjálsíþróttavellinum. Hann stundaði æfingarnar mjög samviskusamlega allt árið og árangurinn lét ekki á sér standa. Sigþór er eitt mesta efni sem hefur komið fram í




frjálsíþróttum og er hann í Afrekshóp ungmenna hjá Frjálsíþróttasambandi Íslands í spjótkasti og hástökki, en aðeins örfá afreksefni skipa þann hóp. Sigþór setti auk þess glæsilegt Íslandsmet í spjótkasti í flokki 15 ára í sumar. Hann tók þátt í Gautaborgarleikunum sem eru eitt stærsta unglingamót sem haldið er í heiminum í dag en árlega eru um 7000 skráningar á það mót. Þar náði hann þeim frábæra árangri að vinna til bronsverðlauna í spjótkasti og lenda í fjórða sæti í þrístökki og hástökki.

Sigþór varð fjórfaldur Íslandsmeistari í sínum aldursflokki á Unglingameistaramóti Íslands innanhúss og hann endurtók leikinn á Íslandsmeistaramótinu utanhúss en þar varð hann einnig fjórfaldur Íslandsmeistari. Hann náði frábærum árangri á Unglingalandsmóti Íslands sem haldið var á Selfossi í sumar þar sem hann vann til sex gullverðlauna auk þess sem hann bætti þrjú Unglingalandsmótsmet.

Sigþór setti 1 HSK met innanhúss í 60m grindahlaupi auk þess sem hann bætti 4 HSK met utanhúss, með 800gr spjóti, með 600gr spjóti, í 100m grind og hástökki. Sigþór bætti sinn besta árangur í sumar í 8 greinum auk þess sem hann bætti sig innanhúss í 5 greinum.

Hann skipar fyrsta sæti í 6 greinum í Afreksskrá FRÍ fyrir árið 2012 í 15 ára flokki. Sigþór er frábær fyrirmynd og hefur allt það sem prýða þarf góðan íþróttamann og verður spennandi að fylgjast með honum á næstu árum.

**Framfarir Sigþórs:**

| **Grein:** | **2012** | **2011** |
|---|---|---|
| *Utanhúss:* | | |
| Hástökk | 1,86m | 1,78m |
| Langstökk | 5,85m | 5,41m |
| Þrístökk | 12,47m | 10,80m |
| Kúla (4kg) | 13,03m | 11,02m |
| Kringla (1kg) | 45,21m | 31,19m |
| Spjót (800gr) | 56,28m | 46,71m |
| Spjót (600gr) | 60,76m | 49,35m |
| *Innanhúss:* | | |
| 60m | 7,86s | 7,89s |
| 60m grind | 9,08s | 9,50s |
| Hástökk | 1,76m | 1,75m |
| Langstökk | 5,77m | 5,27m |
| Kúla (4kg) | 13,56m | 12,98m |

## Framfararbikar 14 ára og yngri

Flestir í hópnum voru að bæta sinn árangur heilmikið á árinu og erfitt að velja einn úr stórum hópi og í ár er staðreyndin sú að ekki var hægt að gera upp á milli frændsystkinanna Teits Arnar Einarssonar og Hörpu Svansdóttur og hljóta þau því saman viðurkenningu fyrir framfarir ársins. Teitur var mjög duglegur að æfa í sumar, hann hefur mestan áhuga á kastgreinum og millivegalengdahlaupum og bætti sig verulega í hvoru tveggja. Harpa er sterkust í láréttum stökkum en annars er hún liðtæk í öllum greinum frjálsra íþrótta og var allstaðar að bæta sig. Teitur var með eitt HSK met innanhúss en Harpa var með átta HSK met utanhúss í sumar. Hér sjáið þið svo helstu framfarir þeirra beggja:

**Helstu framfarir Teits Arnar á árinu:**

| **Greinar:** | **2011** | **2012** |
|---|---|---|
| 800 m | 2:33,02 | 2:20,30 mín |
| 1500 m | 5:36,98 | 4:44,57 mín |
| Stangarstökk | 1,80 m | 2,30 m |
| Kúluvarp | 10,64m (3kg) | 13,50 m (4kg) *HSK met inni* |
| Spjótkast (600 g) | 42,85 m | 47,34 m |
| Kringlukast (1kg) | 28,40 m | 40,02 m |

**Helstu framfarir Hörpu á árinu:**

| **Greinar:** | **2011** | **2012** |
|---|---|---|
| 400 m | 73,22 | 64,70 sek |
| 600 m | 1:59,48 | 1:48,19 mín |
| 800 m | 2:44,52 | 2:33,30 mín |
| Langstökk | 4,62 m | 4,99 m |
| Kúluvarp (2kg) | 9,41 m | 10,93 m |
| Spjótkast (400g) | 21,09 m | 27,59 m |

## Afreksmaður 14 ára og yngri

Halla María Magnúsdóttir er afreksmaður deildarinnar hjá 14 ára og yngri. Halla María er mjög fjölhæfur frjálsíþróttamaður en hennar allra sterkustu greinar eru þó allar kastgreinarnar og spretthlaupin.

Besti árangur Höllu Maríu á árinu skv. Stigatöflu FRÍ er í kúluvarpi. Hún kastaði 13,21 m með 2 kg kúlu sem gefur henni um 1077 stig (m.v 3 kg kúlu ekki til stigatafla fyrir 2 kg í 13 ára flokki) . Fyrir að kasta 39,21 m í spjótkasti fékk hún 980 stig og 981 stig fyrir að hlauppa á 13,60 sek í 80 grind.

Á árinu vann Halla María til fjölda verðlauna og má þar nefna 3 íslandsmeistaratitla á MÍ innanhúss, í kúlu, 60 m og 60 m grind og 4 á MÍ utanhúss, í kúlu, spjóti, 100 m og 80 m grind. Einnig varð hún fjórfaldur unglingalandsmótsmeistari, í kúlvarpi, spjótkasti, 80 m og 60 m grind. Á öllum þessum mótum og mörgum öðrum vann hún til fjölda annarra verðlauna.

Halla María var einnig óstöðvandi í að setja HSK met og í lok sumars voru metin orðin 12 HSK met og 3 landsmet í flokki 13 ára stúlkna og í flokki 14 ára urðu HSK metin 6 talsins.

Til hamingju með árangurinn Halla María og nú er að fylgja góðum árangri ársins eftir á nýju ári og æfa vel.





## *Skýrsla formanns*

Það kom nú nokkuð óvænt upp að ég varð formaður deildarinnar á síðsta ári, var það nefnt við mig deginum áður en framhaldsaðalfundur deildarinnar var haldinn og kom það mér mikið á óvart þegar þetta var nefnt við mig en eftir smá umhugsun þá ákvað ég að taka slaginn og sé ekki eftir því í dag. Þetta er búinn að vera einstaklega lærdómsríkur vetur, vonandi er maður búinn að gera fleira rétt en rangt en þetta er búið að vera virkilega skemmtilegt og vonandi fæ ég að halda því áfram næsta vetur.

Fyrsta stóra verkefni nýrrar stjórnar var að hjálpa til við að klára að koma nýju gólfi á íþróttahús Vallaskóla en það er mikil lyftistöng fyrir handknattleik á Selfossi. Hefur nýja gólfið reynst afskaplega vel og mun minna hefur verið um slæm meiðsli eins og hafði verið árin á undan og er það vafalaust að einhverjum hluta að þakka nýju gólfi. Vil ég koma á framfæri þakklæti til bæjaryfirvalda að hafa klárað málið jafn rösklega og vel var gert.

Það er hins vegar alveg ljóst að huga þarf að framtíðarúrlausnum í aðstöðumálum deildarinnar. Sem dæmi má nefna þá er völlurinn ekki í löglegri stærð og erum við því að spila á undanþágu frá HSÍ, aðstaða fyrir tímaverði, ritara, eftirlitsdómara og varamenn er ekki viðunandi eins og hún er í dag. Eins erum við með of fáa tíma í íþróttahúsinu eins og stendur, erum við að samkeyra nokkra flokka og er það ekki óskastaða okkar. Þetta er verkefni sem þarf að huga að í náinni framtíð í samvinnu við ungmennafélagið og sveitarfélagið.

Næst var komið að því að huga að samningsmálum hjá meistaraflokki karla. Tókst þar ágætlega til og héldum við nánast sama mannskap og í fyrra. Þó voru nokkrir leikmenn sem fóru og er það eitthvað sem við þurfum að reyna að koma í veg fyrir til þess að ná að byggja upp lið til framtíðar, við þurfum að halda okkar strákum hér á Selfossi en er það mjög erfitt á meðan að liðið er að berjast í 1. deild.

Veturinn hjá stráknum endaði í miklum vonbrigðum en liðið rétt missti af umspilssæti um sæti í N1 deildinni að ári.

Haldið var áfram starfi meistaraflokks kvenna og tekin var sú ákvörðun um að skrá liðið til leiks í N1 deild kvenna. Var þar mikið verk framundan þar sem það þurfti að semja við alla leikmenn liðsins og ráða þjálfara. Sebastian tók að sér þjálfun liðsins og var með Örn Þrastarson sér til aðstoðar. Stelpurnar stóðu sig einstaklega vel, þær börðust í öllum leikjum vetrarins, náðu í flott úrslit og gáfu hinum liðunum í deildinni ekkert eftir. Þær enduðu tímabilið í 9. sæti sem er virkilega flottur árangur. Vil ég óska stelpunum, Basta og Erni til hamingju með flottan vetur. Eins vill ég þakka Halli fyrir hans framlag við að koma þessu starfi á laggirnar og hans utanum hald á heimaleikjum liðsins í vetur en umgjörðin um þá var virkilega flott.

Símabikarinn í ár var mikið ævintýri hjá báðum liðum en meistaraflokkur kvenna komst í 8 liða úrslit eftir góðan sigur á liði Fjölnis í 16 liða úrslitum. Stelpurnar duttu svo úr leik í 8 liða úrslitum gegn Val eftir að hafa sýnt hreint stórkostlegan leik í fyrri hálfleik og verið yfir 14-13 í hálfleik.

Strákarnir komust alla leið í undanúrslitin eftir að hafa sigrað Aftureldingu2, Val og ÍBV á leið sinni þangað. Því miður gekk ekki alveg nógu vel í undanúrslitaleiknum og tapaðist hann gegn verðandi bokarmeisturum ÍR. Þetta er hins vegar ævintýri sem Selfoss upplifði síðast fyrir 20 árum, það er að komast í Höllina í bikarkeppni. Þetta var flott reynsla í reynslubankann hjá leikmönnum sem og aðstandendum og stuðningmönnum. Vonandi munum við upplifa fleiri leiki með slíkri stemmningu eins og var þarna í náinni framtíð.

Framtíð handboltans á Selfossi er nokkuð björt, þrátt fyrir erfiðan rekstur, mjög erfiðan á köflum meira að segja, þá er ég nokkuð bjartsýnn fyrir því að við verðum komin í fremstu röð á öllum sviðum innan nokkurra ára, en við erum þar nú þegar t.d í yngri flokka starfinu. Akademían hefur verið að skila okkur virkilega frambærilegu handboltafólki síðustu ár og mun halda áfram að gera það og mun það styðja við meistaraflokka félagsins.

Eitt er það verkefni sem liggur fyrir og það er að fá rekstur íþróttahúss Vallaskóla til handknattleiksdeildarinnar, það verður vonandi að veruleika áður en langt um líður en það er til dæmis forsenda þess að deildin geti ráðið framkvæmdastjóra. Það myndi hjálpa deildinni mikið að geta haft starfsmann í fullu starfi og myndi létta mikið á vinnu stjórnarmanna.

Ég ætla að enda þetta á því að þakka öllum sem komið hafa að starfinu í vetur kærlega fyrir, mikið af góðu fólki starfar í kringum handboltann hjá okkur, sérstaklega vill ég þakka þeim sem komið hafa að heimaleikjum deildarinnar í vetur, bæði hjá strákum og stelpum.

Eins vill ég þakka stjórnarmönnum fyrir samstarfið í vetur og vona að næsti vetur verði ennþá skemmtilegri í handboltanum á Selfossi.







## *Ársskýrsla yngriflokkaráðs*

Æfingar yngri flokka hófust 20.ágúst um leið og skólarnir byrjuðu. Vel gekk að manna þjálfarastöður, eingöngu uppeldismenntaðir þjálfarar starfa hjá deildinni og eru ekki mörg félög sem geta státað sig af því. Alls störfuðu 10 þjálfarar hjá unglingaráði í vetur og iðkendur voru um 250.
4.flokkur karla: þjálfari Stefán Árnason aðstoðarþjálfari Örn Þrastarson.

Selfoss sendi tvö lið til keppni í þessum flokki bæði liðin voru í 1. deild. Strákarnir á eldra ári voru í toppbaráttu í 1.deild og endaði í 2.sæti með 38 stig í 18 leikjum. Strákarnir á yngra ári höfnuðu í 5.sæti með 22 stig í 18 leikjum. 4.flokkur karla varð bikarmeistari eftir úrslitaleik við Fram í Laugardalshöll í lok febrúar. Þegar þetta er ritað er Selfoss komið í undanúrslit um Íslandsmeistaratitilinn.

Um 25 strákar hafa æft 5-6 sinnum í viku í vetur, þeir eru á fullu að skipuleggja ferð á Partille-cup í Svíþjóð í sumar. Margir af þessum strákum hafa þegar sett stefnuna á Handbolta-akademíu FSu næsta vetur.

Þeir Ómar Ingi Magnússon,Hergeir Grímsson, Elvar Örn Jónsson, Richard Sæþór Sigurðsson og Alexander Már Egan, voru valdir til æfinga hjá unglingalandsliðinu skipað leikmönnum 17 ára og yngri. Þeir Teitur Örn Einarsson, Aron Óli Lúðvíksson, Bjarni Valdimarsson, Andri Páll Ásgeirsson og Trausti Elvar Magnússon voru valdir til æfinga hjá U16 ára landsliðinu.

**5.flokkur karla**

*Þjálfari Gísli Felix Bjarnason aðstoðarþjálfari Árni Felix Bjarnason.*

Vel yfir 30 strákar hafa æft að staðaldri í vetur. 5. flokkur eldra ár A-lið var meðal þeirra bestu á Íslandsmótinu í vetur og er í 2.sæti þegar ein umferð er eftir á Íslandsmótinu. Þessi flokkur hefur verið í stöðugri framför og hefur náð mjög athyglisverðum árangri.

Strákarnir á yngra árinu hafa verið meðal þeirra 10 efstu.

**6.flokkur karla**

*Þjálfari Stefán Árnason aðstoðarþjálfari Örn Þrastarson.*

Strákarnir á eldraári urði Íslandsmeistarar, þeir unnu öruggan sigur á fyrstu fjórum fjölliðamótunum, fóru í gegnum tímabilið án þess að tapa leik. þetta gríðarlega sterkur árgangur sem hefur haft talsverða yfirburði síðastliðin 3 ár.

Yngra árið var um miðjan hóp lið í sínum aldursflokki, komst m.a. á tímabili á topp 5

Milli 45og 50 strákar hafa æft og keppt í vetur.

**7.flokkur karla**

*Þjálfari Guðmundur Garðar Sigfússon.*

Þetta er mjög öflugur flokkur Þeir hafa verið í fremstu í sínum aldursflokki, úrslit leikja eru ekki talin opinberlega í þessu flokki  Þarna eru saman komnir mjög öflugir strákar sem vert er að fylgjast með og mjög gott foreldrastarf.  Milli 45 og 50 strákar voru að æfa í vetur og hefur þessi flokkur aldrei verið fjölmennari. Selfoss sendi  13 lið til leiks á síðasta mót vetrarins fleiri en nokkurs annað félag.

**4. flokkur kvenna**

*Þjálfari Sebastian Alexandersson aðstoðarþjálfari Örn Þrastarson*

Geysileg öflugur hópur af stelpum, Selfoss hefur skipað sér í fremstu röð kvennaliða í 4. og 5. flokki. Selfoss var á toppnum í deildinni fyrri hluta vetrar en missti flugið í lokin og féllu niður í 2.sætið. Þegar þetta er ritað er Selfoss komið í undanúrslit í keppninni um Íslandsmeistaratitilinn.

Stelpurnar á yngraári voru undir stjórn Gísla Felix Bjarnasonar er líka komið í undanúrslit í keppninni um Íslandsmeistaratitilinn, þær urðu í 5.sæti 1.deildar og bættu sig jafnt og þétt í vetur

Harpa Sólveig Brynjarsdóttir, Elena Birgisdóttir, Dagmar Öder Einarsdóttir, og

Katrín Magnúsdóttir voru valdar í unglingalandslið skipað leikmönnum 17 ára og yngri.

Karen María Magnúsdóttir, Ísabella Rós Ingimundardóttir, Þóra Jónsdóttir, Dagbjört Rut Friðfinnsdóttir, Sesselja Sólveig Birgisdóttir voru valdar í landslið skipað leikmönnum 16 ára og yngri.

**5. flokkur kvenna**

*Þjálfari Tinna Soffía Traustadóttir aðstoðarþjálfari Kristrún Steinþórsdóttir.*

Stelpurnar stóðu sig vel á Íslandsmótinu og voru meðal 10 bestu lið. Þær byrjuð frekar neðarlega en bættu sig þó jafn og þétt og unnu sig upp töfluna og sýndu miklar framfarir.




**6.-7. flokkur kvenna**

*Þjálfari Guðmundur Sigmarsson*

6 kvenna eldra ár var á bilinu 5.-7. Sæti í allan vetur 6 kvenna yngra ár bættu sig þó jafn og þétt og unnu sig upp töfluna og sýndu miklar framfarir og eru þegar þessi orð eru rituð meðal fjögurra bestu þegar ein umferð er eftir.

7.flokks stelpurnar voru í fremstu röð vetur og voru að spila mjög góðan handbolta. Þarna kominn enn einn árgangurinn sem er líklegur til afreka í komandi framtíð. Úrslit leikja eru ekki talin opinberlega í þessu flokki. Mikil fjölgun var í þessu aldurshópi.

Umfang handknattleiksdeildar eykst mikið ár frá ári, iðkendum hefur fjölgað undanfarin ár, árangurinn hefur aldrei verið betri og flestir árgangar eru á topp fimm á landsvísu. Það eru yfir 300 einstaklingar sem stunda handbolta á fullum krafti á Selfossi og þeir æfa þrisvar til tíu sinnum í viku. Það eru tæplega 40 ungmenni í Handboltaakademíu FSu.

Á síðasta keppnistímabili léku lið á vegum handknattleiksdeildar umf. Selfoss 570 leiki ásamt því að halda Landsbankamótið í 7.flokki drengja og stúlkna en á því voru leiknir um 500 leikir. Þarna eru ekki taldir með æfingaleikir og æfingamót sem lið tóku þátt í heldur aðeins leikir í opinberum mótum. Auk þess fóru þrír flokkar fóru á mót erlendis á keppnistímabilinu.

Þessi samantekt er svona til að sýna hversu umfangsmikið starfið er, hjá handknattleiksdeild starfa 15 þjálfarar, 12 manns sitja í stjórn og unglingaráði og mun fleiri í foreldraráðum.

Á vegum handknattleiks-deildarinnar fara fram um 38 æfingar á viku og þyrftu að vera fleiri.

**Landsbankamótið**

Dagana 19.-21. apríl fór fram fjölmennasta íþróttamót á Selfossi á þessu ári, þegar Landsbankamótið í handbolta fór fram á Selfossi.

Mótið tókst í alla staði mjög vel það voru um 900 keppendur sem komu á Selfoss þessa helgi og búast má við að annar eins fjöldi af foreldrum og liðstjórum hafi heimsótt Selfoss. Það voru 180 lið skráð til leiks, leikið var í íþróttahúsi Vallaskóla og íþróttahúsi FSu Iðu. Liðin gistu í Sólvallaskóla og voru þar í mat og kvöldin voru svo kvöldvökur

Byrjað var á föstudeginum kl. 16:00 og mótið stóð fram yfir hádegi á sunnudag. Það voru um 80 starfsmenn komu að mótinu sem krefst mikillar skipulagningar. En þökk sé öflugu foreldrastarfi hjá deildinni og fjölmörgum sjálfboðaliðum sem tilbúnir eru að leggja hönd á plóg að þá gekk mótið mjög vel og er öruggleg komið til að vera.

Foreldrar strákanna í 4.flokki sáu um sjoppu og lögðu fram mikla vinnu en allur ágóði af sjoppusölu fer í ferðasjóð.

Ætla má að um milli 1500 og 2000 manns hafi heimsótt Selfoss um þessa helgi í tengslum við mótið. Þetta er í ellefta skiptið sem þetta mót er haldið og er það búið að festa sig í sessi í íþróttalífinu.

Unglingaráð handknattleiksdeildar vill koma á framfæri þökkum til Landsbankans á Selfossi, Lýsis, MS-Selfossi og Dominós fyrir frábæran stuðning við yngri flokka starf handboltans á Selfossi og til allra þeirra sem störfuðu á Landsbankamótinu og sérstaklega til starfsmanna íþróttahúsanna sem unnu sýna vinnu af miklum sóma.

**Unglingalandslið**

Samtals eru nú milli 25 og 30 ungmenni frá umf. Selfoss í yngri landsliðum HSÍ, þetta eru unglingar sem eru í fremstu röð sinna jafnaldra í handkattleik á landinu, og ef að líkum lætur á bara eftir að fjölga í þessum hópi því á leiðinni eru mjög sterkir árgangar leikmanna með framtíðarlandsliðs-mönnum.

*Einar Guðmundsson*
*yfirþjálfari*




## *Ársskýrsla handknattleiksakademíunnar*

Alls 36 iðkendur voru skráðir í handboltaakademíuna á skólaárinu 2012-2013 þar af 8 sem útskrifast í vor úr akademíunni. Þrátt fyrir erfiðan efnahag þá hefur tekist að halda iðkendagjaldinu óbreyttu án þess að skerða mikið þjónustuna sem hefur verið til staðar. Hins vegar er ljóst að nú þarf að hækka gjaldið fyrir næsta ár og einnig hagræða í rekstrinum til þess að láta enda ná saman. Alls voru 8 starfsmenn við störf í handboltaakademíunni í vetur og starfið hefur aldrei verið eins vinsælt á meðal iðkenda en í vetur en það hafa aldrei fleiri verið skráðir í handboltaakademíuna en á þessu skólaári. Æfingar akademíuflokka hófust snemma í ágúst eins og vanalega.

**2. flokkur karla**
Þjálfari var Arnar Gunnarsson. Þessi flokkur var nánast eingöngu skipaður strákum á yngsta ári og því ljóst að erfiður vetur yrði framundan hjá liðinu þar sem flest lið höfðu talsvert af leikmönnum sem voru á elsta ári. Liðið spilaði í 1. deild en gekk ekki nógu vel og komust strákarnir ekki í 8 liða úrslit að þessu sinni. Í bikarkeppninni féll liðið naumlega úr leik í 8 liða úrslitum fyrir Bikar- og Deildarmeisturum FH. Liðið á hins vegar helling inni þar sem að það missir engan leikmann úr liðinu fyrir næsta vetur.

**3. flokkur karla**
Þjálfari var Stefán Árnason. Það voru skráð 2 lið til leiks eins og undanfarin ár.

A liðið var í 1. deild og enduðu í 6. sæti í jafnri deild og voru þeir aðeins 2 stigum frá 4 sætinu sem hefði gefið heimaleikjarétt í 8 liða úrslitum. Liðið vann síðan Þór Akureyri í umspili og lék síðan við Deildarmeistara Gróttu í 8 liða úrslitum og tapaði naumlega. Þá var liðið grætilega nærri því að komast langt í bikarnum en það tapaði í framlengdum leik fyrir Haukum í 8 liða úrslitum. Liðið bætti sig mikið eftir því sem leið á veturinn en meiðsli lykilmanna höfðu nokkur áhirf á veturinn.

B liðið var 2. deild og enduðu þeir í 4 sæti í B riðli með 10 stig. Í deildinni voru bara tvö önnur B lið en annars voru hin liðin A lið sinna félaga. Markmiðið í B liðinu var að leyfa öllum að spreyta sig og gefa leikmönnum tækifæi til þess að þroska sinn leik frekar en að leggja allt kapp á árangur í deildinni. Veturinn var því mjög lærdómsríkur og miklar framfarir hjá mörgum leikmönnunum.

**3. flokkur kvenna**
Þjálfarar voru Sebastian Alexandersson og Örn Þrastarson. Það voru skráð 2 lið til leiks.

A liðið var í 1. deild og enduðu stelpurnar í 6. sæti með 7 sigra og 9 töp. Gríðarlega mikil forföll voru í flokknum í vetur vegna meiðsla og langvarandi veikinda. Liðið náði ekki að stilla upp sínu sterkasta liði nema í 5 leikjum af 20 og unnust þeir allir. Liðið komst þó í Bikarúrslit og tapaði þar naumlega fyrir Deildarmeistunum Fram 24-21. Í 8 liða úrslitum tapaði svo liðið fyrir FH í leik þar sem 4 leikmenn vantaði vegna meiðsla. Framhaldið lítur vel út fyrir flokkinn þar sem aðeins 1 leikmaður gengur upp í Meistaraflokk á meðan helstu keppinautarnir missa fleiri.

B liðið var 2. deild og var það lið skipað leikmnnum sem þurftu að fá að spila mikið til þess að læra íþróttina og öðlast reynslu. Leikmenn liðsins fengu að prófa margar stöður og snérist veturinn því að mestu leiti um reynsluna en ekki árangur. Fyrir vikið þá voru framfarirnar miklar hjá öllum leikmönnum liðsins.



*Skýrsla þjálfara*

**Vorönn**

Þjálfarar á vorönn voru:

| | |
|---|---|
| 6 – 10 ára | Þórdís Böðvarsdóttir með aðstoð Þóru Þorsteinsdóttur og Úlfs Böðvarssonar |
| 11 – 14 ára | Garðar Skaptason |
| 15 ára og eldri | Garðar Skaptason, Bergur Pálsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson |

Æfingar voru:

Þriðjudögum og fimmtudögum fyrir 6 – 10 ára kl. 16:15 – 17:15. Mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum fyrir 11 – 14 ára kl. 17:15 – 18:15. Mánudögum, þriðjudögum, fimmtudögum og föstudögum fyrir 15 ára og eldri. Æfingatímar fullorðinna 18:15 – 19:45 nema á föstudögum 17:00 – 18:00.

**Haustönn**

Þjálfarar á vorönn voru:

| | |
|---|---|
| 6 – 10 ára | Þórdís Böðvarsdóttir með aðstoð Þóru Þorsteinsdóttur og Úlfs Böðvarssonar |
| 11 – 14 ára | Garðar Skaptason með aðstoð Eyþórs Óskarssonar |
| 15 ára og eldri | Garðar Skaptason, Bergur Pálsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson |

Æfingar voru:

Þriðjudögum og fimmtudögum fyrir 6 – 10 ára kl. 16:15 – 17:15. Mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum fyrir 11 – 14 ára kl. 17:15 – 18:15. Mánudögum, þriðjudögum, fimmtudögum og föstudögum fyrir 15 ára og eldri. Æfingatímar fullorðinna 18:15 – 19:45 nema á föstudögum 17:00 – 18:00.

## Starf

Garðar Skaptason hefur séð um skráningar fyir mót og fylgt keppendum 11 ára og eldri á mótum en Þórdís Böðvarsdóttir sé um skráningar og mót fyrir 6 – 10 ára og fylgt þeim á mót.

Sigurður Gunnar Ásgreirsson hefur starfað á flestum mótum og gengið vel. Þá hefur Þórdís Böðvarsdóttir tekið að sér sífellt fleiri störf fyrir UMF og JSÍ við mót og þótt standa sig með ágætum.

Æfingar síðasta tímabils hafa gengið vel og iðkendum fjölgað. Met var slegið á vorönn er mættu 20 judomenn á æfingu fullorðinna.

Nokkrir gestaþjálfarar heimsóttu okkur á vorönn og komu þeir Yoshihiko Iura 7. Dan, Bjarni Friðriksson 6. Dan, Halldór Guðbjörnsson 5. Dan og Gísli Þorsteinsson 5. Dan.

Haustönn hófst með æfingabúðum 7. – 9. september og var þátttaka ágæt miðað við fyrstu tilraun og voru þjálfarar Garðar Skaptason, Bergur Pálsson, Þór Davíðsson, Matthías Harðarsson, Yoshihiko Iura, Bjarni Friðriksson og Gísli Þorsteinsson

Valdir voru efnilegustu judomenn ársins og voru þau Egill Blöndal Judodeild UMF og Ingunn Sigurðardóttir JR valin þau efnilegustu undir 20 ára.

Á haustönn náðu þeir Bergur Pálsson og Egill Blöndal stóráföngum er Bergur var gráðaður 2. Dan og Egill 1. Dan.

# Júdódeild



Á vorönn gráðaðir: 15 ára og eldri

| | |
|---|---|
| Brynjar Eiríksson | 5 kyu |
| Egill Gestsson | 5 kyu |
| Trostan Gunnarsson | 5 kyu |
| Sævar Ingi Rúnarsson | 4 kyu |
| Þóra Þorsteinsdóttir | 4 kyu |
| Árni Þór Þorsteinsson | 3 kyu |
| Sævar Ingi Sigurðsson | 2 kyu |

Á vorönn gráðaðir: 11 – 14 ára

| | |
|---|---|
| Pétur Guðmundsson | 1/2 5 kyu |
| Halldór Ingvar Bjarnason | 1/2 5 kyu |
| Bjartþór Böðvarsson | 1/2 5 kyu |
| Hrafn Arnarsson | 1/2 5 kyu |
| Sigurður Fannar Hjaltason | 1/2 5 kyu |
| Páll Á Steinsson | 5 kyu |
| Grímur Ívarsson | 1/2 3 kyu |
| Úlfur Böðvarsson | 1/2 3 kyu |
| Mikael Jafet Ragnarsson | 1/2 2 kyu |
| Jakob H.P. Ingvarsson | 1/2 2 kyu |

Á haustönn voru gráðaðir: 10 – 14 ára
BELTI: GUL RÖND
Ásgeir, Björgvin, Magnús, Valdimar og Ýmir

BELTI: GULT
Bjartþór, Halldór, Hrafn, Pétur og Sigurður

BELTI: ORANGE RÖND
Páll

BELTI: BLÁ RÖND
Grímur og Úlfur

BELTI: BLÁTT
Mikael og Jakob

Á haustönn voru gráðaðir: 15 ára og eldri
BELTI: GULT
Gunnar og Olivera

BELTI: ORANGE
Björn

BELTI: BRÚNT
Böðvar og Eyþór

BELTI: SVART
Egill 1. Dan og Bergur 2. Dan

Í desember 2012 var HSK mótið og var þátttaka góð. Í flokki undir 10 ára voru 20 keppendur, í flokki 10 – 14 ára 10 keppendur og fullornir voru 20 keppendur. Það bar til tíðinda að í fyrsta skipti var keppt í flokki kvenna og vann Þóra Þorsteinsdóttir.

Þá var líka í fyrsta skipti keppt í opnum flokki karla

## Árangur UMF Selfoss á judomótum starfsárið 2012

**Afmælismót U13 14. janúar**
*BD – 38kg*
2. sæti Hrafn Arnarsson
3. sæti Bjartþór Böðvarsson
*BD – 46kg*
2. sæti Halldór Bjarnason
*TD – 42kg*
1. sæti Mikael Jafet Ragnarsson
*TD – 60kg*
3. sæti Jakob Ingvarson
*TD + 66kg*
1. sæti Grímur Ívarsson






**Reykjavík Int. Games 21. janúar**
*M-90kg*
2. sæti Þór Davíðsson

**Afmælismót JSÍ – Seniorar 28. janúar**
*Opinn flokkur*
3. sæti Þór Davíðsson
*M – 90kg*
1. sæti Þór Davíðsson

**Kyu mót I - 11. febrúar**
*BD – 38kg*
2. sæti Hrafn Arnarsson
3. sæti Bjartþór Böðvarsson
*BD – 50kg*
1. sæti Halldór Ingvar Bjarnason
*TD – 42kg*
1. sæti Mikael Jafet Ragnarsson
*TD – 66kg*
2. sæti Úlfur Böðvarsson
*M – 90kg*
3. sæti Sævar Ingi Rúnarsson

**Íslandsmót fullorðinna 24. mars**
*M Opinn*
4. sæti Þór Davíðsson
*M – 81kg*
3. sæti Egill Blöndal
*M-90kg*
3. sæti Þór Davíðsson

**Íslandsmót U13 og U15 - 31. mars Akureyri**
*BD – 38kg*
3. sæti Hrafn Arnarsson
*BD – 46kg*
1. sæti Halldór Ingvar Bjarnason
*TD – 73kg*
3. sæti Grímur Ívarsson

**Norðurlandamót 19. maí**
2. sæti Egill Blöndal (tapaði á Hante eftir gullskor með minnsta mögulega mun)

**Opna Sænska Juniora U20 - 29 september**
*-81kg*
3. sæti Egill Blöndal

**Haustmót JSÍ 13. oktober í Vogum**
*BD – 42kg*
3. sæti Hrafn Arnarsson
*BD – 46kg*
2. sæti Bjartþór Böðvarsson
*BD – 50kg*
2. sæti Halldór Ingvar Bjarnason
*TD – 46kg*
2. sæti Pétur Steinn Guðmundsson
*TD – 55kg*
2. sæti Ýmir Ingólfsson
*TD – 73kg*
1. sæti Grímur Ívarsson
2. sæti Úlfur Böðvarsson

**Hilleröd Danmörku nóvember**
*U17 – 73kg*
3. sæti Grímur Ívarsson
5. sæti Úlfur Böðvarson

**KYU mót II 1. desember 2012 á Selfossi**
*BD – 42kg*
3. sæti Hrafn Arnarsson
*BD – 46kg*
3. sæti Bjartþór Böðvarsson
*BD – 50kg*
2. sæti Halldór Bjarnason
*TD – 73kg*
1. sæti Úlfur Böðvarson
2. sæti Grímur Ívarsson
*UD – 81kg*
1. sæti Egill Blöndal
*UD + 90kg*
2. sæti Eyþór Óskarsson
*P – 90kg*
2. sæti Trostan Gunnarsson
*K – 63kg*
3. sæti Olivera ILIC
*M – 81kg*
Egill Blöndal



## *Skýrsla stjórnar*

*Lögð fram á aðalfundi 29. nóvember 2012.*

### Stjórn knattspyrnudeildar

Lítils háttar breytingar urðu á stjórn knattspyrnudeildar á síðasta aðalfundi. Jón Gíslason og Skúli Bergmann fengu heiðursskiptingu og tóku sæti í varastjórn. Nýir menn komu inn, Hjalti Þorvarðarson, Jón Sveinsson og Sævar Þór Gíslason. Verkaskipting var þannig að Óskar Sigurðsson var formaður, Þorsteinn Magnússon, varaformaður, Sveinn Ingvason, ritari, Hjalti Þorvarðarson, gjaldkeri, og Jón Sveinsson meðstjórnandi auk Sævars Þórs Gíslasonar. Verkefni stjórnar voru ærin þetta tímabil, þar sem bæði karla- og kvennalið Selfoss höfðu unnið sér sæti í Pepsi deildinni.

### Meistaraflokkarnir

Bæði karla- og kvennalið Selfoss léku meðal þeirra bestu sumarið 2012. Miklar breytingar urðu á leikmannahópi beggja liða eftir síðasta keppnistímabil. Hjá körlunum hættu margir leikmenn, sem höfðu gegnt lykilhlutverki hjá liðinu á síðustu árum. Liðið stóð því frammi fyrir ákveðinni endurnýjun og leit hófst að öðrum eins gæðaleikmönnum til að fylla það mikla skarð sem þessir heiðurspiltar létu eftir sig. Var því nokkuð um nýja leikmenn til þess að þétta upp í skörðin og styrkja hópinn. Hjá kvennaliðinu voru einnig breytingar og komu t.d. þrír leikmenn frá Bandaríkjunum. Því miður fór svo að strákarnir náðu ekki að halda sæti sínu í deildinni. Voru það nokkur vonbrigði enda leikmannahópurinn sterkur og liðið vel spilandi. Stelpurnar sýndu mikla baráttu í leikjum sínum í sumar og tryggðu sér áframhaldandi veru í deildinni með mikilli þrautseigju og elju. Þrátt fyrir að í sumum leikjunum hefði verið mjög á brattann að sækja, reimuðu þær bara aftur á sig skóna og voru mættar enn ákveðnari í næsta leik. Fór svo að þessi barátta og eljusemi tryggði liðinu Pepsi-deildar sæti að ári.

### Eftirsóttir leikmenn Selfoss

Hinir ungu og efnilegu leikmenn Selfoss voru undir smásjá erlendra liða í sumar. Nú liggur fyrir að Jón Daði Böðvarsson er á leið til Noregs í atvinnumennsku. Stefán Ragnar Guðlaugsson er einnig á reynslu hjá liðum í Skandinavíu. Þá var Guðmundur Þórarinsson að ganga frá samningi við lið í Noregi fyrir skömmu. Við teljum hann auðvitað í okkar hópi þó hann hafi leikið með ÍBV síðustu tvö sumur. Þetta staðfestir gott uppeldisstarf innan deildarinnar og þá góðu vinnu sem unnið hefur verið á undanförnum árum. Þá hvetur þetta einnig aðra unga leikmenn okkar, enda sýnir þetta svart á hvítu að þeir leikmenn sem spila með Selfoss eiga möguleika á að láta draum sinn rætast leggi þeir sig fram. Þá var Jón Daði nýverið valinn í A landsliðshóp Íslands og óskum við honum að sjálfsögðu til hamingju með þann frábæra árangur.

### Þjálfarar

Logi Ólafsson og Björn Kristinn Björnsson stýrðu karla- og kvennaliðum Selfoss á liðnu keppnistímabili. Þeir létu af störfum að loknu tímabilinu og þökkum við þeim það góða starf sem þeir hafa unnið á undanförnum tveimur árum. Við karlaliðinu tók Gunnar Guðmundsson, sem hefur þjálfað U17 ára landslið Íslands undanfarin ár, og Halldór Björnsson, sem er honum til aðstoðar. Gunnar Borgþórsson tók við kvennaliðinu og er jafnframt yfirþjálfari yngri flokka. Nýir þjálfarar hafa einnig tekið við 2. flokki, þeir Adolf Bragason og Njörður Steinarsson. Bjóðum við þessa þjálfara velkomna til starfa og væntum mikils af þeim á komandi tímabilum. Stefna stjórnar er að byggja á þeim ungu og efnilegu leikmönnum, sem nú taka við keflinu, og hefur stjórn fulla trú á því að þetta þjálfarateymi muni skila Selfoss góðum árangri á komandi árum.

### Fjármál og rekstur

Það var þungur róður að halda úti tveimur liðum í efstu deild. Tímabundinn halli er því nú á rekstri deildarinnar. Ástæður þess má m.a. rekja til minni tekna af miðasölu en áætlanir gerðu ráð fyrir. Virðist sem almennt hafi verið minni aðsókn á leiki í sumar en áður og er það rakið að nokkru til Evrópukeppninnar í fótbolta sem og að leikdagar



í Pepsi-deildinni voru ekki áhorfendavænir. Þá voru ætlaðar tekjur vegna auglýsinga ekki eins miklar og lagt var upp með. Stjórn hefur þegar gripið til ráðstafana til að mæta þessu sem og fyrirséðum tekjusamdrætti á næsta ári með lækkun á launaliðum og hagræðingu. Það verður þó ekki á kostnað gæða í þjálfun eða því metnaðarfulla umhverfi, sem Selfoss vill halda úti. Þá eru einnig fyrirséðar tekjur vegna sölu leikmanna, sem koma til útborgunar á næsta ári.

## Helstu verkefni

Helstu verkefni deildarinnar og fjáraflanir eru sem fyrr Herrakvöldið, sem nú var haldið fyrsta föstudag í nóvember sl. Var það mál manna að hér hefði verið eitt besta Herrakvöld sem haldið hefur verið hingað til og var gerður góður rómur að veislustjórn Sólmundar Hólm og ræðu séra Óskars Hafsteins Óskarssonar. Þá er flugeldasalan einnig stór tekjupóstur sem og Olísmótið, getraunasala og sala auglýsinga. Einnig var mikil vinna á okkar félagsmönnum í tengslum við unglingalandsmót UMFÍ sem haldið var á Selfossi um verslunarmannahelgina.

## Niðurlag

Það tímabil sem nú er á enda hefur verið mjög krefjandi fyrir alla þá sem að starfinu komu. Var mikil vinna innt af hendi af okkar fólki. En fyrst og fremst var þetta ánægjulegt og gefandi. Sá félagsskapur sem kemur að starfi deildarinnar er einstakur, samhentur og ákveðinn í að vinna sem best fyrir félagið sitt. Höldum áfram á þessari braut, stefnum að nýjum metnaðarfullum markmiðum og reynum alltaf að gera betur. Stjórn Knattspyrnudeildar þakkar sérstaklega samstarfið við alla þá sem komið hafa að starfi deildarinnar á síðasta tímabili, einkum unglingaráði, meistaraflokksráði kvenna, heimaleikjaráði, stuðningsmönnum og síðast en ekki síst leikmönnum Selfoss. Það er heiður og forréttindi fyrir okkur í stjórninni að fá að starfa með svona hæfileikaríku og dugmiklu fólki.

*F.h. stjórnar knattspyrnudeildar Umf. Selfoss*
*Óskar Sigurðsson, formaður*

## *Viðurkenningar meistaraflokka og 2. flokks*

**Verðlaunahafar í 2. flokki kvenna:**

| | |
|---|---|
| Markadrottning | Katrín Rúnarsdóttir |
| Framför og ástundun | Karen Inga Bergsdóttir og Inga Lára Sveinsdóttir |
| Leikmaður ársins | Íris Sverrisdóttir |

**Verðlaunahafar í 2. flokki karla:**

| | |
|---|---|
| Markakóngur | Magnús Ingi Einarsson |
| Framför og ástundun | Ísak Eldjárn Tómasson |
| Leikmaður ársins | Magnús Ingi Einarsson og Þorsteinn Daníel Þorsteinsson |

**Verðlaunahafar í meistaraflokki karla:**

| | |
|---|---|
| Markakóngur | Viðar Örn Kjartansson og Jón Daði Böðvarsson |
| Framför og ástundun | Gunnar Már Hallgrímsson |
| Leikmaður ársins | Jón Daði Böðvarsson |
| Efnilegastur | Róbert Sandnes |
| Guðjónsbikarinn | Endre Ove Brenne |

**Verðlaunahafar í meistaraflokki kvenna:**

| | |
|---|---|
| Kona ársins | Guðmunda Brynja Óladóttir og Katrín Ýr Friðgeirsdóttir |
| Efnilegasti leikmaður | Eva Lind Elíasdóttir |
| Markadrottning | Guðmunda Brynja Óladóttir |
| Framfarir og ástundun | Katrín Rúnarsdóttir |
| Guðjónsbikarinn | Anna María Friðgeirsdóttir |

**Óeigingjarnt starf í þágu deildarinnar**
1x2 félagar Gissur, Rúnar og Gummi Bergs

**Félagi ársins**
Svava Svavarsdóttir og Torfi Ragnar Sigurðsson

**Svo er einn sem stendur upp úr og er alltaf tilbúinn að redda öllu:**
Sævar Sigurðsson



**Viðurkenningar fyrir leikjafjölda**

| | |
|---|---|
| 150 leikir | Ingólfur Þórarinsson |
| 100 leikir | Stefán Ragnar Guðlaugsson |
| | Jón Daði Böðvarsson |
| 50 leikir | Katrín Ýr Friðriksdóttir |
| | Endre Ove Brenne |

## *Skýrsla unglingaráðs 2012*

Unglingaráð árið 2012 skipuðu Helena Sif Kristinsdóttir, Alma Sigurjónsdóttir og Selma Sigurjónsdóttir. Auk þeirra starfaði Erling Huldarsson hluta úr árinu með ráðinu. Starfsmaður unglingaráðs er framkvæmdastjóri knattspyrnudeildarinnar, Sveinbjörn Másson. Þess má geta hér að unglingaráði vantar fleiri meðlimi og viljum við biðja þá sem áhuga hafa að hafa samband við okkur.

Flott ár er að baki og stunduðu rúmlega 400 iðkendur knattspyrnu á liðnu tímabili. Auk Faxaflóamóts og Íslandsmóts fóru allir flokkar á sín hefðbundnu mót og má þar nefna Pæjumót og Shellmót í Eyjum, Norðurálsmót á Akranesi, Símamót í Kópavogi og N1 mótið og Goðamótið á Akureyri. Krakkarnir stóðu sig að vanda vel á þessum mótum, bæði innan vallar sem utan.

3. flokkur karla lagði svo land undir fót í júlí þegar þeir fóru á Gothia cup í Svíþjóð. Ferðin heppnaðist í alla staði mjög vel og komu allir glaðir heim. Þess má geta að 3. og 4. flokkur karla og 4. flokkur kvenna var í ár með sameiginlegt lið með Þorlákshöfn og er stefnt að frekari samstarfi þessara liða.

Olísmótið var á sínum stað með metþáttöku liða og gekk í alla staði frábærlega. Er þetta mót orðið ein stærsta fjáröflun knattspyrnudeildarinnar. Þarna leggst öll deildin á eitt að halda flott mót og þakkar unglingaráð öllum þeim foreldrum og öðrum sjálfboðaliðum sem lögðu hönd á plóg við að klára þetta verkefni með sæmd.

*F.h. unglingaráðs knattspyrnudeildar Umf. Selfoss*
*Alma og Selma*

## *Þjálfaraskýrslur 2011-2012*

**3. flokkur karla**
*Þjálfarar: Guðmundur Sigmarsson og Ingi Rafn Ingibergsson*
Iðkendur: 35-45
Þátttaka í mótum:
- Æfingaleikir
- Faxaflóamót vor 2012 a- og b-lið
- Íslandsmót sumar 2012 a-, b- og c-lið
- Bikarkeppni Sv-lands a-lið
- Gothia-cup í Svíþjóð u-16, u-15 a og u-15 b

Verðlaunahafar:

| | |
|---|---|
| Besti varnarmaður: | Arnar Einarsson |
| Besti miðjumaður: | Vikingur Freyr Erlingsson |
| Besti sóknarmaður: | Richard Sæþór Sigurðsson |
| Leikmaður ársins: | Sindri Pálmason |
| Mestu framfarir: | Gísli Frank Olgeirsson |
| Besta ástundun: | Einar Jakob Jóhannsson |

Starf foreldraráðs: Foreldraráð sá um fjáraflanir fyrir ferðir innanlands og að panta rútur fyrir leiki sem við þegar við fórum með rútu. Síðan var fjáröflunarnefnd fyrir utanlandsferðina sem sá um að skipuleggja fjáraflanir fyrir Gothia-cup og að panta allt sem viðkom þeirri ferð.
Annað: Liðin spiluðu undir heitinu Selfoss/Ægir í sumar og gekk það samstarf mjög vel. Liðin spiluðu öll tvo heimaleiki í Þorlákshöfn.
Hópurinn fór í 12 daga æfingar-og keppnisferð til Svíþjóðar sem gekk mjög vel.

**3. flokkur kvenna**
*Þjálfari: Jóhann Bjarnason*
Iðkendur: 20
Þátttaka í mótum:
- Faxaflóamót vor 2012
- Íslandsmót sumar 2012
- Bikarkeppni sumar 2012

Verðlaunahafar:

| | |
|---|---|
| Besti varnarmaður: | Bergrós Ásgeirsdóttir |
| Besti miðjumaður: | Sunneva H. Sigurvinsdóttir |












Besti sóknarmaður: Signý Rúnarsdóttir
Leikmaður ársins: Esther Ýr Óskarsdóttir
Mestu framfarir: Hekla Halldórsdóttir
Besta ástundun: Sigríður Elma Karlsdóttir

Starf foreldraráðs: Lítið var að gera fyrir foreldráð þetta árið en þau skipulögðu þó góða ferð norður á Akureyri. Foreldraráðið tók svo vel á móti Þór Akureyri þegar þær komu suður og buðu uppá glæsilegt bakkelsi eftir leik.
Annað: Það eru margar efnilegar stelpur í þessum flokki. Fjórar af þeim voru valdar í landsliðaúrval u-17.

**4. flokkur karla**
*Þjálfarar: Guðmundur Sigmarsson, Magnús Ingi Einarsson og Ingi Rafn Ingibergsson*
Iðkendur: 25-31
Þátttaka í mótum:
Æfingarleikir
Faxaflóamót vor 2012 a-, b- og c-lið
Íslandsmót sumar 2012 a- og b-lið
Verðlaunahafar:
Besti varnarmaður: Guðmundur A. Sveinsson
Besti miðjumaður: Jökull Hermannsson
Besti sóknarmaður: Arilíus Óskarsson
Leikmaður ársins: Guðmundur A. Sveinsson
Mestu framfarir: Sigurður Gauti Guðmundsson
Besta ástundun: Steingrímur M. Steingrímsson

Starf foreldraráðs: Foreldraráðið sá um að panta rútur og sá um fjáröflun fyrir flokkinn (happadrættið).
Annað: Flokkurinn mætti nokkuð vel á æfingar og voru drengirnir samviskusamir og bættu sig mikið á árinu. Samstarf var með Ægi Þorlákshöfn í flokknum og gekk það vel. Þaðan komu um 10 strákar sem spiluðu með okkur. Liðið spilaði tvo leiki í Þorlákshöfn.

**4. flokkur kvenna**
*Þjálfari: Jóhann Bjarnason*
Iðkendur: 20
Þátttaka í mótum:
Faxaflóamót vor 2012
Íslandsmót sumar 2012
Goðamót á Akureyri
Verðlaunahafar:
Besti varnarmaður: Ísabella Rós Ingimundardóttir
Besti miðjumaður: Kolbrún Ýr Karlsdóttir
Besti sóknarmaður: Karen María Magnúsdóttir
Leikmaður ársins: Þóra Jónsdóttir
Mestu framfarir: Lára Björk Ingvarsdóttir
Besta ástundun: Ólöf Eir Jónsdóttir

Starf foreldraráðs: Foreldraráð skipulagði frábæra ferð norður á Akureyri.
Annað: Það eru margar efnilegar stelpur í þessum flokki. Þrjár af þeim voru valdar í landsliðsúrval u-17. Þess má geta að stelpurnar lentu í 2. sæti á Goðamótinu og markmaður flokksins var kosinn besti markmaður mótsins.

**5. flokkur karla**
*Þjálfarar: Brad Alexander Egan og Markús Árni Vernharðsson*
Iðkendur: 35 til 43
Þátttaka í mótum:
Hraðmót á Akranesi
Faxaflóamót vor 2012
Íslandsmót sumar 2012
N1-mótið á Akureyri
Olísmótið
Ýmsir æfingaleikir t.d. við Hrunamenn
Verðlaunahafar:
Besti varnarmaður: Antón Breki Viktorsson



Besti miðjumaður: Haukur Þrastarsson
Besti sóknarmaður: Martin Bjarni Guðmundsson
Leikmaður ársins: Antón Breki Viktorsson
Mestu framfarir: Benedikt Fadel Faraq
Besta ástundun: Egill Hermannsson

Starf foreldraráðs: Það var mjög flott og fjölbreytilegt starf hjá foreldraráði. Stærsta verkefni foreldraráðs var fótboltamaraþonið, en það er mikilvægur liður í öflun á fé fyrir N1-mótið á Akureyri. Þessi fjáröflun og styrkir ýmissa góðra fyrirtækja gerðu það að verkum að strákarnir þurftu einungis að leggja út fyrir óþarfa sjálfsneyslu á meðan mótinu stóð. Viljum við því sérstaklega þakka fyrirtækjunum; Guðnabakari, Krás, MBF (MS), Bananar ehf. og Vífilfelli fyrir stuðninginn ásamt öllum hinum sem komu að þessu verkefni.

Önnur verkefni sem voru í umsjá foreldraráðs var t.d. að manna sjoppurnar, eldhúsið og umsjón á næturvakt í Vallaskóla á Olísmótinu, skipuleggja akstursplan fyrir Faxaflóa- og Íslandsmót, o.s.frv. Við viljum sérstaklega þakka ÞÁ Bílar fyrir mikinn og góðann stuðning.

Viljum við þakka foreldraráði og öllum þeim foreldrum sem mættu á leiki og annað í kringum 5. flokk karla fyrir frábært samstarf á síðasta ári.

Annað: Við viljum koma fram sérstökum þökkum til Gísli Franks Olgeirssonar og Arnórs Gíslasonar fyrir aðstoðina á N1-mótinu, Olísmótinu og Íslandsmótinu í sumar.

**5. flokkur kvenna**
*Þjálfarar: Guðmunda Brynja Óladóttir, Jon Andre Røyrane og Aníta Guðlaugsdóttir*
Iðkendur: 15-24
Þátttaka í mótum:

Keflarvíkurmót
Faxaflóamót
Íslandsmót
Pæjumót í Vestmannaeyjum
Símamót

Verðlaunahafar:

Besti varnarmaður: Brynhildur Ágústsdóttir og Ingunn Sara Brynjarsdóttir
Besti miðjumaður: Barbára Sól Gísladóttir og Elva Rún Óskarsdóttir
Besti sóknarmaður: Unnur Dóra Bergsdóttir og Snædís Líf Pálmarsdóttir
Leikmaður ársins: Unnur Dóra Bergsdóttir
Mestu framfarir: Bríet Guðný Sigurðardóttir
Besta ástundun: Svanlaug Arnardóttir

Starf foreldraráðs: Mjög flott og fjölbreytilegt starf var hjá foreldraráði. Það var mjög virkt þegar kom að stórum mótum eins og Pæjumótinu og Símamótinu að halda utan um allt og skipuleggja allt í kringum það. Einnig voru foreldrar duglegir að koma á leiki og styðja við bakið á stelpunum bæði í heima – og útileikjum

Viljum við þakka foreldraráði og öllum þeim foreldrum sem mættu á leiki og annað í kringum 5. flokk kvenna fyrir frábært samstarf á síðasta ári.

Annað: Við viljum koma fram sérstökum þökkum til Ernu Guðjónsdóttur, Alexanders Más Egan og Richards Sæþórs Sigurðssonar fyrir aðstoðina á Pæjumótinu í Vestmannaeyjum og á Íslandsmótinu í sumar.

**6. flokkur kvenna**
*Þjálfarar: Hafdís Jóna Guðmundsdóttir og Halldóra Íris Magnúsdóttir*
Iðkendur: 35-40
Þátttaka í mótum:

Haustmót ÍA
Keflavíkurmót
VÍS mót Þróttar
Hnátumót KSÍ
Landsbankamótið á Sauðárkróki
Símamót
Subwaymót HK
Æfingaleikir við KFR (ÍBV) og FH

Verðlaunahafar:

Besti varnarmaður: Karen Lind Einarsdóttir
Besti miðjumaður: Inga Matthildur Karlsdóttir
Besti sóknarmaður: Brynhildur Sif Viktorsdóttir
Leikmaður ársins: Ísabella Sara Halldórsdóttir
Mestu framfarir: Íris Gunnarsdóttir
Besta ástundun: Íris Gunnarsdóttir og Írena Rán Ingþórsdóttir.





Starf foreldraráðs: Foreldraráðið stóð fyrir einni fjáröflun sem hluti af hópnum tók þátt í og var ætluð til að standa straum af kostnaði aðallega á Símamót en einnig á Sauðárkróksmót. Foreldraráðið vann virkilega gott starf í skipulagningu fyrir Símamót. Þar voru allir foreldrar virkjaðir í að aðstoða við liðsstjórn, fararstjórn og þess háttar. Við þökkum Krás, MS, Guðnabakarii og Krónunni fyrir að styrkja okkur um vörur fyrir Símamótið og gerði það að verkum að það þurfti ekki að leggja út í neinn auka“nestis“kostnað á mótinu. Við þökkum foreldra-ráðinu fyrir vel unnin störf á tímabilinu, þau voru alltaf til taks þegar á þurfti að halda.

**6. flokkur karla**
*Þjálfarar: Sigmar Karlsson og Stefán Ragnar Guðlaugsson*
Iðkendur: Allt að 45
Þátttaka í mótum:

- Njarðvíkurmótið í Reykjaneshöllinni
- Keflavíkurmótið í Reykjaneshöllinni
- Boðsmót á vegum Breiðablik í Fífunni
- Akranesmótið í Akraneshöllinni
- Subway mót ÍR á ÍR velli
- Pollamóts KSÍ
- Shellmótið í Vestmannaeyjum
- Atlantismót Aftureldingar á Tungubökkum
- Ýmsir æfingarleikir t.d. við Hamar

Verðlaunahafar:

| | |
|---|---|
| Besti varnarmaður: | Elfar Ísak Halldórsson |
| Besti miðjumaður: | Aron Einarsson |
| Besti sóknarmaður: | Tryggvi Sigurberg Traustason |
| Leikmaður ársins: | Aron Einarsson |
| Mestu framfarir: | Vilhelm Steindórsson |
| Besta ástundun: | Hlynur Héðinsson |

Starf foreldraráðs: Starf foreldraráðsins snérist að mestu leiti um skipulagningu í kringum Shellmótið í Vestmannaeyjum. Ráðið sá um fjáraflanir og kom að ýmsum skipulagsatriðum í kringum mótið í samráði við þjálfara flokksins. Þau komu einnig að skipulagningu rútuferða til dæmis á Pollamót KSÍ sem var haldið í Sandgerði og Kópavogi. Almennt séð var foreldraráðið mjög virkt og ekki hægt að segja annað en að störf þess hafi verið mjög fagleg í alla staði. Foreldraráðið hafði einnig sitt hlutverk í kringum Olísmótið sem var haldið á Selfossi.
Annað: Við viljum þakka öllum foreldrum fyrir gott starf og þá sérstaklega foreldraráðinnu sem eins og áður sagði stóð sig mjög vel.

**7. flokkur karla**
*Þjálfari: Stefán Ragnar Guðlaugsson*
Iðkendur: 30-40
Þátttaka í mótum:

- Hraðmót í Reykjaneshöll
- Hraðmót í Fífunni
- Hraðmót á Akranes
- Æfingaleikir við ÍBV
- Vísmót Þróttar
- Norðurálsmót Akranesi
- Æfingaleikir við Leikni R

Starf foreldraráðs:
Foreldraráðið á mikið hrós skilið fyrir góða vinnu og framtakssemi. Stærsta verkefni foreldraráðs var að fjármagna og skipuleggja ferða á Norðurálsmótið á Akranesi. Einnig stóðu þau fyrir foreldraæfingu og grillveislu. Tekinn var hópmynd af strákunum á æfingu sem allir fengu eintak af.
Annað: Þakkir til Einars Jakobs Jóhannssonar, Þorsteins Daníels Þorsteinssonar og Magnúsar Inga Einarssonar fyrir hjálpina í sumar við mína fjarveru.

**7. flokkur kvenna**
Þjálfarar: Þórhildur Svava Svavarsdóttir
Iðkendur: 20-30
Þátttaka í mótum:

- Dagsmót hjá ÍA
- KFC-mótið
- Símamótið í Kópavogi
- Arion-mótið
- Æfingaleikir við Ægi, Þorlákshöfn
- Æfingaleikir við FH, Hafnarfirði

Starf foreldraráðs: Í foreldraráði störfuðu Svandís Bára Pálsdóttir og Margrét Drífa Guðmundsdóttir.











## *Skýrsla stjórnar 2012-2013*

Á síðasta aðalfundi sem var haldinn 15. mars 2012 varð breyting á í stjórninni. Magnús Ragnar Magnússon bauð sig fram til áframhaldandi formannsetu og einnig bauð Daníel Karlsson sig aftur fram sem meðstjórnanda. Einey Ösp Gunnarsdóttir kom inn í staðin fyrir Sigurð Bjarna Richardssonar sem ritari, Axel Sigurðsson kom inn í staðinn fyrir Andra Ólafssonar sem gjaldkeri og Jóhann Smári Gunnarsson kom í staðinn fyrir Björn Braga Sævarsson. Deildin þakkaði þeim sem létu af störfum fyrir vel unnin störf.

### Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Á síðasta aðalfundi UMFS þann 26. apríl 2012 afhenti Sigríður Jónsdóttir úr framkvæmdastjórn ÍSÍ mótokrossdeildinni viðurkenningu fyrir að vera orðin fyrirmyndardeild ÍSÍ. Það er mikill heiður fyrir deildina því að hún er sú eina hérna á Íslandi sem hefur hlotið þann titil í mótokrossi.

### Brautin

Brautin kom vel undan vetri, lítið fauk úr henni því vetur var snjóþungur.

Hafist var handa við að leggja lokahönd á nýja kaflann, lengingu brautarinnar, sem varð til þess að brautin er orðin lögleg til Íslandsmóts. Einnig var steypt og smíðað starthlið fyrir 30 hjól. Svæðið var girt af. Göng voru útbúin til að ganga undir stökkpall og var notaður til þess gámur með styrkingu til að tryggja öryggi áhorfenda.

### Vatnskerfi

Ein mesta framkvæmd sumarsins var þegar deildin kom sér upp vökvunarkerfi og erum við afar stolt af þeirri hugmyndarfræði og náttúrunýtingu, en við grófum niður tólf metra langan gám ofan í jörðu og stífluðum lítinn læk sem rennur meðfram krakkabrautinni. Rör er tengt á milli stíflu og gáms og náum við að safna sextíu þúsund lítrum á klukkustund. Þetta er uppsprettuvatn svo við erum ekki að nota neysluvatn til vökvunar. Deildin fjárfesti í öflugri dælu og vatnsbyssum sem sprauta fjörtíu metra og einnig þrjúhundruð lengdarmetrum af sterkum vatnsrörum sem liggja um brautina. Miklir þurrkar voru búnir að vera áður en við settum kerfið í gang, en þegar það var ræst fór að rigna. Svo öflugt var það.

### Þjófnaður

Deildin varð fyrir barðinu á óprúttnum aðilum sem gerðu okkur þann óleik að stela rafgeymum úr vinnuvél sem við vorum með á leigu og farið var í olíutankana á vélum sem við vorum með og stolið samtals áttahundruð lítrum af olíu. Einnig voru tekinn rör sem áttu að notast í braut og krókur sem var á traktor sem við vorum með í láni. Þetta er mikið fjárhagslegt tjón sem við urðum fyrir.



## Æfingar

Fyrstu skipulögðu æfingarnar urðu að veruleika s.l. sumar. Júlíus Arnar Birgisson og Magnús Ragnar Magnússon sáu um æfingarnar sem voru 3x í viku, tvisvar með tilsögn og einu sinni frjálst. Aðsóknin var virkilega góð.

Aron Ómarsson fyrrverandi Íslandsmeistari var með námskeið fyrir eldri hópa, bæði byrjendur og lengra komna. Aðsókn var góð á þessi námskeið og mikil gleði.

## Keppnishald

Selfossbrautin er orðin ein flottasta og tæknilegasta braut landsins. Eftir að framkvæmdum við að lengja hana og breikka var lokið þá hófst sumarið á bikarmóti sem Suzuki umboði stóð fyrir og notaði deildin það tækifærið til að láta MSÍ taka út brautina fyrir Íslandsmótið. Næsta mót var Íslandsmót sem tókst með eindæmum vel og sýndur var fjörutíu mínútna þáttur á Rúv um keppnina. Því næst var Unglingalandsmótið. Þar kom svo greinilega í ljós hvað deildin á unga og efnilega hjólara. Tólf keppendur komu frá UMFS og unnu keppendur frá okkur alla flokkana utan kvennaflokkinn, samtals 8 verðlaun í fjórum flokkum.

## Áframhald

Deildin stendur fyrir áframhaldandi framkvæmdum á svæðinu. Stefnt er á að flytja húsnæði sem Sveitafélagið Árborg hefur úthlutað okkur upp á æfingasvæðið, kaupa traktor og auka á við vatnskerfið og lagningu brautar. Deildin vill þakka fyrir þann meðbyr sem við höfum fengið frá Sveitafélaginu Árborg, eins þeim fjölmörgu fyrirtækjum og einstaklingum sem hafa létt okkur róðurinn.



## *Formannsspjall*

Á síðasta sundári komum við víða við. Við stóðum fyrir fjáröflunum ýmiss konar. T.d bökuðum við fyrir aðalfund Ungmennafélags Selfoss, en þar fáum við eingreiðslu frá félaginu fyrir vinnu og kökuframlag. Farið var í dósasafnanir að vori og hausti. Einnig var kökubasar haldinn í haust. Innkomur fyrir þessa vinnu hafa skilað okkur nokkrum krónum þannig að við höfum getað verðlaunað krakkana okkar sem hafa lagt fram vinnu við þessar fjáraflanir. Ekki má gleyma aðkomu okkar og krakkana að Unglingalandsmótinu, þar sem heilmikil vinna var lögð fram af allra hálfu. Það er alltaf gaman að taka þátt í svona vinnu törnum.

Við vorum með vorhátíð sem fram fór við sundlaugina á Stokkseyri. Þar voru grillaðar pylsur og farið í leiki. Fólk skemmti sér almennt vel saman áður en farið var í sumarfrí.

Í haust var tekin ákvörðun um að fara með iðkendur 12 ára og eldri í æfingabúðir. Til stóð að fara um miðjan febrúar en sökum veikinda varð að fresta því um mánuð. Og vona ég að það hafi ekki komið að sök. Til stendur að þau æfi meða sundliði Reykjanesbæjar, sem er eitt það öflugusta á landinu. Einnig var ákveðið að fara með yngstu iðkendurna í æfingaferð í einn dag og leyfa þeim að reyna sig við aðrar aðstæður en þau eru vön.

Að sjálfsögðu tóku krakkarnir þátt í nokkrum sundmótum. Fyrst skal nefna Þórðarmótið sem hefur verið árlegur viðburður hjá sunddeild Selfoss um nokkurt skeið. Er það haldið í minningu Þórðar Gunnarsonar þjálfara deildarinnar til margra ára. Við héldum einnig Selfossmeistara mót í mars. Á bæði þessi mót buðum við til okkar keppendum frá öðrum liðum. Hafa Hamar í Hveragerði, Dímon á Hvolsvelli og sunddeild Ungmennafélags Grindavíkur þekkst boð okkar og tekið þátt í mótunum. Deildin sjálf sér um bæði þessi mót með góðum stuðningi Ingibjargar Elfu Laugdal sem hefur að öllu leiti séð um undirbúning þessara móta. Kunnum við henni góðar þakki fyrir. Svo eru það HSK-mótin sem haldin voru á Hvolsvelli og í Hveragerði. Þar keppti okkar fólk við krakka úr öðrum félögum innan HSK. Ekki má gleyma stóru mótunum sem fram fara yfirleitt á höfuðborgarsvæðinu í löggiltum sundlaugum þar sem krakkarnir ná löggiltum tímum í sundi og fleyta sér inn á enn stærri mót með því að ná þeim lágmörkum sem þar eru sett. Áttum við t.d. tvo keppendur á AMÍ í sumar sem er stærsta mót sinnar tegundar á Íslandi.

Alls staðar þar sem krakkarnir okkar hafa komið og verið að keppa eða vinna og aðstoða á einhvern hátt hafa þau sýnt prúðmannlega framkomu og verið til fyrirmyndar á allan hátt og getum við verið stolt af þeim.

Eitt af því sem gerir sunddeild að öflugri sunddeild er að hafa aðgang að góðri aðstöðu fyrir sundkrakkana. Hér á Selfossi vantar svolítið upp á aðstöðuna og einungis hægt að segja að hún sé viðunandi. En vonandi stendur það til bóta á nýju fjárhagsári hjá bæjarfélaginu. Annað er það sem að gerir sunddeild að frábærri deild og það er hið mikilvæga starf sem foreldrar inna af hendi. Án ykkar mikilvæga framlags væri lítið að gerast. Það er gott að geta stutt við bakið á börnunum okkar í leik og starfi.

Læt ég þetta verða mín lokaorð,

*Sigríður Runólfsdóttir, formaður*






## *Þjálfarskýrsla vor 2013*

Síðan Ragnar tók við stöðu yfirþjálfara hefur deildin vaxið úr 40 iðkendum frá haustinu 2011 upp í 50 iðkendur vorið 2013, sem er um 20% aukning. Starfið hefur gengið ágætlega fyrir sig fram til þessa. En í ljósi nýrra upplýsinga er það komið á daginn að efla þarf starfið til muna ætli deildin sér að halda velli og vera sambærileg við aðrar deildir á landinu.

### Sundmót

Sumarið 2012 höfðu tveir sundmenn úr deildinni náð lágmörkum á AMÍ. Þeir Þórir Gauti í 100 m skriðsundi og 100 m baksundi og Kári Valgeirsson í 100 m og 200 m skriðsundi og 100 m flugsundi. Þrátt fyrir meiðsli keppti Kári og náði að bæta sig í sínum sundum. Þóri gekk líka ágætlega og tókst að bæta sig.

Í HSK mótaröðinni tapaði Sunddeild Umf. Selfoss naumlega fyrir Hamri sem má rekja til þess að ekki var nægilega góð þáttaka af hálfu Selfoss liðsins. Þetta stendur til að bæta á komandi tímabili, enda sigruðum við síðasta HSK mót og ætlum við okkur að halda áfram að sigra á þeim mótum sem eru framundan.

Önnur mót sem við höfum farið á upp á síðkastið er Haustmót Ármanns þar sem nokkrir af eldri krökkunum kepptu og svo Gullmót KR sem var haldið núna í vetur. Þar náði Þórir Gauti lágmarki í 100 m skriðsundi á AMÍ 2013.

### Æfingar hjá flokkum deildarinnar

Sundæfingarnar hafa gengið vel fyrir sig og höfum við verið að lengja hjá okkur æfingatímann í eldri hópunum. Títan hópurinn hefur nú verið að synda í um 90-100 mínútur eða um 4.000–5.000 metra á æfingu að meðaltali, 6x í viku. Þetta gerir um 25–30 km á viku að meðaltali. Gull-hópurinn hefur verið að synda örlítið minna, eða um 80% – 90% af því sem Títan-hópurinn hefur verið að gera 5x í viku. Silfur-hópurinn er að synda um 2.000 m á hverri æfingu 4-5x í viku, 60 mínútur í senn. Kopar-hópurinn æfir hjá Guggu 2x í viku 45 mínútur í senn. Brons-hópurinn er 2x í viku hjá Guggu og 1x í viku hjá Ragnari í 50 mínútur í senn.

### Sundskólinn

Guggusund hefur verið með hefðbundnu sniði þar sem Gugga er með 9-11 hópa að öllu jöfnu. Einnig hefur Ragnar verið með skriðsundsnámskeið fyrir fullorðna 1x í viku, 4 vikur í senn. Þáttakan hefur farið minnkandi með hverju námskeiðinu og er því óvíst hvort því verði haldið áfram. Garpasundæfingum hefur verið hætt vegna dræmrar þáttöku.

### Framtíðarhorfur

Eftir Ólympíuleikana árið 2000 sendi Breska sundsambandið frá sér skýrslu um það hversu mikið iðkendur verða að æfa ef þeir ætla sér að verða samkeppnishæfir á alþjóðavettvangi. Þar kemur fram að sundmenn verða að synda að lágmarki 2.100–2.500 km á 48 vikna tímabili. Það er um 44–52 km á viku. Þetta þarf að gerast mjög snemma á ferlinum eða þegar krakkarnir eru um 12 ára gamlir og þurfa iðkendur að æfa með þessum hætti í 8–10 ár svo að tilskilinn árangur náist. Það þýðir að á ársgrundvelli fá sundmenn einungis 4 vikur í frí frá æfingum. Efnilegir sundmenn ættu að eiga möguleika á því að geta sótt 8–10 sundæfingar á viku, eða um 20 klukkutíma á viku í vatninu.

Þetta er það fyrirkomulag sem að önnur félög á landinu eru að reyna að fylgja eftir og er það mín skoðun að við ættum að stefna á að gera slíkt hið sama ef það er einhver alvara að baki með því að efla sundeildina. En til þess þarf samstillt átak þjálfara, stjórnar og foreldra. Einnig þurfa peningar og aðstaða til iðkunar að vera fyrir hendi.

*Ragnar Jónasson, yfirþjálfari.*

# Taekwondodeild









## *Skýrsla þjálfara*

Við byrjuðum árið á krafti með því að fá nýjan sal og fengum við Master Sigurstein Snorrason til þess að vera með vígslu æfingu sem gekk mjög vel, við tókum þátt í flest öllum mótum árssins og var árangurinn eftirfarandi:

**Bikarmót II (2011-2012)**
Selfoss í öðru sæti í heildarstigakeppninni með 26 verðlaun og keppanda mótsins í bæði karla og kvenna flokki Þorvaldur Óskar Gunnarsson og Lilja Hrafndís Magnúsdóttir

**Íslandsmeistarmót**
Selfoss var í öðru sæti með 66 stig í heildarstiga keppni, og tókum við 6 gull, 5 silfur og 2 brons og var Kristín Hrólfsdóttir valin keppandi mótssins

**Bikarmót III (2011-2012)**
Selfoss var í fyrsta sæti í heildarstiga keppnina, og tókum við 11 gull, 10 silfur og 10 brons og var Daníel Jens Pétursson valinn keppandi mótssins

**Norðurlandamót í Danmörku**
Selfoss sendi 6 keppendur á mótið , Ingibjörg Erla Grétarsdóttir gull, Guðrún Halldóra Vilmundardóttir silfur, Davíð Arnar Pétursson brons, Kristín Hrólfsdóttir brons

**Unglingalandsmót**
Stjórn og þjálfarar Taekwondo deild selfoss sáu um skipulagningu bæði sparring og poomse keppni og vann selfoss heildar stigakeppnina

**Bikarmót I (2012-2013)**
Selfoss var í fjórða sæti í heildar stiga keppninni með 109 stig og var Daníel Jens Pétursson keppandi mótsins

**Hsk jólamót**
Selfoss hélt mjög skemmtilegt jólamót í iðu og keppt í sparring, poomse, muye og þrautabraut. Mótið heppnaðist í alla staði frábærlega og verður eflaust árlegur viðburður hér eftir.

## Beltapróf

Á árinu voru þrjú beltapróf sem öll fóru mjög vel fram, eitt prófið var með aðeins öðruvísi sniði enn vanalega því bæði Master Sigursteinn Snorrason og Master Magnea Kristín Ómarsdóttir voru bæði í Kóreu, þannig að þjálfaranir Daníel Jens Pétursson og Ingibjörg Erla Grétarsdóttir sáu um prófið fyrir þeirra hönd.

## Sýningar

Taekwond deild selfoss stóð fyrir nokkrum sýningum, á 17. júní, unglingalandsmóti og landsmóti skáta



Árið 2012 var frábært fyrir Selfossvöll bæði hvað varðar framkvæmdir og notkun.

Árið hófst með hefðbundnu sniði með vetraræfingar á vallarsvæðinu hjá bæði knattspyrnudeild, frjálsíþróttadeild sem og knattspyrnuakademíu. Fyrstu mánuðir ársins voru þó mjög erfiðir vegna veðurs og margar æfingar féllu niður sem sýndi þörfina á að skoða með byggingu fjölnota húsi þar sem hægt er að æfa inni yfir vetrartímann. Þegar voraði fóru æfingar á fullt og var vallarsvæðið vel nýtt, margir vorleikir hjá knattspynumönnum og konum. Eins byrjaði frjálsíþróttafólk að æfa snemma úti og kom þá nýji frjálsíþróttavöllurinn og kastsvæðið sér vel og var vel nýtt.

Töluverðar framkvæmdir voru á vallarsvæðinu á árinu eins og undanfarin ár. Farið var í að innrétta búningsklefa í stúku og salerni fyrir svæðið sem átti að vera tilbúið um mitt sumar 2012 en verkefninu seinkaði og er búist við að það verði tekið í notkun í júní á þessu ári.

Farið var í yfirborðsfrágang á vallarsvæðinu, malbikað allt svæðið við Tíbrá niður fyrir stúku og er þetta nú glæsilegt á að líta. Gámar voru settir upp við frjálsíþróttavöll fyrir áhöld og öll tæki sem tilheyra þeim velli. En betur má ef duga skal og verður vonandi klárað að malbika rest á næstu árum þ.e. svæðið niður með frjálsíþróttavelli og bílaplan við Tíbrá.

Áframhaldandi samstarf var við Golfklúbb Selfoss um slátt og umhirðu á grasvöllum og hefur það samstarf verið mjög gott. Vallarstarfsmenn sjá um aðra umhirðu á svæðinu ásamt því að sinna öllu eðlilegu viðhaldi. Nokkuð vantar upp á tækjakost á vallarsvæðinu til að sinna allri vinnu á því, en vonandi kemur á svæðið farartæki útbúið til þeirrar vinnu sem og alvöru sláttutraktor.

Á síðasta ári var einn starfsmaður í fullu starfi yfir árið auk vallarstjóra í 50% stöðu yfir vetrarmánuðina en fullu starfi á sumrin. Yfir sumarmánuði fjölgar svo starfsmönnum töluvert, tveir starfsmenn voru ráðnir til Vallarstjórnar og einnig voru krakkar frá Vinnuskóla Árborgar til aðstoðar.

Árið 2012 var frábært fyrir Selfossvöll á margan hátt, aldrei hafa verið spilaðir fleiri leikir í knattspyrnu eða haldinn fleiri frjálsíþróttamót, og alltaf er verið lengja tímabilin sem keppt er í úti. Toppurinn á síðasta ári var Unglingalandsmót UMFÍ og er talið að á lokaathöfninni hafi verið viðstaddir um 14-15.000 manns og hefur aldrei annar eins fjöldi verið á Selfossvelli og sýndi það mót að vallaraðstaðan er orðin nokkuð góð.

Tíbrá okkar góða hús sinnir sínu hlutverki vel en er orðið allt of lítil miðað við alla þá starfsemi sem er á Selfossvelli. Það er notað sem skrifstofa, fundaraðstaða fyrir allar deildir, sjoppa á leikjum, mötuneyti, getraunastarf, jólasveinaþjónustu og flugeldasölu. Það er ótrúlegt hvað hægt er að nýta húsið og á árinu 2012 var þar opið í 330 daga og haldnir 198 bókaði fundir.

Vallarsvæðið okkar er vel staðsett og reiknað er með að yfir sumarmánuði fari í gegn um svæðið um 1000 mans á dag bæði íþróttafólk, foreldrar sem og aðrir sem koma til að sjá allt fullt af iðandi lífi.

*Sveinbjörn Másson,*
*vallarstjóri*

# Jólasveina- og þrettándanefnd

## 36. starfsárið - 2012

Í nefndinni voru: Þórarinn Ingólfsson, Guðmundur, Þröstur og Svanur Ingvarssynir.

Starfið hófst í desember með fundi í Tíbrá þar sem búningar voru afhentir, farið yfir starfið og jólalögin sungin við undirleik okkar snjöllu harmónikkuleikara.

Jólasveinarnir komu á Tryggvatorg laugardaginn 8. desember kl.16.00 og heilsuðu upp á bæjarbúa. Grýla og Leppalúði voru með í för og dönsuðu þau á þaki hótelsins ásamt þeim Leppi og Skreppi. Það voru fagnaðarfundir er jólasveinarnir komu á torgið og eins og venjulega tók þá drjúga stund að komast í gegnum mannfjöldann og tala við börnin. Það er sennilega einsdæmi á landinu sú mikla nálægð við jólasveinana sem börnin á Selfossi fá að njóta. Það var kveikt á jólatrénu í 21. sinn við þetta tækifæri. Áður en jólasveinarnir mættu á torgið voru ávörp flutt. Dagskráin gekk fljótt og vel fyrir sig við söng og dans í fallega skreyttum miðbænum. Að vísu klikkaði hljóðkerfið og mannfjöldinn komst ekki fyrir á Jólatorginu. Þetta var í annnað sinn sem bæjargarðurinn var notaður undir innnkomuna.

Það voru um 35 ungmennafélagar sem brugðu sér í búning einu sinni eða oftar um þessi jól, enda var mikið að gera. Að frátaldri innkomunni, Aðfangadegi og Þrettándanum, fóru bræðurnir á 25 jólaskemmtanir hverskonar, voru 27 í fyrra. 20. desember var farið á 6 litlujól í skólum og um 1.000 krakkar heimsóttir þann daginn. Á Aðfangadagsmorgun voru 32 jólasveinar á ferð um bæinn og afhentu pakka í um 250 húsum, sem er heldur meira en undanfarin ár.

Þrettándagleðin fór fram í blíðskaparveðri sunnudaginn 6. janúar. Hiti rétt yfir frostmarki, nánast logn, snjó og hálkulaust, enda var mannfjöldi mikill. Grýla, Leppalúði, Leppur og Skreppur voru í fararbroddi á vagninum góða og spiluð þrettándatónlist af iPod. Álfabrennan var í sjöunda sinn á tjaldstæðinu við Gesthús. Flugeldasýningin var glæsileg og til þess tekið hve hávaðinn var mikill. Björgunarsveitin aðstoðaði okkar skotmenn í 10. sinn og lánaði rafbúnað, auk þess að stjórna umferð. 32



ungmennafélagar sinntu hinum ýmsu störfum þetta kvöld við þrettándahátíðarhöldin.

Jólasveina- og Þrettándanefndin þakkar öllum þeim sem komu að starfinu á einn eða annan hátt. Sérstakar þakkir til bæjarbúa fyrir góðar undirtektir.

*f.h. Jólasveina- og þrettándanefndar*
*Svanur Ingvarsson*

# Íþrótta- og útivistarklúbburinn

Eins og fyrri sumur var íþrótta- og útivistarklúbbur UMFS starfræktur sumarið 2012.

Sá háttur var hafður á málum í sumar að tveir skiptu með sér umsjón, Már Ingólfur Másson tók fyrri hlutann og Leifur Viðarsson þann seinni. Auk þeirra réð UMFS 3 starfsmenn í fulla vinnu Eyþór Arnarson, Esther Hallsdóttur og Albert Frey Eiríksson. Starfsmenn komu frá Vinnuskóla Árborgar og líka í gegnum átakið „nám er vinnandi vegur" sem stuðningsfulltrúar með fötluðum börnum sem var nýlunda.

Námskeiðin voru fjögur og stóðu í tvær vikur í senn. Ágætis þátttaka var á flestum námskeiðunum. Námskeiðin voru eins uppbyggð og var reynt eftir mesta megni að kynna sem flestar og fjölbreytastar íþróttir fyrir þátttakendum og um leið fræða þau um gildi þess að hreyfa sig. Hverju námskeiði lauk á lokaferð þar sem leiðbeinendur og nemendur gerðu sér glaðan dag, m.a. var farið í Dýragarðinn í Slakka, Sund á Borg, til Þorlákshafnar og í strandferð á Eyrarbakka. Mikill áhugi var hjá krökkunum að læra nýja hluti og nutum við virkilega góðs af því að leiðbeinendurnir höfðu mjög fjölbreytilegan bakgrunn úr íþróttum. Smávægilegt bakslag kom í skipulagið á öðru námskeiðinu þegar meirihluti leiðbeinandanna fór erlendis í keppnisferðir en með góðri aðstoð frá Braga Bjarnasyni og starfsfólki Vinnuskólans tókst að manna þær stöður sem þurfti.

Vel gekk að laga námskeiðin að þörfum barnanna sem þurftu á séraðstoð að halda, stuðningsfulltrúarnir sem komu frá Sveitarfélaginu stóðu sig mjög vel og voru hinir leiðbeinendurnir mjög meðvitaðir um þarfir barnanna.

*Már Ingólfur Másson*

# Reikningar

## félags og deilda
## starfsárið 2012

# *Rekstrarreikningur 2012*

| | skýr. | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| **REKSTRARTEKJUR** | | | |
| Framlög og styrkir | 1 | 55.649.118 | 52.768.835 |
| Auglýsingatekjur | 2 | 70.000 | 61.500 |
| Aðrar tekjur | 3 | 6.703.441 | 1.384.622 |
| **Rekstrartekjur alls** | | **62.422.559** | **54.214.957** |
| **REKSTRARGJÖLD** | | | |
| Laun og verktakagreiðslur | 4 | 13.595.887 | 13.606.036 |
| Styrkir til deilda | 5 | 39.650.196 | 34.856.806 |
| Kostnaður vegna mótahalds | 6 | 27.960 | 10.540 |
| Rekstur skrifstofu | 7 | 1.868.828 | 1.436.960 |
| Kynning, fræðsla og útbreiðsla | 8 | 7.293.156 | 5.383.064 |
| Kostnaður v/samkeppnisreksturs | 9 | 58.824 | 148.666 |
| Önnur gjöld | 10 | 825.063 | 140.515 |
| **Rekstrargjöld alls** | | **63.319.914** | **55.582.587** |
| **Hagnaður (tap) án fjármagnsliða** | | **(897.355)** | **(1.367.630)** |
| **FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD** | | | |
| Vaxtatekjur | | 323.178 | 144.058 |
| Vaxtatekjur jólasveinanefnd | | 0 | 83.545 |
| Vaxtagjöld | | (12.143) | (24.995) |
| Þjónustugjöld banka | | (7.683) | (32.796) |
| Þjónustugjöld Visa/Euro | | (37.776) | (12.113) |
| Fjármagnstekjuskattur | | (64.618) | (43.557) |
| | | **200.958** | **114.142** |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | | **(696.397)** | **(1.253.488)** |

# *Efnahagsreikningur 31. desember 2012*

| **EIGNIR** | Skýr. | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| **FASTAFJÁRMUNIR** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 11 | 33.178.235 | 33.584.840 |
| **Fastafjármunir alls** | | **33.178.235** | **33.584.840** |
| **VELTUFJÁRMUNIR** | | | |
| Vörubirgðir | | 115.040 | 115.040 |
| Skammtímakröfur | | 3.349.052 | 593.635 |
| Handbært fé | 12 | 6.543.411 | 9.147.954 |
| **Veltufjármunir alls** | | **10.007.503** | **9.856.629** |
| **Eignir samtals** | | **43.185.738** | **43.441.469** |
| **SKULDIR OG EIGIÐ FÉ** | | | |
| **EIGIÐ FÉ** | | | |
| Óráðstafað eigið fé | | 39.679.786 | 40.933.274 |
| Endurmatsreikningur | | 992.531 | 992.531 |
| Tekjuafgangur ársins | | (696.397) | (1.253.488) |
| **Eigið fé alls** | | **39.975.920** | **40.672.317** |
| **SKULDIR** | | | |
| Skammtímaskuldir | 13 | 3.209.818 | 2.769.152 |
| **Skammtímaskuldir alls** | | **3.209.818** | **2.769.152** |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | **43.185.738** | **43.441.469** |

## Skýringar

### 1. Framlög og styrkir

*Framlög og styrkir sambanda:*

| | |
|---|---|
| Lottó | 3.449.118 |
| Framlög og styrkir sambanda | **3.449.118** |

*Styrkir, Sveitarfélagið Árborg:*

| | |
|---|---|
| Styrkur v/fyrirmyndarfélag | 4.500.000 |
| Styrkur íþróttasalur Gagnheiði/Sandvík | 700.000 |
| Styrkur mótokrossbraut | 1.300.000 |
| Styrkur íþróttavöllur við Engjaveg | 22.700.000 |
| Aukafjárveiting v/íþróttavallar | 0 |
| Styrkur í afreksmannasjóð | 2.200.000 |
| Styrkur v/ barna- og unglingastarfs | 2.700.000 |
| Styrkir v/æfingaaðstöðu utan Árborgar | 600.000 |
| Rekstrarstyrkur | 11.500.000 |
| Styrkur v/starfsmaður deilda | 1.800.000 |
| Styrkur v/íþr. & tómstundaskóla | 2.700.000 |
| Styrkur v/jólasveina og þrettánda | 1.500.000 |
| Styrkir, sveitarfélag alls | **52.200.000** |

*Styrkir HSK og Umf. Selfoss:*

| | |
|---|---|
| Verkefnasjóður HSK | 0 |
| Styrkir vegna 75 ára afmælis | 0 |
| Styrkir, héraðss./íþróttabandalag alls | 0 |
| **Framlög og styrkir alls** | **55.649.118** |

### 2. Auglýsingatekjur

| | |
|---|---|
| Auglýsingar í ársskýrslu | 60.000 |
| Aðrar auglýsingatekjur | 10.000 |
| **Auglýsingatekjur alls** | **70.000** |

### 3. Aðrar tekjur

| | |
|---|---|
| Minningarkort | 7.000 |
| Tekjur af íþr. & tómstundaskóla | 1.401.875 |
| Leiðr. viðskiptakröfur | 0 |
| Jólasveinanefnd | 355.000 |
| Sjoppa ULM 2012/LM 2013 | 4.939.566 |
| **Aðrar tekjur alls** | **6.703.441** |

### 4. Laun og verktakagreiðslur

| | |
|---|---|
| Laun | 10.077.634 |
| Verktakagreiðslur | 582.450 |
| Tryggingagjald | 930.035 |
| Lífeyrissjóður 8% | 948.000 |
| Orlofs- og sjúkrasjóður | 159.089 |
| Bifreiðastyrkir | 898.679 |
| Aðrir styrkir | 0 |
| **Laun og verktakagreiðslur** | **13.595.887** |

### 5. Styrkir til deilda

| | |
|---|---|
| Lottó til deilda | 3.104.207 |
| Æfingar utan Árborgar | 600.000 |
| Gagnheiði/Sandvík - júdódeild | 700.000 |
| Mótokrossbraut - mótokrossdeild | 1.300.000 |
| Íþróttasvæði vallarstjórn | 22.700.000 |
| Vallarstjórn aukaframlag v/stúku | 0 |
| Styrkir úr afreksmannasjóði | 2.255.000 |
| Styrkir til fyrirmyndardeilda | 4.000.000 |
| Styrkir v/starfsm. deilda | 1.800.000 |
| Systkinaafsláttur | 24.000 |
| Skattur til HSK | 466.989 |
| Styrkir v/barna- og unglingastarfs | 2.700.000 |
| **Styrkir til deilda alls** | **39.650.196** |

### 6. Kostnaður vegna mótahalds

| | |
|---|---|
| Verðlaun og viðurkenningar | 15.060 |
| Mótagjöld HSK | 12.900 |
| **Kostnaður vegna mótahalds** | **27.960** |

### 7. Rekstur skrifstofu

| | |
|---|---|
| Sími - ADSL - Sýn | 401.137 |
| Netþjónusta | 549.459 |
| Nori félagaskráningarkerfi | 115.081 |
| Ritföng, pappír o.fl. | 158.701 |
| Rekstur ljósritunarvélar | 289.446 |
| Gjaldfærð skrifstofuáhöld | 14.399 |
| Auglýsingar án vsk | 12.334 |
| Póstkostnaður | 24.732 |
| Funda- og þingkostnaður | 65.400 |
| Kaffikostnaður og risna | 4.468 |
| Gjafir | 30.350 |
| Tölvukostnaður | 6.797 |
| Kostn. v/bókhaldshugbúnaðar | 175.642 |
| Annar skrifstofukostnaður | 20.882 |
| **Rekstur skrifstofu alls** | **1.868.828** |

### 8. Kynning, fræðsla og útbreiðsla

| | |
|---|---|
| Námskeiðsgjöld | 37.684 |
| Kostnaður v/íþróttasíðu | 280.000 |
| Kostnaður v/ársskýrslu | 137.297 |
| Selfoss borðfánar | 111.444 |
| Jólasveinanefnd | 1.356.380 |
| Afmælisnefnd 75 ára afmæli | 76.729 |
| Sjoppa ULM | 4.939.566 |
| Matarkostn. íþr. & tómst.skóli | 327.547 |
| Áhöld, tæki og búnaður íþr.sk. | 16.916 |
| Auglýsingar og kynningar íþr.sk. | 9.593 |
| **Kynning, fræðsla og útbreiðsla alls** | **7.293.156** |

**9. Kostnaður v/samkeppnisreksturs**

| | |
|---|---|
| Birgðabreyting .................................... | 0 |
| Posaleiga v/samkeppnisreksturs .......... | 58.824 |
| **Kostnaður v/samkeppnisreksturs alls** | **58.824** |

**10. Önnur gjöld**

| | |
|---|---|
| Annar kostnaður .................................. | 1.000 |
| Afskriftir ............................................... | 824.063 |
| **Önnur gjöld alls** | **825.063** |

**11. Varanlegir rekstrarfjármunir**

| | |
|---|---|
| Fasteignir ............................................. | 29.250.000 |
| Ljósritunarvél ....................................... | 188.534 |
| Tölvubúnaður ..................................... | 278.490 |
| Endurbætur og búnaður Tíbrá ............. | 2.961.211 |
| Skrifstofubúnaður ................................ | 500.000 |
| **Varanlegir rekstrarfjármunir alls** | **33.178.235** |

**12. Handbært fé**

| | |
|---|---|
| 0586-26-001189 - Aðalstjórn ............... | 265.575 |
| 0586-14-100532 - Aðalstjórn ............... | 652.195 |
| 0586-26-1477 ..................................... | 6.041 |
| 0586-14-401662 - Jólasv.nefnd ........... | 4.610.731 |
| 0586-14-101275 - Afreksm.sj. ............. | 736.010 |
| 0586-26-002651 - Skíðadeild ............... | 184.897 |
| 0152-26-008451 - Aðalstjórn ............... | 17.062 |
| 0152-26-107576 - Körfukn.deild .......... | -4 |
| 0152-05-292 - Körfukn.deild ................ | 0 |
| 1169-15-540546 - Körfukn.deild .......... | 70.904 |
| **Handbært fé alls** | **6.543.411** |

**13. Skammtímaskuldir**

| | |
|---|---|
| Ógr. laun og launatengd gjöld ............. | 923.967 |
| Viðskiptaskuldir .................................. | 2.285.851 |
| **Skammtímaskuldir** | **3.209.818** |

# Samstæðureikningur - Umf. Selfoss

## *Rekstrarreikningur 2012*

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| **REKSTRARTEKJUR** | | |
| Framlög og styrkir | 145.248.478 | 122.934.943 |
| Tekjur af mótum | 23.069.743 | 18.183.590 |
| Auglýsingatekjur | 8.009.228 | 7.754.670 |
| Æfingagjöld | 55.310.145 | 52.948.338 |
| Húsa- og vallarleigutekjur | 3.162.487 | 230.000 |
| Aðrar tekjur | 48.513.283 | 24.699.173 |
| **Rekstrartekjur alls** | **283.313.364** | **226.750.714** |
| **REKSTRARGJÖLD** | | |
| Laun og verktakagreiðslur | 136.639.986 | 118.272.498 |
| Styrkir til deilda | 40.183.194 | 36.646.159 |
| Félagaskipti og sala leikmanna | 989.868 | 699.000 |
| Æfingar utan héraðs | 948.606 | 678.120 |
| Áhöld og tæki | 12.669.959 | 8.841.577 |
| Þátttaka í mótum | 18.293.825 | 13.617.972 |
| Kostnaður vegna mótahalds | 9.390.733 | 7.935.190 |
| Rekstur véla og mannvirkja | 13.318.017 | 9.737.825 |
| Rekstur skrifstofu | 6.685.911 | 5.133.011 |
| Kynning, fræðsla og útbreiðsla | 9.972.038 | 7.750.855 |
| Kostnaður v/samkeppnisreksturs | 9.258.060 | 5.052.420 |
| Önnur gjöld | 10.241.456 | 13.930.942 |
| **Rekstrargjöld alls** | **268.591.683** | **228.295.569** |
| **Hagnaður (tap) án fjármagnsliða** | **14.721.681** | **(1.544.855)** |
| **FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD** | | |
| Vaxtatekjur | 639.246 | 489.132 |
| Vaxtagjöld | (740.195) | (269.266) |
| Þjónustugjöld banka | 1.440.427 | (1.726.539) |
| Fjármagnstekjuskattur | (124.671) | (69.233) |
| Gengismunur | 282.500 | |
| | **(1.439.007)** | **(1.575.906)** |
| **Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi** | **13.282.674** | **(3.120.761)** |
| **ÓREGLULEGIR LIÐIR** | | |
| Styrkir v/íþróttavallar | 0 | 3.270.000 |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | **13.282.674** | **(6.390.761)** |

## *Efnahagsreikningur 31. desember 2012*

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| **EIGNIR** | | |
| **FASTAFJÁRMUNIR** | | |
| Óefnislegar eignir | 4.600.000 | 5.700.000 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 51.997.286 | 51.050.144 |
| **Fastafjármunir alls** | **56.597.286** | **56.750.144** |
| **VELTUFJÁRMUNIR** | | |
| Vörubirgðir | 1.141.761 | 1.398.441 |
| Skammtímakröfur | 25.148.253 | 13.081.274 |
| Handbært fé | 35.030.029 | 29.499.916 |
| **Veltufjármunir alls** | **61.320.043** | **43.979.631** |
| **Eignir samtals** | **117.917.329** | **100.729.775** |

## SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| **EIGIÐ FÉ** | | |
| Óráðstafað eigið fé | 68.792.713 | 68.642.121 |
| Endurmatsreikningur | 5.775.085 | 6.692.531 |
| Tekjuafgangur ársins | 13.099.400 | 149.239 |
Merki félagsins er skjaldarmerki með breiðum útjöðrum í vínrauðum og hvítum lit. Innan í koma orðin UMF Selfoss, 1936.

3. grein.
Keppnisbúningur og æfingabúningur félagsins skal vera í vínrauðum og hvítum aðallitum með hvítri áletrun og merki félagsins í vinstri barmi.
Félagsgalli skal vera með vínrauðum aðallit og merki félagsins í vinstri barmi.
Hverri deild innan félagsins er heimilt að útfæra ofangreinda aðalliti á keppnisbúningum að eigin vild, en þó fá staðfestingu aðalstjórnar. Deildum er heimilt að útfæra æfingafatnað að eigin vild, en þó fá samþykki aðalstjórnar. Heimilt er hverri deild að setja á aðra búninga en keppnisbúninga, táknmerki viðkomandi deildar og stofnár.

## 2. kafli - Markmið Umf. Selfoss

4. grein.
Markmið félagsins eru:

a. Að auka áhuga á íþróttaiðkun og líkamsrækt.
b. Að standa fyrir öflugu og faglegu íþrótta- og félagsstarfi, sérstaklega meðal barna og unglinga.
c. Efla keppnis- og afreksíþróttir.
d. Að vinna gegn tóbaksreykingum, neyslu áfengis og annarra skaðnautna.
e. Að vinna að markmiðum og stefnuskrá Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands og Ungmennafélags Íslands með kjörorðunum „ÍSLANDI ALLT“.

5. grein.
Umf. Selfoss er aðili að Héraðssambandinu Skarphéðni (HSK), sem er aðili að Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands (ÍÓÍ) og Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ).

## 3. kafli - Félagar

6. grein.
Félagið er myndað af einstaklingum sem mynda deildir um iðkun viðurkenndrar íþróttagreinar eða annarrar starfsemi sem samrýmist markmiðum ungmenna- og íþróttafélagshreyfingarinnar og hafa sameiginlega aðalstjórn, sem er æðsti aðili félagsins milli aðalfunda.

7. grein.
Félagi getur hver sá orðið sem æskir þess og greiðir árgjald. Heimilt er að skrá sig í fleiri en eina deild. Hægt er að gerast félagi í Umf. Selfoss án þess að ganga í deild innan félagsins og skulu þeir einstaklingar heyra undir aðalstjórn. Félagar skuldbinda sig til að fara að lögum félagsins, hlíta keppnisreglum og vera félaginu til sóma hvarvetna sem þeir koma fram á vegum eða fyrir hönd félagsins. Aðalstjórn er heimilt að víkja félaga úr félaginu hafi hann brotið gegn lögum félagsins eða álíti hún framkomu hans eða gjörðir að öðru leyti vítaverðar.

8. grein.
Heimilt er að afla styrktarfélaga sem hafa öll sömu réttindi og aðrir félagar. Ákveða skal félagsgjald styrktarfélaga til deilda á aðalfundi viðkomandi deildar en til aðalstjórnar á aðalfundi Umf. Selfoss.

9. grein.
Árgjald félaga skal vera það sama hjá öllum deildum og ákveðið á aðalfundi Umf. Selfoss.

## 4. kafli - Deildir

10. grein.
Deildir skulu standa fyrir iðkun og eftir atvikum æfingum og keppni í viðurkenndum íþróttagreinum skv. skilgreiningu ÍÓÍ eða annarri starfsemi sem samrýmist markmiðum íþrótta og ungmennafélaganna.
Framkvæmdastjórn skal halda sérstaka skrá yfir þær deildir sem starfandi eru innan félagsins hverju sinni. Skráin skal staðfest á aðalfundi. Til þess að deild teljist starfhæf skulu að jafnaði a.m.k. 20 félagar viðkomandi deildar hafa greitt félagsgjöld.
Komi fram skrifleg umsókn frá a.m.k. 20 sjálfráða einstaklingum um stofnun nýrrar deildar innan félagsins, skal aðalstjórn félagsins standa fyrir stofnfundi nýrrar deildar samkv. 13. gr. laga félagsins og leggja síðan fyrir næsta aðalfund félagsins til samþykktar. Aðalstjórn getur þó veitt nýrri deild bráðabirgðaraðild fram að næsta aðalfundi.

11. grein.
Hver deild innan félagsins hefur sér stjórn og fjárhag. Stjórn hverrar deildar félagsins skal skipuð þrem til sjö mönnum; formanni, gjaldkera og ritara sem kjörnir eru sérstaklega á aðalfundi viðkomandi deildar og allt að fjórum meðstjórnendum. Deildarstjórn ákveður verkaskiptingu meðstjórnenda á fyrsta stjórnarfundi. Kjörtímabil deildarstjórna er á milli aðalfunda viðkomandi deilda. Skylt er að halda stjórnarfundi reglulega. Halda skal sérstaka gjörðabók um stjórnarfundi og senda afrit fundargerða til framkvæmdastjórnar.

Heimilt er að stofna unglingaráð innan deilda sem skal sérstaklega sjá um og vinna að eflingu starfsins hjá börnum og unglingum. Unglingaráð starfar á vegum stjórnar deildarinnar og skal kosið í það á aðalfundi deildar eða skipun þess staðfest á aðalfundi. Deildirnar skulu setja sér nánari reglur um skipun, starfshætti og starfsemi unglingaráðs. Halda skal fjárhag unglingaráðs aðskildum frá öðrum fjárhag deildarinnar en áætlanir og ákvarðanir um fjáraflanir og ráðstöfun fjármuna skulu hljóta samþykki deildarstjórnar, og lúta að öllu leyti sömu skilmálum og gilda um fjármál deilda, sbr. m.a. ákvæði 13. greinar laga þessara.

12. grein.
Stjórnir deilda skulu framfylgja samþykktum aðalfunda deilda og ráða daglegum rekstri þeirra, þar á meðal ráða þjálfara og ákveða laun þeirra. Hver deild skal halda nákvæmt félaga- og iðkendatal samkvæmt lögum og reglum UMFÍ og ÍÓÍ. Hver deild skal skila aðalstjórn félagatali sínu fyrir 30. janúar ár hvert.

Rekstur deilda skal vera hallalaus á hverju ári. Aðalstjórn skal setja verklagsreglur um fjárreiður og bókhald félagsins og deilda þess og skal framkvæmdastjórn hafa eftirlit með því að þeim sé fylgt. Aðalfundur deildar skal samþykkja fjárhagsáætlun sem þarf að fá staðfestingu aðalfundar félagsins til að öðlast gildi. Deildum er óheimilt að stofna til fjárskuldbindinga umfram fjárhagsáætlun nema með samþykki framkvæmdastjórnar.

Hver deild aflar fjár til sinnar starfsemi og hefur tekjur af:

a. Árgjöldum deildar.
b. Æfingagjöldum.
c. Styrktarfélagsgjöldum.
d. Ágóða af íþróttamótum viðkomandi deildar.
e. Lottótekjum skv. skiptareglum og öðru fjármagni til skipta.
f. Öðrum tekjuöflunarleiðum sem ekki rekast á við starf annarra deilda.

Deildarstjórn skal halda skýrslu um starf deildarinnar sem lögð skal fyrir aðalfund deildarinnar og afhent aðalstjórn til birtingar í ársskýrslu félagsins.

13. grein.
Aðalfundir deilda félagsins skulu vera haldnir eigi síðar en 31. mars fyrir liðið starfsár. Knattspyrnudeild skal þó heimilt að halda aðalfund á starfsárinu, eftir lok keppnistímabils að hausti, en þó eigi síðar en 15. nóvember og skal þá leggja fram níu mánaða milliuppgjör. Knattspyrnudeild er samt sem áður skylt að leggja fram endurskoðaðan ársreikning a.m.k. tveimur vikum fyrir aðalfund félagsins.

Atkvæðisrétt á aðalfundi deildar hafa allir félagar deildarinnar, enda hafi þeir greitt öll lögboðin gjöld. Kjörgengir eru þó aðeins félagar deildarinnar sem náð hafa 15 ára aldri, nema til formanns og gjaldkera verða þeir að vera 18 ára. Til aðalfundar deilda skal boða með viku fyrirvara með auglýsingu í staðarblöðum og er hann löglegur sé löglega til hans boðað. Stjórn skal leggja fyrir aðalfund fjölfaldaða ársskýrslu, ársreikninga og fjárhagsáætlun.

Dagskrá aðalfunda deilda skal vera sem hér segir:

1. Formaður deildarinnar setur fundinn.
2. Kosinn fundarstjóri.
3. Kosinn fundarritari.
4. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar.
5. Formaður leggur fram ársskýrslu deildarinnar.
6. Gjaldkeri leggur fram og útskýrir endurskoðaða reikninga, sem síðan eru bornir undir atkvæði.
7. Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun til afgreiðslu.
8. Stjórnarkjör:
   a. Kosinn formaður.
   b. Kosinn gjaldkeri.
   c. Kosinn ritari.
   d. Kosnir meðstjórnendur, eftir ákvörðun fundarins.
9. Önnur mál.

Á aðalfundi deilda ræður meirihluti atkvæða úrslitum allra mála. Kosning deildarstjórna skal vera skrifleg, ef þurfa þykir. Ef atkvæði eru jöfn skal kosið bundinni kosningu og fáist enn ekki úrslit skal hlutkesti ráða.

14. grein.
Vanræki einhver deild að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal framkvæmdastjórn félagsins boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

## 5. kafli - Aðalfundur Umf. Selfoss

15. grein.
Aðalfundur Umf. Selfoss fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfund skal halda eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Til aðalfundar skal boða með bréfi til stjórna allra deilda félagsins og auglýsingu í staðarblöðum með tveggja vikna fyrirvara og er hann löglegur ef löglega er til hans boðað. Allir félagar 16 ára og eldri hafa kjörgengi til aðalfundar og 18 ára og eldri til stjórnarstarfa í aðalstjórn. Allir félagar hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum félagsins og deilda þess. Aðalstjórn skal leggja fyrir aðalfund fjölfaldaða ársskýrslu félagsins, ársreikninga og fjárhagsáætlun næsta árs.

Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa eftirtaldir félagar:
1. Framkvæmdastjórn félagsins.
2. Formenn allra deilda félagsins.
3. Gjaldkerar allra deilda félagsins.
4. Auk þess samtals 30 fulltrúar deilda, sem kosnir eru á aðalfundi þeirra eða stjórn tilnefnir skv. ákvörðun aðalfundar deildarinnar, í réttu hlutfalli við iðkendur hverrar deildar á aldrinum 6-16 ára. Við ákvörðun hverjir séu iðkendur skal miðað við að iðkun sé regluleg, a.m.k. einu sinni í viku yfir tímabil sem sé að lágmarki 3 mánuðir á almanaksárinu, skv. skráningu í félagakerfi.

Hver félagi getur aðeins farið með eitt atkvæði. Hafi deild ekki haldið aðalfund eða sent fullgilt félagatal til aðalstjórnar á tilsettum tíma, eða ársreikningar deildar eru ekki samþykktir á aðalfundi hennar missa allir fulltrúar deildarinnar atkvæðisrétt á aðalfundi Umf. Selfoss.

Dagskrá aðalfundar Umf. Selfoss skal vera sem hér segir:
1. Formaður setur fundinn.
2. Kosinn fundarstjóri og einn til vara.
3. Kosinn fundarritari og einn til vara.
4. Kosin þriggja manna kjörbréfanefnd.
5. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar.
6. Formaður flytur ársskýrslu félagsins.
7. Gjaldkeri leggur fram reikninga til samþykktar.
8. Lagt fram álit kjörbréfanefndar.
9. Umræður um skýrslu formanns og gjaldkera og reikningar félagsins bornir upp til samþykktar.
10. Ávörp gesta.
11. Tillögur lagðar fyrir fundinn.
12. Verðlaunaafhending og lýst kjöri íþróttakarls og íþróttakonu Umf. Selfoss.
13. Kaffihlé.
14. Umræður og afgreiðsla tillagna.
15. Lagabreytingar.
16. Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun aðalstjórnar til samþykktar og deilda til staðfestingar.
17. Ákveðin árgjöld félagsins og deilda
18. Stjórnarkjör:
    1. Kosinn formaður.
    2. Kosinn gjaldkeri.
    3. Kosinn ritari.
    4. Kosnir tveir meðstjórnendur.
19. Kosnir tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
20. Kosning í jóla- og þrettándanefnd.
21. Önnur mál.

Heimilt er fundarstjóra að færa til dagskrárliði með samþykki fundarins.

16. grein.
Á aðalfundi félagsins ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála. Kosningar skulu vera skriflegar ef þurfa þykir. Séu atkvæði jöfn skal kjósa bundinni kosningu um þá menn að nýju. Verði atkvæði þá enn jöfn skal hlutkesti ráða.

17. grein.
Reikningsár félagsins og deilda þess er almanaksárið.

## 6. kafli - Aðalstjórn og framkvæmdastjórn.

18. grein.
Framkvæmdastjórn félagsins skipa fimm menn, formaður, gjaldkeri, ritari og tveir meðstjórnendur sem kjósa skal á aðalfundi félagsins ár hvert og mega þeir ekki einnig vera formenn deilda félagsins. Framkvæmdastjórn fer með hlutverk aðalstjórnar milli aðalstjórnarfunda.

19. grein.
Framkvæmdastjórn og formenn allra starfandi deilda, eða annar stjórnarmaður í forföllum fomanns, skipa aðalstjórn Umf. Selfoss. Aðalstjórn Umf. Selfoss fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála í aðalstjórn. Fyrsta fund aðalstjórnar skal boða innan 15 daga frá aðalfundi félagsins. Aðalstjórn skal að jafnaði funda mánaðarlega og skulu aðalstjórnarfundir tímasettir fyrir allt árið á fyrsta fundi eftir aðalfund. Halda skal sérstaka gjörðabók um aðalstjórnarfundi.

20. grein.
Aðalstjórn félagsins ber að framfylgja samþykktum aðalfundar, koma fram fyrir hönd félagsins, efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess í hvívetna. Hún hefur umráðarétt yfir öllum eignum félagsins og ræður starfsemi þess í aðalatriðum í samráði við deildarstjórnir. Alla sjóði félagsins skal ávaxta í banka eða sparisjóði. Kaup og sala fasteigna félagsins er bundin aðalfundarsamþykkt. Aðalstjórn tekur ákvörðun um skiptingu fjármagns sem félagið hefur aflað og staðið sameiginlega að. Heimilt er aðalstjórn og framkvæmdastjórn félagsins að skipa nefndir sem hún telur þörf á.

## 7. kafli - Heiðursviðurkenningar

21. grein.
Aðalfundur getur kosið heiðursfélaga Umf. Selfoss hvern þann sem unnið hefur afbragðs starf í þágu félagsins og er það æðsti heiður sem félagið veitir. Til kosningar heiðursfélaga þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi. Heiðursfélaga skal afhentur heiðursfélagafáni Umf. Selfoss með áletruðu nafni. Heiðursfélagar eru undanþegnir öllum gjöldum til félagsins.

22. grein.
Eftirtaldar viðurkenningar skulu veittar eftir ákvörðun aðalstjórnar Umf. Selfoss:
1. Björns Blöndal bikar skal veittur þeim manni eða konu innan félagsins eða utan, sem unnið hefur félaginu vel.
2. UMFÍ bikarinn, „deild ársins“. Bikarinn er veittur fyrir mesta félagslega starfið. Aðal- og framkvæmdastjórn er heimilt að veita merki félagsins fyrir gott starf í þágu félagsins.

23. grein.
Deildir félagsins velja íþróttakarl og íþróttakonu ársins hver í sinni grein, setja reglur þar um og veita verðlaun. Deildir skulu skila tilnefningum íþróttakarls og íþróttakonu Umf. Selfoss til aðalstjórnar eigi síðar en 31. desember. Með tilnefningum fylgi greinargerð um íþróttalegan árangur á árinu. Aðalstjórn félagsins skipar fimm manna valnefnd sem skal útnefna íþróttakarl Umf. Selfoss og íþróttakonu Umf. Selfoss. Hljóta þau til varðveislu farandgrip í eitt ár og að auki staðfestingargrip til eignar. Til greina koma eingöngu þeir sem tilnefndir hafa verið af deildum félagsins auk þeirra sem sem hafa náð framúrskarandi árangri þar sem ekki er starfandi deild.
Við valið skal tekið mið af eftirfarandi:
a) Alþjóðlegur árangur, landsárangur og árangur á héraðsvísu.
b) Íþróttakarl og íþróttakona Umf. Selfoss þurfa að hafa náð 14 ára aldri.
c) Stöðu viðkomandi íþróttagreinar.

## 8. kafli - Slit Umf. Selfoss

24. grein.
Ef félagið verður lagt niður verða eigur þess afhentar íþrótta- og tómstundanefnd Árborgar til varðveislu.

## 9. kafli - Lagabreytingar og gildistaka

25. grein.
Lögum þessum má eingöngu breyta á lögmætum aðalfundi félagsins og þarf til þess 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur til breytinga á lögum félagsins skal senda aðalstjórn eigi síðar en viku fyrir aðalfund og skulu þær vera undirritaðar af flutningsmönnum. Framkvæmdastjórn skal senda stjórnum deilda tillögur til lagabreytinga til kynningar a.m.k. 4 dögum fyrir aðalfund. Heimilt er þó að taka fyrir á aðalfundi tillögur til breytinga á lögum félagsins, sem síðar koma fram, ef það er samþykkt með 2/3 hlutum greiddra atkvæða.

26. grein.
Lög þessi öðlast þegar gildi og eru jafnframt eldri lög félagsins úr gildi fallin.

*Samþykkt á aðalfundi Umf. Selfoss hinn 28. apríl 2011.*

# Viðurkenningar

## Viðurkenningar á aðalfundi 18. apríl 2013

### Íþróttamaður ársins 2012

**Jón Daði Böðvarsson,** knattspyrna

### Íþróttakona ársins 2012

**Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir,** fimleikar

### Björns Blöndal bikarinn 2012

**Þórir Haraldsson**

### UMFÍ bikarinn
### - deild ársins 2012

**Fimleikadeild**

## Björns Blöndal bikarinn

| | |
|---|---|
| 2012 | Þórir Haraldsson |
| 2011 | Hallur Halldórsson |
| 2010 | Helgi S. Haraldsson |
| 2009 | Bergur Pálsson |
| 2008 | Þröstur Ingvarsson |
| 2007 | Jóhannes Óli Kjartansson |
| 2006 | Ragnheiður Thorlacius |
| 2005 | Sigríður Jensdóttir |
| 2004 | Bergur Guðmundsson |
| 2003 | Stefán Ólafsson |
| 2002 | Guðrún S. Þorsteinsdóttir |
| 2001 | Ólafur Ragnarsson |
| 2000 | Gylfi Þorkelsson |
| 1999 | Þórarinn Ingólfsson |
| 1998 | Ólafur Sigurðsson |
| 1997 | Svanur Ingvarsson |
| 1996 | Guðmunda Auðunsdóttir |
| 1995 | Garðar Gestsson |
| 1994 | Einar Jónsson |
| 1993 | Þórður G. Árnason |
| 1992 | Guðmundur Kr. Ingvarsson |
| 1991 | Gunnar Guðmundsson |
| 1990 | Smári Kristjánsson |
| 1989 | Gísli Á. Jónsson |
| 1988 | Aðalbjörg Hafsteinsdóttir |
| 1987 | Sveinn Á. Sigurðsson |
| 1986 | Ingvar Gunnlaugsson |
| 1985 | Bárður Guðmundsson |
| 1984 | Sigmundur Stefánsson |
| 1983 | Sigurður Jónsson |
| 1982 | Sigurður Ingimundarson |
| 1981 | Guðmundur Kr. Jónsson |
| 1980 | Kristján Jónsson |
| 1979 | Björn Gíslason |
| 1978 | Þórður Gunnarsson |
| 1977 | Hörður Óskarsson |
| 1976 | Páll Lýðsson |

Bikarinn var gefinn af eftirlifandi systkinum Björns Blöndal, þann 27. nóvember 1976. Bikarinn skal veittur þeim einstaklingi innan félagsins eða utan sem hefur unnið félaginu vel.

Um bikarinn segir í ársskýrslu Umf. Selfoss 1976: „Sýning var haldin á verðlaunagripum félagsins og nýútkominni afmælisbók og tókst sýning þessi vel. Þá gerðist það á sýningu þessari, að eftirlifandi systkini Björns Blöndal gáfu félaginu sérstakan HEIÐURSBIKAR - Björns Blöndal bikarinn - sem veita skyldi árlega (farandgripur):

1. Þeim manni eða konu innan félagsins eða utan - virkur í starfi og sem að dómi stjórnar og deilda hefur unnið félaginu vel.
2. Gefendur bjóðast til að láta letra á bikarinn nafn þess sem hlýtur hann ár hvert næstu 5 árin – eða til ársins 1981. Þá hlýtur og sá hinn sami heiðurspening til eignar. Um þetta sér Lárus Blöndal, bókaverslunin Skólavörðustíg 2, Reykjavík.
3. Afhenda skal bikarinn 7. des. ár hvert (afmælisdag Björns heitins)."

Björns Blöndal bikarinn hefur undanfarin ár verið afhentur á aðalfundi félagsins.

## UMFÍ bikarinn - Deild ársins

| | |
|---|---|
| 2012 | Fimleikadeild – Fyrir framúrskarandi árangur innanlands og utanlands |
| 2011 | Knattspyrnudeild - Fyrir öflugt starf meistaraflokka og unglingaráðs. |
| 2010 | Júdódeild - Fyrirmyndardeild ÍSÍ. |
| 2009 | Taekwondodeild - Fyrir útbreiðslu, foreldrastarf og Fyrirmyndardeild ÍSÍ. |
| 2008 | Knattspyrnudeild - Fyrir eflingu kvennaknattspyrnu og Fyrirmyndardeild ÍSÍ. |
| 2007 | Fimleikadeild - Fyrirmyndardeild ÍSÍ. |
| 2006 | Handknattleiksdeild - Fyrir stofnun handboltaakademíu og gott barna- og unglingastarf. |
| 2005 | Sunddeild - Fyrir gott starf við heimasíðuna og barna- og unglingastarf. |
| 2004 | Knattspyrnudeild v/yngri flokka. |
| 2003 | Handknattleiksdeild fyrir gott félagsstarf. |
| 2002 | Fimleikadeild |
| 2001 | Knattspyrnudeild |
| 2000 | Frjálsíþróttadeild |
| 1999 | Knattspyrnudeild |
| 1998 | Knattspyrnudeild |
| 1997 | Fimleikadeild |
| 1996 | Sunddeild |
| 1995 | Knattspyrnudeild |

UMFÍ-bikarinn er veittur þeirri deild sem sýnir mesta félagslega starfið innan Umf. Selfoss. Bikarinn var gefinn af Ungmennafélagi Íslands á aðalfundi Umf. Selfoss 26. febrúar 1996. Kom hann í stað Hafsteinsbikarsins sem var tekinn úr umferð þá.

## Hafsteinsbikarinn

Handhafar Hafsteins bikarsins frá upphafiÞ

| | |
|---|---|
| 1994 | Körfuknattleiksdeild |
| 1993 | Fimleikadeild |
| 1992 | Handknattleiksdeild |
| 1991 | Frjálsíþróttadeild |
| 1990 | Handknattleiksdeild |
| 1989 | Frjálsíþróttadeild |
| 1988 | Knattspyrnudeild |
| 1987 | Handknattleiksdeild |
| 1986 | Frjálsíþróttadeild |
| 1985 | Handknattleiksdeild |
| 1984 | Frjálsíþróttadeild |
| 1983 | Sunddeild |
| 1982 | Knattspyrnudeild |
| 1981 | Sunddeild |
| 1980 | Handknattleiksdeild |
| 1979 | Knattspyrnudeild |
| 1978 | Frjálsíþróttadeild |
| 1977 | Knattspyrnudeild |
| 1976 | Sunddeild |

Hafsteins-bikarinn var veittur þeirri deild sem sýndi mesta félagslega starfið. Bikarinn gaf Hafsteinn Þorvaldsson formaður UMFÍ félaginu að gjöf á aðalfundi þess 24. febrúar 1976,

## Heiðursfélagar, gull- og silfurmerkjahafar Umf. Selfoss

**Heiðursfélagar Umf. Selfoss**

| | |
|---|---|
| Bjarni Sigurgeirsson ✞ | 1.6. 1971 |
| Grímur Thorarensen ✞ | 1.6. 1971 |
| Guðmundur Jóhannsson ✞ | 1.6. 1971 |
| Guðmundur Geir Ólafsson ✞ | 1.6. 1976 |
| Hörður S. Óskarsson | 1.6. 1976 |
| Kolbeinn Ingi Kristinsson ✞ | 1.6. 1976 |
| Sigfús Sigurðsson ✞ | 1.6. 1976 |
| Sigurður Ingimundarson ✞ | 4.12. 1988 |
| Hafsteinn Þorvaldsson | 3.5. 2007 |
| Kristján S. Jónsson | 3.5. 2007 |
| Tómas Jónsson | 3.5. 2007 |

✞Látinn

**Gullmerkjahafar Umf. Selfoss**

| | |
|---|---|
| Bárður Guðmundsson | 1.6. 1986 |
| Björn Gíslason | 1.6. 1986 |
| Guðmundur Kr. Jónsson | 1.6. 1986 |
| Gylfi Þ. Gíslason | 1.6. 1986 |
| Hafsteinn Þorvaldsson | 1.6. 1986 |
| Helgi Björgvinsson | 1.6. 1986 |
| Hergeir Kristgeirsson | 1.6. 1986 |
| Hörður S. Óskarsson | 1.6. 1986 |
| Ingólfur Bárðarson | 1.6. 1986 |
| Kristján Jónsson | 1.6. 1986 |
| Páll Lýðsson | 1.6. 1986 |
| Sigurður Ingimundarson | 1.6. 1986 |
| Sigurður Jónsson | 1.6. 1986 |
| Arnold Pétursson | 30.12. 1989 |
| Garðar Jónsson | 30.12. 1989 |
| Sveinborg Jónsdóttir | 30.12. 1989 |
| Einar Jónsson | 1.6. 2011 |
| Elínborg Gunnarsdóttir | 1.6. 2011 |
| Gísli Árni Jónsson | 1.6. 2011 |
| Sveinn J. Sveinsson | 1.6. 2011 |

**Silfurmerkjahafar Umf. Selfoss**

| | |
|---|---|
| Guðmundur Geir Ólafsson | 1.6. 1971 |
| Helgi Ólafsson | 1.6. 1971 |
| Kolbeinn Ingi Kristinsson | 1.6. 1971 |
| Leifur Eyjólfsson | 1.6. 1971 |
| Sigfús Sigurðsson | 1.6. 1971 |
| Arnold Pétursson | 1.6. 1971 |
| Árni Erlingsson | 1.6. 1971 |
| Brynleifur Jónsson | 1.6. 1971 |
| Hafsteinn Sveinsson | 1.6. 1971 |
| Ingibjörg Sveinsdóttir | 1.6. 1971 |
| Ingólfur Bárðarson | 1.6. 1971 |
| Kristján Guðmundsson | 1.6. 1971 |
| Oddur Helgason | 1.6. 1971 |
| Sigurður Árnason | 1.6. 1971 |
| Sveinn J. Sveinsson | 1.6. 1971 |
| Bjarni Sigurjónsson | 1.6. 1986 |
| Diðrik Haraldsson | 1.6. 1986 |
| Elínborg Gunnarsdóttir | 1.6. 1986 |
| Einar Jónsson | 1.6. 1986 |
| Gísli Árni Jónsson | 1.6. 1986 |
| Gísli Magnússon | 1.6. 1986 |
| Guðmundur Kr. Ingvarsson | 1.6. 1986 |
| Hjalti Sigurðsson | 1.6. 1986 |
| Hugi Harðarson | 1.6. 1986 |
| Kári Jónsson | 1.6. 1986 |
| Kristján Már Gunnarsson | 1.6. 1986 |
| Marteinn Sigurgeirsson | 1.6. 1986 |
| Sigmundur Stefánsson | 1.6. 1986 |
| Sigurður Grétarsson | 1.6. 1986 |
| Sumarliði Guðbjartsson | 1.6. 1986 |
| Tryggvi Gunnarsson | 1.6. 1986 |
| Tryggvi Helgason | 1.6. 1986 |
| Vésteinn Hafsteinsson | 1.6. 1986 |
| Þórður Gunnarsson | 1.6. 1986 |
| Þórir Hergeirsson | 1.6. 1986 |
| Þráinn Hafsteinsson | 1.6. 1986 |
| Einar Guðmundsson | 1.6. 2011 |
| Guðbjörg Hrefna Bjarnadóttir | 1.6. 2011 |
| Guðmundur Tryggvi Ólafsson | 1.6. 2011 |
| Hallur Halldórsson | 1.6. 2011 |
| Helgi S. Haraldsson | 1.6. 2011 |
| Kristinn M. Bárðarson | 1.6. 2011 |
| Olga Bjarnadóttir | 1.6. 2011 |
| Ragnheiður Thorlacius | 1.6. 2011 |
| Sigríður Anna Guðjónsdóttir | 1.6. 2011 |
| Svanur Ingvarsson | 1.6. 2011 |
| Sveinn Jónsson | 1.6. 2011 |
| Þórarinn Ingólfsson | 1.6. 2011 |
| Þuríður Ingvarsdóttir | 1.6. 2011 |
| Þröstur Ingvarsson | 1.6. 2011 |
| Bergur Pálsson | 26.4.2012 |
| Kjartan Björnsson | 26.4.2012 |

## Formenn Umf. Selfoss frá upphafi

| | |
|---|---|
| 1936 | Vernharður Jónsson |
| 1937 | Björn Blöndal Guðmundsson |
| 1938-1942 | Grímur Thorarensen |
| 1943 | Sigfús Sigurðsson |
| 1944-1945 | Leifur Eyjólfsson |
| 1946 | Arnold Pétursson kosinn en baðst lausnar. Guðmundur Jónsson tók við. |
| 1947 | Leifur Eyjólfsson |
| 1948 | Helgi Ólafsson |
| 1949-1952 | Guðmundur Geir Ólafsson |
| 1953-1954 | Árni Guðmundsson |
| 1955 | Hafsteinn Sveinsson |
| 1956-1958 | Enginn kosinn en Kristján Guðmundsson stýrði. |
| 1959 | Grímur Thorarensen |
| 1960-1961 | Enginn kosinn. |
| 1962 | Hafsteinn Þorvaldsson |
| 1963 | Hörður S. Óskarsson |
| 1964 | Sigfús Sigurðsson |
| 1965-1969 | Kristján S. Jónsson |
| 1970-1976 | Hörður S. Óskarsson |
| 1977-1979 | Sigurður Jónsson |
| 1980-1982 | Sigmundur Stefánsson |
| 1983 | Gunnar Kristjánsson Bárður Guðmundsson tók við á miðju ári. |
| 1984-1989 | Björn Gíslason |
| 1990-1991 | Elínborg Gunnarsdóttir |
| 1992-1995 | Gísli Á. Jónsson |
| 1996 | Gísli Á. Jónsson Þórður G. Árnason tók við á miðju ári. |
| 1997-1998 | Þórður G. Árnason |
| 1999-2003 | Sigurður Jónsson |
| 2004-2007 | Þórir Haraldsson |
| 2008-2009 | Axel Þór Gissurarson |
| 2009-2011 | Grímur Hergeirsson |
| 2012-2013 | Kristín Bára Gunnarsdóttir |

## Íþróttamenn Umf. Selfoss frá upphafi

| | |
|---|---|
| 2012 | Jón Daði Böðvarsson og Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir |
| 2011 | Jón Daði Böðvarsson og Fjóla Signý Hannesdóttir |
| 2010 | Ragnar Jóhannsson og Guðmunda Brynja Óladóttir |
| 2009 | Sævar Þór Gíslason og Ágústa Tryggvadóttir |
| 2008 | Sævar Þór Gíslason og Katrín Ösp Jónasdóttir |
| 2007 | Sævar Þór Gíslason og Ágústa Tryggvadóttir |
| 2006 | Örn Davíðsson og Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir |
| 2005 | Örn Davíðsson og Linda Ósk Þorvaldsdóttir |
| 2004 | Hjalti Rúnar Oddsson og Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir |
| 2003 | Ívar Grétarsson |
| 2002 | Jóhann Ólafur Sigurðsson |
| 2001 | Jón Guðbrandsson |
| 2000 | Magnús Aron Hallgrímsson |
| 1999 | Friðfinnur Kristinsson |
| 1998 | Magnús Aron Hallgrímsson |
| 1997 | Sigríður Anna Guðjónsdóttir |
| 1996 | Ingólfur Snorrason |
| 1995 | Bjarni Skúlason |
| 1994 | Ingólfur Snorrason |
| 1993 | Sigurður Valur Sveinsson |
| 1992 | Einar Gunnar Sigurðsson |
| 1991 | Einar Gunnar Sigurðsson |
| 1990 | Einar Gunnar Sigurðsson |
| 1989 | Vésteinn Hafsteinsson |
| 1988 | Vésteinn Hafsteinsson |
| 1987 | Vésteinn Hafsteinsson |
| 1986 | Vésteinn Hafsteinsson |
| 1985 | Birgitta Guðjónsdóttir |
| 1984 | Tryggvi Helgason |
| 1983 | Tryggvi Helgason |
| 1982 | Tryggvi Helgason |
| 1981 | Tryggvi Helgason |
| 1980 | Hugi S. Harðarson |
| 1979 | Hugi S. Harðarson |
| 1978 | Hugi S. Harðarson |
| 1977 | Hugi S. Harðarson |
| 1976 | Steinþór Guðjónsson |

# Fundargerð aðalfundar Umf. Selfoss

*Aðalfundur Ungmennafélags Selfoss haldinn í félagsheimilinu Tíbrá fimmtudaginn 26. apríl 2012 kl. 20:00.*

1. Formaður félagsins, Grímur Hergeirsson, setti fundinn og bauð fundarmenn og gesti velkomna.

2. Fundarstjóri var kosninn Guðmundur Kr. Jónsson og Örn Guðnason til vara.

3. Fundarritarar voru kosnin Svanur Ingvarsson og Sandra D. Gunnarsdóttir.

4. Í kjörbréfanefnd voru kosin Sveinbjörn Másson, Hróðný Hanna Hauksdóttir og Ingunn Guðjónsdóttir.

5. Fundargerð síðasta aðalfundar var lögð fram og samþykkt.

6. Formaður flutti ársskýrslu félagsins.
Grímur Hergeirsson flutti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu atriði síðasta árs í deildunum og helstu viðburði á vegum félagsins. Í máli hans kom skýrt fram hversu blómlegt og fjölbreytt starfið er og hversu vel afmælisnefndin skipulagði 75 ára afmælisár félagsins. Færði formaður henni sérstakar þakkir. Að lokum nefndi hann að nærri 2000 iðkendur væru nú við æfingar hjá félaginu og þakkaði allt það sjálfboðaliðastarf sem fjöldi fólks vinnur fyrir UMFS.

7. Gjaldkeri leggur fram reikninga félagsins.
Örn Guðnason framkvæmdastjóri fór yfir helstu tölur ársreikninga félagsins. Í máli hans kom fram að staða félagsins væri góð og í raun gengið vel þrátt fyrir efnahagsþrengingar og niðurskurð.

8. Sveinbjörn Másson lagði fram álit kjörbréfanefndar og fór yfir mætingu fulltrúa. Alls voru mættir 50 fulltrúar af 51 sem áttu rétt til setu á fundinum. Sá sem vantaði mætti síðar á fundinn.

9. Engar umræður urðu um skýrslu formanns né reikninga félagsins, sem voru samþykktir samhljóða.

10. Ávörp gesta.

Grímur Arnarson, formaður íþrótta- og tómstundanefndar Árborgar, tók til máls og bar kveðjur hreppsnefndar eins og hann orðaði það. Hann hvatti menn til dáða og sagði mikilvægt að halda áfram að fara vel með féð, það væri mikilvægt allra hluta vegna. Þá þakkaði hann Grími Hergeirssyni fráfarandi formanni UMFS fyrir vel unnin störf sem og öllum þeim sjálfboðaliðum sem koma að starfi félagsins. Að lokum minntist hann á stórmótin framundan á Selfossi og að hér værum við með eina bestu aðstöðu á landinu.

Sigríður Jónsdóttir í framkvæmdastjórn ÍSÍ kom til að afhenda Mótokrossdeildinni viðurkenningu sem fyrirmyndardeild ÍSÍ og kvað alltaf jafn ánægjulegt að koma á aðalfund UMFS því hér væri mikið og gott starf. Í máli hennar kom fram að nú væru allar deildir UMFS fyrirmyndardeildir og að gæðastarfið væri mikið gæfuspor íþróttastarfi landsins. Hún afhenti síðan Magnúsi Ragnari Magnússyni, formanni  Mótorkrossdeildarinnar ?,viðurkenningu og fána verkefnisins.

Guðríður Aadnegard formaður HSK þakkaði boðið og bar kveðjur frá Engilberti Olgeirssyni framkvæmdastjóra HSK. Hún ræddi að hlúa þyrfti að starfinu með forvarnargildið í fyrirrúmi og að Umf. Selfoss hefði gengið vel að skapa þessa umgjörð þrátt fyrir þrengingar. Umgjörðin á Selfossi væri glæsileg og Unglingalandsmótið í sumar væri mikilvægt og hún hvatti alla til þátttöku og starfa. Með því að vanda allt starf í sumar yrðu lögð drög að glæsilegu Landsmóti 2013.

Hafsteinn Þorvaldsson, heiðursfélagi, tók til máls og fagnaði því að nú væru allar deildir UMFS fyrirmyndardeildir. Einnig fjárhagsstöðu félagsins og uppbyggingu sveitarfélagsins á aðstöðu. Hann hvatti menn til áframhaldandi dáða við að halda uppi merki félagsins og sagði samstarf UMFS og HSK mikilvægt. Þakkaði allt og allt og mun halda upp á 81. árs afmælið í Tékklandi um helgina.

Ásta Stefánsdóttir framkvæmdastjóri sveitarfélagsins Árborgar færði Mótorkrossdeildinni hamingjuóskir í tilefni viðurkenningar sem fyrirmyndardeild ÍSÍ. Hún mun vegna þessa færa deildinni veglegan styrk frá sveitarfélaginu á næstunni.

11. Tillögur lagðar fyrir fundinn.
Formaður las upp tillögurnar.
Framkvæmdastjóri vakti sérstaka athygli á tillögu 4 sem varðar Unglingalandsmótið í sumar.

*Tillaga 1.*
*Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 26. apríl 2012 þakkar öllum þeim sem stutt hafa starf félagsins á árinu með þátttöku í starfinu og setu í stjórnum, ráðum og nefndum.*
*Einnig stuðningsaðilum, fyrirtækjum, Sveitarfélaginu Árborg, foreldrum og öðrum sem unnið hafa að framgangi félagsins.*

*Tillaga 2.*
*Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 26. apríl 2012 þakkar bæjarstjórn Árborgar veittan stuðning við starfsemi félagsins. Sérstakar þakkir eru færðar vegna framlags til fyrirmyndar-deilda, barna- og unglingastarfs og meistaraflokka.*

*Tillaga 3.*
*Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 26. apríl 2012 fagnar þeim árangri sem Sveitarfélagið Árborg hefur náð við uppbyggingu á íþróttasvæðinu við Engjaveg. Íþróttavallarsvæðið er mjög glæsilegt og á eftir að verða með þeim bestu á landinu. Vel og skipulega hefur verið unnið að uppbyggingunni þar sem Ungmennafélagið og stofnanir sveitarfélagsins hafa unnið saman í samráðshópi. Skorað er á Sveitarfélagið að ljúka sem fyrst þeim áföngum sem eru eftir. Má þar nefna yfirborðsfrágang á svæðinu, malbikun bílastæða, byggingu áhaldahúss og áhorfenda-aðstöðu við frjálsíþróttavöll o.fl.*
*Þá er bent á nauðsyn þess að gera áætlanir um byggingu knattspyrnuhúss í fullri stærð, endurbætur sundlaugarmannvirkja, endurbætur í íþróttahúsi Vallaskóla, ásamt framtíðaraðstöðu fyrir júdó, taekwondo, mótokross og lyftingar. Auk þess sem fyrirsjáanlegt er að þrátt fyrir tilkomu íþróttahúss við Sunnulækjarskóla munu íþróttahús á staðnum ekki fullnægja þörfum félagsins fyrir æfingaaðstöðu innanhúss.*

*Tillaga 4.*
*Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 26. apríl 2012 hvetur aðildarfélaga sína til að taka myndarlega þátt í 15. Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið verður á Selfossi 3.-5. ágúst 2012.*

*Tillaga 5.*
*Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 26. apríl 2012 samþykkir að efna til átaks innan félagsins þar sem munntóbaksnotkun verði stranglega bönnuð í öllu starfi félagsins. Jafnframt verði aukin fræðsla um skaðsemi tóbaks- og vímuefnanotkunar*
*Áfengi, tóbak eða önnur vímuefnanotkun á aldrei heima á íþróttakeppnum eða öðrum íþrótta-tengdum viðburðum. Á þetta við um hvort sem umiðkanda, þjálfara eða fararstjóra er að ræða, í ferðum á vegum félagsins eða á heimavelli.*

*Tillaga 6.*
*Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 26. apríl 2012 samþykkir að árgjald félagsins fyrir árið 2012 verði 2.000 kr.*

*Tillaga 7.*
*Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 26. apríl 2012 samþykkir að fela aðalstjórn félagsins að semja og innleiða siðareglur fyrir félagið.*

12. Verðlaunaafhending
- Formaður og framkvæmdastjóri afhentu viðurkenningar.

Jón Daði Böðvarsson knattspyrnumaður fékk afhentan bikar sem íþróttakarl Umf. Selfoss 2011 og Fjóla Signý Hannesdóttir frjálsíþróttakona fékk bikar sem íþróttakona Umf. Selfoss 2011 en systir hennar veitti bikarnum viðtöku í fjarveru Fjólu Signýjar.

- Hallur Halldórsson fékk afhentan Björns Blöndals bikarinn fyrir framúrskarandi störf í þágu félagsins.
- Knattspyrnudeild fékk afhentan UMFÍ bikarinn sem deild ársins.
- Silfurmerki félagsins voru veitt til tveggja félaga; Bergs Pálssonar og Kjartans Björnssonar.

Kaffihlé

13. Umræður og afgreiðsla tillagna.
Engar umræður urðu um fram komnar tillögur og voru þær síðan allar samþykktar samhljóða.

14. Lagabreytingar.
Engar tillögur bárust.

15. Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun aðalstjórnar til samþykktar og deilda til staðfestingar.
Fjárhagsáætlanir hafa þegar verið samþykktar og voru staðfestar.

16. Ákveðin árgjöld félagsins og deilda.
Þegar afgreitt í tillögu 6.

17. Stjórnarkjör.
Eftirfarandi tillaga um skipan stjórnar var samþykkt samhljóða:
Formaður: Kristín Bára Gunnarsdóttir
Gjaldkeri: Jóhannes Óli Kjartansson
Ritari: Viktor S. Pálsson
Meðstjórnendur: Hróðný Hauksdóttir og Sveinn Jónsson.

Eftirfarandi tillaga um tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara var samþykkt samhljóða:
Brynja Hjálmtýsdóttir og Helga Baldursdóttir.
Til vara: Snorri Sigurfinnsson og Ólafur Ragnarsson.

Eftirfarandi tillaga um skipan jólasveina- og þrettándanefndar var samþykkt: Svanur Ingvarsson, Þröstur Ingvarsson, Guðmundur Ingvarsson og Þórarinn Ingólfsson.

18. Önnur mál.

Kristín Bára Gunnarsdóttir nýkjörinn formaður tók til máls. Hlakkar til starfsins og treystir á góða samvinnu.

Grímur Hergeirsson formaður óskaði verðlaunahöfum og nýkjörinni stjórn til hamingju. Þakkaði fráfarandi ritara Söndru D. Gunnarsdóttur samstarfið en hún hefur verið ritari félagsins í 4 ár. Ræddi um hve mikilvægt sé að fá nýtt fólk til starfa og það þurfi kjark til að takast á við þessi störf. Þakkaði Erni framkvæmdastjóra, Hansínu bókara og öðrum fyrir samstarfið sl. 2 ár.

Björn Gíslason, fyrrverandi formaður, færði nýkjörinni stjórn hamingjuóskir og þakkir til fráfarandi stjórnar. Hann

brýndi menn fyrir Unglingalandsmótið og hve mikilvægt það væri að vel takist til. Hvatti stjórnina til að hafa sérstakan hreinsunardag við íþróttasvæðin og að allir tækju einnig til heima hjá sér og við tækjum vel á móti gestunum. Einnig þyrftum við í tengslum við Landsmótið að huga vel að umferðastjórnun og nýta vel tækifærin til að veita þjónustu. Þá væri upplagt tækifæri að setja upp sýningu frá Ólympíuförum okkar í myndum og munum í tengslum við landsmótin. Lýsti ánægju sinni með félagið, gott samstarf karla og kvenna og þann kraft sem einkennir það.

Örn Guðnason, framkvæmdastjóri félagsins, tók til máls og bauð nýja félaga velkomna í stjórn og þakkaði Söndru og Grími, fráfarandi stjórnarmönnum, fyrir samstarfið. Í máli hans kom fram að verið væri að undirbúa sýningu tengda Ólympíuförum Suðurlands í byggðasafninu á Eyrarbakka. Hann hvatti menn til að vera duglegir við að nýta sér heimasíðuna og skrifa fréttir um keppnir og starfið almennt. Hvatti til þess að deildirnar haldi áfram um fjármál sín af ábyrgð og festu. Nú sé unnið að því að félagið verði fyrirmyndarfélag ÍSÍ, þar sem allar deilirnar hafa fengið þessa viðurkenningu. Þá ræddi hann um „veislurnar“ sem verða hér í sumar, fótboltinn með tvö lið í úrvalsdeild og öll bestu lið landsins muni koma hér í sumar og auðvitað Unglingalandsmótið, þar sem hann hvatti alla til þátttöku í þessu frábæra tækifæri. Einkunarorð okkar allra verði; Með bros á vör! Þannig muni allt ganga vel.

Fundarstjóri, Guðmundur Kr. Jónsson tók til máls og varpaði fram þeirri hugmynd að setja myndir af stjórnarfólki á innsíðu árskýrslunnar auk árafjölda í stjórn. Hann minntist einnig á landsmótið framundan og að hér væri flottasta aðstaða á landinu.

Grímur Hergeirsson afhenti formlega nýkjörnum formanni, Kristínu Báru Gunnarsdóttur, lykla af Tíbrá.

Að lokum tók fundarstjóri til máls, færði nýrri stjórn árnaðaróskir og sleit fundi.

*Fundi slitið kl. 22:38.*
*SI/SDG/ÖG*




Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratugareynslu í þjónustu við sveitarfélög og hefur víðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra og þörfum. Þannig getum við ávallt tryggt sveitarfélögum landsins þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Rósa Júlía Steinþórsdóttir hefur veitt sveitarfélögum og opinberum aðilum fjármálaþjónustu í meira en 10 ár.

Rósa Júlía er viðskiptastjóri sveitarfélaga hjá Íslandsbanka.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki